


FLE BLAÐIÐ



Félag löggiltra
endurskoðenda

Janúar 2013

1. tölublað
35. árgangur

***Hvaða áhrif hafa veiðigjöldin
á virðisrýrnun aflaheimilda?***

***Gæðaeftirlit, verklag, mat
og samræming***

***Einyrkjar í stétt endurskoðenda
og alþjóðlegir staðlar***



RSK 50 ára
Félagsmenn erlendis
Hinn dæmigerði endurskoðandi



Útg: Félag löggiltra endurskoðenda ©

Greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en annað efni er á ábyrgð kynningarnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarréttshafa.

Vinnsla blaðsins

Kynningarnefnd FLE:

Guðrún Torfhildur Gísladóttir
Dýri Guðmundsson
Ólafur Már Ólafsson
Arnar Már Jóhannesson

Prentun: Guðjón Ó

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Janúar 2013 35. árgangur 1. tölublað



Skrifstofa FLE

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

dk hugbúnaður

Heildarlausnir í viðskiptahugbúnaði fyrir íslenskt atvinnulíf

dk Viðskiptahugbúnaður

Sannkölluð heildarlausn fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Kerfið býður upp á fjárhags-, sölu-, innkaupa-, launa- og verkbókhald og hótélbókanir svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess er til staðar fjöldinn allur af sérlausnum fyrir mismunandi atvinnuvegi.

dk POS afgreiðslukerfið

Eitt öflugasta afgreiðslukerfið á markaðinum í dag. Kerfið er einstaklega notendavænt og býður upp á nákvæmar greiningar í bakvinnsluhlutanum sem gefa stjórnendum nákvæmar upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins.

dk Framtal

Kerfið er hannað með það að markmiði að auðvelda alla framtalsgerð og er hugsað fyrir fagaðila svo sem endurskoðunar- og bókhaldsstofur. Í dag eru framtöl fyrirtækja nær eingöngu unnin í dk Framtalsforritinu. Mikil og góð reynsla er komin á kerfið, en á næsta ári kemur það út í fjórtánda skiptið og árlega bætast nýir notendur í hópinn.

dkVistun

dkVistun er kerfisleiga dk hugbúnaðar og er alhliða lausn í hýsingu forrita og gagna.



Veljum íslenskan hugbúnað

hugbúnaður

Efni blaðsins:

Fylgt úr hlaði.....	1
Af stjórnarborði.....	2
Starfsemi FLE.....	4
Löggildingarpróf og nýir félagar 2013.....	6
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE.....	6
Hvaða áhrif hafa veiðigjöldin á virðisryrnun aflaheimilda?.....	7
Hver ræður?.....	12
Hinn dæmigerði endurskoðandi!.....	14
Innleiðing Descartes endurskoðunarhugbúnaðarins á Íslandi.....	15
Félagsmenn erlendis.....	17
Gæðæftirlit, verklag, mat og samræming.....	22
Reikningsár fyrirtækja ættu að vera mismunandi.....	23
Af vettvangi siðareglna.....	25
Endurskoðunarnefndir.....	27
Af hverju og hvað svo?.....	29
Golfannáll endurskoðenda sumarið 2012.....	30
Samsköttun félaga.....	33
RSK 50 ára.....	38
Tollstjóri + RSK = vextir.....	42
Til hamingju með afmælið árið 2013.....	43
Einyrkjar í stétt endurskoðenda og alþjóðlegir staðlar.....	44
Skiptistörf.....	48

Fylgt úr hlaði

Frá kynningarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Það er komin hefð fyrir því að FLE blaðið sé gefið út í upphafi árs, þegar niðurstöður löggildingarprófa liggja fyrir þannig að hægt sé að kynna nýja endurskoðendur í blaðinu.

Eins og áður samanstendur efni blaðsins af greinum sem tengjast endurskoðunarfaginu, ásamt efni tengdu félagsstarfi og félagsmönnum. Leitað hefur verið til félagsmanna og aðila utan stéttarinnar auk þess sem félagsmenn voru hvattir til að senda inn greinar til birtingar í blaðinu.



Glaðbeitt Kynningarnefnd frá vinstri: Guðrún Torfhildur, Ólafur, Dýri og Arnar Már.

Meðal efnis í blaðinu er grein frá formanni FLE og önnur frá framkvæmdastjóra. Margar faggreinar eru í blaðinu, t.d grein um hvaða áhrif veiðigjöld hafa á virðisryrnunarpróf aflaheimilda, grein um einyrkja og alþjóðlega staðla, grein um samsköttun félaga, grein um nýjan staðal um samstæðureikningsskil, grein um reikningsár fyrirtækja og grein um dráttarvexti á inneignir í virðisaukaskatti. Þá er einnig grein sem fjallar um ráðningu nema og eftirfylgni á námstíma, grein um Descartes endurskoðunarkerfið, grein um væntanlegar breytingar á siðareglum FLE, grein um endurskoðunarnefndir og lokum grein frá Ríkisskattstjóra en stofnunin varð 50 ára þann 1. október 2012. Hluti blaðsins er lagður undir umfjöllun um félagsstarfið og er golfannállinn orðinn fastur liður. Auk þess eru frásagnir af félagsmönnum sem starfa erlendis og ekki má gleyma könnun sem varð gerð til að komast að því hvernig hinn dæmigerði endurskoðandi er.

Kynningarnefnd vonar að lesendur hafi gagn og gaman af efni blaðsins og færir öllum þeim sem komu að útgáfu blaðsins bestu þakkir fyrir þeirra framlag.

Janúar 2013

Guðrún Torfhildur Gísladóttir, Dýri Guðmundsson, Ólafur Már Ólafsson og Arnar Már Jóhannesson.



Af stjórnarborði

Sigurður Páll Hauksson er formaður FLE

Strax í upphafi starfsársins 2011/12 ákvað nýkjörin stjórn að leggja áherslu á nokkur atriði auk hefðbundinna verkefna. Helstu áhersluatriði á liðnu starfsári, voru:

- Aukin áhersla á samskipti, formleg og óformleg, við opinbera aðila sem vinna að eða tengjast málefnum endurskoðenda.
- Aukið samstarf við háskólana m.a. á sviði menntunar endurskoðenda.
- Breyting á fyrirkomulagi gæðaeftirlits.
- Kynning á starfi FLE og málefnum endurskoðenda út á við.
- Sinna málefnum nema sem á síðasta aðalfundi fengu sérstaka aðild að FLE.
- Bæta rekstur félagsins sjálfs og styrkja fjárhagsstöðu þess.

Að mínu viti hefur okkur orðið nokkuð ágengt þó svo að flest þessara verkefna séu þess eðlis að þeim ljúki aldrei.

Engin breyting varð á stjórn félagsins á aðalfundi félagsins 2. nóvember s.l., en í framhaldi af honum hélt stjórnin ásamt formönnum nefnda félagsins skipulags og verkefnafund. Á þeim fundi var ýmsum hugmyndum velt upp um möguleg verkefni og áherslur félagsins til framtíðar. Stjórn félagsins mun halda

áfram að leggja áherslu á þau atriði sem lagt var upp með á fyrra starfsári, en jafnframt vinna úr og taka mið af þeim frjóu og gagnlegu hugmyndum sem komu fram á skipulags og verkefnafundinum.

Reglubundin samskipti við opinbera aðila eins og ráðuneyti, RSK, FME, Ríkisendurskoðun og háskólana eru mikilvægur liður í starfi FLE. Þessi tengsl má þróa enn frekar, m.a. eins og farið var yfir á síðasta morgunverðarfundi í október þar sem kynnt var hugmynd að samskiptareglum endurskoðenda og FME. Samskipti sem þessi hafa og munu verða félagsskap okkar til hagsbóta.

Aukin áhugi á atburðum félagsins í fjölmiðlum sýnir að FLE og endurskoðendur taka virkan þátt í þeim málefnum sem brenna heitast á stéttinni hverju sinni. Tengsl okkar við Norræna endurskoðendasambandið (NRF) og Evrópusamtök endurskoðenda (FEE) hafa komið að góðum notum í þessu samhengi.

Eins og lög kveða á um þá ber Endurskoðendaráð ábyrgð á skipulagi gæðaeftirlitsins, en FLE kemur einungis að framkvæmdinni eftir forskrift Endurskoðendaráðs. Eðli málsins samkvæmt er óraunhæft að ætla að slíkt eftirlit virki svo allir séu sáttir frá fyrsta degi.



Frá stjórnarfundum FLE: Auður Ósk Þórisdóttir, Ama G. Tryggvadóttir, Sigurður Páll Hauksson, Sturla Jónsson, Friðbjörn Björnsson og Sigurður B. Arnþórsson



Formaður með kæðjuna góðu á aðalfundi FLE í nóvember 2012. Við hlið hans situr Knútur Þórhallsson fundarstjóri.

Vissulega er mikilvægt fyrir okkur sem stétt að vera með skilvirkt gæðaeftirlit. Það eflir traust á verkum okkar til framtíðar og verndar stéttina sem slíka til lengri tíma. Skipulag og framkvæmd þarf að vera með sem hagkvæmustum hætti, áhersla lögð á aðalatriði en ekki aukaatriði og meiri áhersla lögð á áhættumeiri félög út frá samfélagslegu sjónarmiði. Vafalaust á gæðaeftirlitið í höndum Endurskoðendaráðs eftir að þróast enn frekar og ef til vill getum við lært eitthvað að frændum og vinum okkar Norðmönnum í þessum efnum, en þar á bæ hafa þeir skipt eftirlitinu í tvennt: Annars vegar er þar um að ræða samfélagslega mikilvæg verkefni eins og einingar tengdar almannahagsmunum (PIE) en þau gangast undir eftirlit hjá opinberum aðilum, þ.e. norska fjármálaeftirlitinu. Hins vegar eru minni félög sem yfirfarin eru af fagfélaginu sjálfu. Yfirveguð umræða í okkar hópi um gæðamál og gæðaeftirlit er nauðsynleg á þeirri leið að ná fram niðurstöðu sem sáttt ríkir um.

Erlent samstarf er afar mikilvægt svo litlu félagi sem okkar, m.a. vegna þess að okkur er gert að starfa eftir alþjóð-

legum stöðlum bæði hvað varðar reikningsskil og endurskoðun og ekki síður í ljósi þeirra breytinga og krafna sem Evrópusambandið hyggst setja fram. Það er okkur því nauðsynlegt að fylgjast vel með til að geta myndað okkur skoðun og haft áhrif á umræðuna hér heima, innan félags og á opinberum vettvangi. Á rétt rúmu ári hefur félagið fengið hingað til landsins forseta FEE og framkvæmdastjóra FEE og forseta Alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC) og framkvæmdastjóra NRF til þess að flytja erindi á ráðstefnum sem félagið hefur staðið fyrir. Samstarfið hefur jafnframt leitt í ljós að endurskoðendur í löndunum í kring glíma við sömu verkefni og við „is audit an audit!“ og svo framvegis.

Öllum má ljóst vera að umfang og umsvif félagsins hefur vaxið umtalsvert á síðastliðnum árum og ekki sist með tilkomu nýrra laga um endurskoðendur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009. Margt í starfsemi FLE endurspeglar óskir félagsfólks um aukin umsvif og starfsemi innan félagsins, atriði sem komu fram í stefnumótunarvinnu félagsins á sínum tíma og árlegum skipulags og verkefnafundum. Þess má jafnframt geta að á síðasta áratug hefur félagsfólki fjölgað um rúmlega 60% eða úr um 250 í 401 og konur þar af úr 40 í 93 eða um 130%.

Ég vil þakka stjórn FLE, þeim Auði, Örnunni, Friðbirni og Sturlu, fyrir mjög gott samstarf á liðnu ári. Jafnframt vil ég þakka öllum nefndum félagsins fyrir gott og fórnfúst starf og þá sérstaklega formönnum nefnda sem bera hitann og þungann af nefndarstörfum. Framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra, þakka ég gott og ánægjulegt samstarf. Öllu félagsfólki þakka ég svo samstarfið á árinu sem leið og óska ykkur farsældar á nýju ári.

Sigurður Páll Hauksson



Auðsjáanlega eitthvað skemmtilegt í gangi



Starfsemi FLE

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Félag löggiltra endurskoðenda gegnir mikilvægu hlutverki fyrir félagsmenn og stéttina sem heild. Þar fyrir utan hefur félagið ákveðnu hlutverki að gegna bæði gagnvart hinu opinbera sem og endurskoðendum, eins og kveðið er sérstaklega á um í lögum. Því gegna hinar ýmsu nefndir félagsins mikilvægu hlutverki í allri starfsemi þess. Undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður á að allar nefndir hafa fastan fundartíma einu sinni í mánuði í húsakynnum félagsins sem hefur leitt til mun betra skipulags við nefndarstörf. Þar fyrir utan hafa nefndirnar fundað eftir þörfum ef ákveðin verkefni hafa legið fyrir. Að öðrum nefndum ólöstuðum þá hefur starf Gæðanefndar FLE verið félaginu ómetanlegt en nefndin hélt 23 fundi á síðasta starfsári. Þess má geta að allt nefndarstarf er í sjálfböðavinnu og ber að skoða umfang þeirrar starfsemi sem fer fram á vettvangi félagsins í ljósi þess.

Viðburðir

Félagið stóð fyrir 29 atburðum á starfsárinu sem veittu samtals 63 endurmenntunareiningar. Lætur því nærri að boðið hafi verið upp á endurmenntun eða fræðslu aðra hverja viku allan ársins hring. Þar ber hæst ráðstefnuhald félagsins og skal þá helst nefna haustráðstefnuna sem haldin er í tengslum við aðalfund félagsins. Í samræmi við óskir félagsmanna var áfram haft vinnustofufyrirkomulag á haustráðstefnunni, en samkvæmt sérstakri könnun voru um 70% þeirra sem tóku þátt í haustráðstefnunni í fyrra ánægðir með fyrirkomulagið.

Almennt voru viðburðir á vegum félagsins á liðnu starfsári vel sóttir, en heildarmæting var um 1850 manns. Þegar heildarmætingin er skoðuð í ljósi fjölda félagsmanna lætur nærri að hver félagsmaður hafi sótt að meðaltali um 5 viðburði á starfsárinu og verður það að teljast harla gott.

Samstarf

Á liðnu starfsári hefur stjórn félagsins lagt mikla áherslu á aukið samstarf við hina ýmsu hagsmunaaðila sem tengjast störfum okkar á einhvern hátt. Þar vil ég fyrst nefna aukið samstarf við atvinnuvegaráðuneytið sem hefur með málefni stéttarinnar að gera innan stjórnsýslunnar. Það má segja að með tilkomu skýrslu um ársreikningalögin sem félagið afhenti ráðuneytinu í nóvember á síðastliðnu ári hafi FLE gefist tækifæri á frekari samskiptum við ráðuneytið um hin ýmsu málefni og hugmyndir um fyrirhugaðar lagabreytingar, áður en slíkt birtist í frumvarpsformi. Þá hefur okkur tekist að koma á framfæri ýmsum málefnum sem snerta störf okkar sem og

miðlað umræðu og gögnum af erlendum vettvangi sem FLE aflar sér og ráðuneytið að öllu jöfnu hefur ekki haft aðgang að. Nægir þar að nefna málefni stéttarinnar sem á vettvangi Evrópusambandsins hafa verið til umræðu, skoðunar og yfirferðar hjá FEE - Evrópusambandi endurskoðenda.

Síðastliðið sumar hafði félagið frumkvæði að því að óska eftir fundi með FME í þeim tilgangi að skapa ákveðinn samstarfs-vettvang þar sem til umræðu væru þau málefni sem tengdust störfum endurskoðenda sem og þeim kröfum sem FME gerir til okkar. Þetta samstarf hefur farið vel af stað og gerir félagið sér vonir um að sú þróun haldi áfram.

Á liðnu starfsári hafði félagið jafnframt frumkvæði að því að óska eftir sérstökum fundum með HR og HÍ. Á þessum fundum lýsti félagið sig reiðubúið til að vera skólunum til ráðgjafar varðandi námið sem og að þróa með þeim hugmyndir til framtíðar varðandi menntun endurskoðenda og hvernig skólarnir geti stutt við endurmenntun stéttarinnar. Þessar hugmyndir hafa farið vel af stað og má geta þess til fróðleiks að báðir skólarnir munu notast við Descartes hugbúnaðinn við kennslu nú í vetur.

Síðast en ekki síst hefur félagið reynt í auknum mæli að koma á framfæri við fjölmiðla þeim atriðum sem eru til umfjöllunar á vettvangi félagsins bæði með fréttatilkynningum og með því að bjóða fjölmiðlamönnum á ráðstefnur félagsins og gefa þeim þannig tækifæri til að taka viðtöl við þá mætu erlendu gesti sem flutt hafa fyrirlestra hjá okkur. Í þessu samhengi vil ég sérstaklega geta um blaðaviðtal annars vegar við forseta FEE síðastliðinn vetur og svo hins vegar við framkvæmdastjóra FEE núna í haust.

Endurmenntun

Í lok þessa árs lýkur fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabili endurskoðenda á grundvelli laga um endurskoðendur. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mun leggja fram frumvarp um breytingar á lögum 79/2008 um endurskoðendur á yfirstandandi þingi. Þar má m.a. vænta einhverra breytinga hvað varðar endurmenntun og í ljósi þess þá mun Menntunarnefnd félagsins taka til skoðunar reglugerð um endurmenntun endurskoðenda, að fenginni reynslu síðastliðinna þriggja ára.

Í þessu samhengi verður einnig tekinn til skoðunar endurmenntunargrunnur félagsins, á innri vef heimasíðu FLE og



Áhugasamir nemar á spjallstofu – Ásbjörn Björnsson spjallar um skattamál

hann gerður mun aðgengilegri og opnari fyrir félagsmenn hvað varðar innskráningu endurmenntunar. Þar verður höfð að leiðarljósi sú staðreynd að félagsmenn bera sjálfir ábyrgð á endurmenntun sinni, en félagsins er að halda námskeið og ráðstefnur sem fullnægja endurmenntunarkröfum laganna og í samræmi við óskir félagsmanna. Félagið mun eins og hingað til veita félagsmönnum þá þjónustu að halda utan um alla þeirra endurmenntun, hvort sem er á vettvangi FLE eða þriðja aðila, enda ber félaginu að halda skrá yfir endurmenntun og senda Endurskoðendaráði, í samræmi við reglugerð þar um.

Nemaaðild

Það sögulega skref var stigið á aðalfundi fyrir um ári síðan, að opna félagið fyrir nemum í endurskoðun. Í framhaldi af því var boðað til kynningarfunda með nemum og þeim boðin aðild að félaginu. Jafnframt var stofnaður samráðshópur úr þeirra hópi til þess að vera vettvangur fyrir félagið til að ræða óskir þeirra og væntingar með félagsaðild. Fyrir utan að standa fyrir yfirferð löggildingarprófa þá var tekin upp sú nýbreytni að halda sérstakt námskeið þar sem farið var yfir ýmis praktísk atriði varðandi undirbúning fyrir löggildingarprófið sjálft og var það opið fyrir alla. Á þetta námskeið mættu um 30 endurskoðunarnemar og þótti það takast vel. Síðastliðið haust stóð félagið síðan fyrir svokölluðum spjallstofum fyrir þá endurskoðunarnema sem eru félagsmenn í FLE. Haldnar voru þrjár slíkar stofur í húsakynnum félagsins þeim að kostnaðarlausu og skapaðist þar vettvangur fyrir góðar umræður, en fulltrúar fagnefnda mættu á spjallstofurnar. Mikil ánægja var meðal nema með þennan vettvang til skoðanaskipta og standa væntingar félagsins til þess að áframhald verði á þessu fyrirkomulagi.

Ýmis verkefni

Síðaeftirtektin hefur verið að vinna að „vegvísi fyrir kaupendur endurskoðunarþjónustu“. Þar er fjallað almennt um störf endurskoðenda, ákvæði laga sem horfa ber til við ráðningu endurskoðanda, skilgreiningar á tegundum útboða, útboðsleiðbeiningar og sýnishorn af dæmigerðum útboðsgögnum og vinnuskjöllum svo eitthvað sé nefnt. Stefnir nefndin að því að

vegvisirinn verði aðgengilegur á heimasíðu félagsins í byrjun árs 2013.

Gæðaeftirlitið sem FLE annast í umboði Endurskoðunarráðs, fór af stað nú í september eða um tveim mánuðum fyrir en vanalega og gerir félagið sér vonir um að það verði til bóta bæði fyrir þá sem sæta eftirliti sem og þá sem annast framkvæmdina.

Stjórn FLE hefur ákveðið að gera gagngerar breytingar á heimasíðu félagsins og innri síðu félagsmanna. Sú vinna er þegar hafin, þar sem að koma Kynningarnefnd félagsins og starfsmenn þess ásamt sérfræðingum í vefsíðugerð. Mun nýr vefur sjá dagsins ljós um áramót 2012-13.

Mikilvægur liður í starfsemi félagsins er að taka þátt á þeim samstarfsvettvangi sem fer fram innan NRF og FEE. Þar hafa framkvæmdastjóri og formaður félagsins fylgst með breytingum til framtíðar í starfsumhverfi okkar og hlutast til um í að koma þeim upplýsingum á framfæri innan félagsins m.a. með því að fá þá einstaklinga sem gæta hagsmuna endurskoðenda innan alþjóðlegra samtaka til að koma á ráðstefnur FLE og flytja okkur erindi um þau málefni sem brenna heitast þá stundina. Þetta hefur einnig opnað aðgengi að fjölmiðlun og verið grundvöllur að betri umræðu um málefni endurskoðenda. Þessi vettvangur hefur ekki síður gefið okkur styrkari grundvöll í samskiptum félagsins við stjórnvöld og eftirlitsaðila hér á landi og veitt okkur möguleika á að koma á framfæri ýmsum mikilvægum upplýsingum og gögnum sem við fáum frá erlendum samstarfsaðilum.

Að lokum

Ég vil að lokum þakka öllum nefndum og stjórn félagsins fyrir afar ánægjulegt og mikilvægt samstarf á liðnu starfsári. Sérstaklega vil ég þakka formanni félagsins og formönnum nefnda fyrir samstarfið.

Sigurður B. Ampórsson



Löggildingarpróf og nýir félagar 2013

FLE hefur borist listi yfir þá sem stóðust tilskilin verkleg próf sem fram fóru dagana 9. - 11. október og hafi þar með öðlast rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. Alls þreyttu 33 prófið, þar af náðu 8 eða 24,2% 4 karlar og 4 konur. Prófnefnd hefur sent listann til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem veitir löggildinguna formlega. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Birna María Sigurðardóttir
Deloitte ehf.



Bogi Hauksson
KPMG ehf.



Geir Steindórsson
Ernst & Young ehf.



Guðmundur Örn Árnason
Deloitte ehf.



Harpa Vífilsdóttir
KPMG ehf



Helga Hjálmrós Bjarnadóttir
PwC ehf.



Kristinn Bjarnason
KPMG ehf



Margrét Lilja Tryggvadóttir
Deloitte ehf.

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2012 - 2013



Félagsstjórn frá vinstri: Sigurður Páll Hauksson formaður, J. Sturla Jónsson, varaformaður, Friðbjörn Björnsson, Auður Þórisdóttir og Arna Guðrún Tryggvadóttir.

Álitsnefnd: Sigurður Páll Hauksson formaður, J. Sturla Jónsson, Þórir Ólafsson, Margrét G. Flóvenz, Eymundur Einarsson og Anna Kristín Traustadóttir varamaður.

Endurskoðunarnefnd: Davíð Arnar Einarsson formaður, Jón Rafn Ragnarsson, Hrafnhildur Helgadóttir og Áslaug Rós Guðmundsdóttir.

Gæðanefnd: Valgerður Kristjánsdóttir formaður, Bryndís Björk Guðmundsdóttir, Ritawati Effendy og Hólmsteinn Halldórsson.

Kynningarnefnd: Guðrún Torfhildur Gísladóttir formaður, Dýri Guðmundsson, Ólafur Már Ólafsson og Arnar Már Jóhannesson.

Menntunarnefnd: Ljósbrá Baldursdóttir formaður, Ingunn H. Hauksdóttir, Björn Helgi Arason og Jón Þór Hallsson.

Reikningsskilanefnd: Þorsteinn Pétur Guðjónsson formaður, (Hólmfríður) Inga Eypórsdóttir, Herbert Baldursson og Unnar Friðrik Pálsson.

Siðanefnd: Hlynur Sigurðsson formaður, Gunnar Þór Ásgeirsson, Björg Sigurðardóttir og Anna Þóra Benediktsdóttir.

Skattanefnd: Elías Illugason formaður, Jón Freyr Magnússon, Alexander Eðvardsson og Sigríður Ármannsdóttir.



Hvaða áhrif hafa veiðigjöldin á virðisrýrnun aflaheimilda?

Magnús G. Erlendsson, verkefnistjóri hjá KPMG ehf.

Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförunum misserum í samfélaginu um fiskveiðistjórnun. Á Alþingi hafa verið til umræðu viðamiklar tillögur um breytingar á núverandi fyrirkomulagi og hafa um þær verið mjög skiptar skoðanir. Þessari boðuðu heildarendurskoðun af hálfu ríkistjórnarinnar á löggjöf um fiskveiðistjórnun er ekki lokið en þó hefur hluti framkominna tillagna þegar hlotið samþykki.

Alþingi samþykkti þann 19 júní sl. lög nr. 74/2012 um veiðigjöld á sjávarútvegsfyrirtæki. Samkvæmt lögnum tekur álagning sérstaks veiðigjalds mið af reiknaðri afkomu í greininni út frá ákveðnum forsendum um arð, rekstarkostnað og fleira. Þannig taka veiðigjöldin hvorki mið af rekstarafkomu eða hagnaði viðkomandi félags eins og hefðbundin skattlagning og leggst því á félög óháð skuldsetningu og fjármagnskostnaði.

Í kjölfar laganna er áhugavert að skoða hver áhrif veiðigjaldanna eru á virðisrýrnunarpróf sjávarútvegsfélaga og bókfært virði þessara eigna. Frá setningu laganna hefur eitt félag, HB Grandi, birt opinberlega áhrif veiðigjaldsins á bókfært virði aflaheimilda. Í árschlutareikningi félagsins kemur fram að virðisrýrnun aflaheimilda nemur 21,6 milljón evra eða rúmlega 3,5 milljörðum íslenskra króna.

Markmiðið með þessari grein er að varpa ljósi á framkvæmd virðisrýrnunarprófa aflaheimilda og þá sérstaklega hvaða áhrif hin nýsamþykktu lög hafa á framkvæmd og niðurstöðu slíkra prófa. Fyrst verður fjallað um hvernig virðisrýrnunarpróf aflaheimilda hefur verið háttað hingað til, því næst verður farið yfir nokkrar mögulegar aðferðir við að beita slíku prófi á veiðigjöldin með hliðsjón af alþjóðareikningssskilastöðlum (IFRS). Þá verður komið inn á nokkur álitamál í tengslum við framkvæmd prófa aflaheimilda undir IFRS með hliðsjón af reglugerðum um ákvörðun veiðigjalda. Einnig verður sérstaklega fjallað um áhrif reglugerðar nr. 838/2012 um tímabundna lækkun veiðigjalda.

Almennt um virðisrýrnunarpróf

Flest sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi sem hafa fjárfest í aflaheimildum eignfæra þær í bókhaldi en slíkar eignir teljast til óefnislegra eigna. Flest félög virðast skilgreina aflaheimildir sem óefnislega eign með ótilgreindan líftíma þ.e. vænst er til að eignin muni skila eigendum sínum ávinningi um ófyrirséða framtíð. Í einhverjum tilfellum eru félög að afskrifa aflaheimildir sínar og eru þær þá afskrifaðar á löngum tíma eða allt að 20 árum.

Þrátt fyrir að þessi félög geri ýmist upp samkvæmt íslenskum reikniskilastöðlum (IS-GAAP) eða alþjóðlegum reikningssskilastöðlum (IFRS) ber þeim, í þeim tilvikum þar sem aflaheimildir eru með ótakmarkaðan líftíma, að framkvæma virðisrýrnunarpróf á bókfærðum aflaheimildum.





Virðisrýrnunarpróf eru framkvæmd til að kanna hvort að virði eigna hafi rýrnað frá fyrra ári. Þau ber að framkvæma þegar vís-bending er til staðar að virði eigna hafi rýrnað eða að minnsta kosti einu sinni á ári sé um eignir með óskilgreindan líftíma að ræða. Aðalforsenda prófsins er sú að endurheimtanlegt virði eignarinnar (e. Recoverable amount) sé hærra heldur en bókfært virði (e. Carrying amount). Sé endurheimtanlegt virði lægra en bókfært virði skal færa virðisrýrnun upp á mismuninn en ekkert er fært sé niðurstaða prófsins á hinn veginn. Samkvæmt IAS 36 skal endurheimtanlegt virði vera hærra gildið af „Gangvirði að frádregnum sölukostnaði“ (e. Fair Value Less Cost to Sell) eða „Notkunarvirði“ (e. Value in use). Mikilvægt er að áréttta að staðallinn segir að notast skuli við hærra gildið en ekki annað hvort.

Almennt hafa fyrirtæki í sjávarútvegi beitt notkunarvirði við mat á endurheimtanlegu virði þrátt fyrir að stundum hafi legið fyrir nýleg viðskipti með varanlegar aflaheimildir og verið í þeim viðskiptum verið opinber. Það er ljóst að í þeim tilvikum sem nýlegt viðskiptaverð liggur fyrir með sambærilegar aflaheimildir er einfaldara að beita gangvirðisaðferð en við mat á því hvort að sú aðferð sé góð og gild þarf að vinna ákveðna grunngreiningu sem bæði snýr að eðli viðskiptanna og samanburðarhæfi þeirra við þær aflaheimildir sem verið er að prófa á hverjum tíma.

Önnur ástæða þess að gangvirðisaðferðinni er sjaldan beitt snýr að þeirri almennu skoðun að notkunarvirði þ.e. virði sem endur-speglar bestu nýtingu félagsins á viðkomandi aflaheimildum hljóti að vera hærra heldur en viðskiptaverð á markaði þar sem eigendur kvótans hafa yfir að ráða tækjum og tólum til að hámarka virði hans. Það má vissulega taka undir þessi sjónarmið enda hafa margar rannsóknir sýnt fram á að notkunarvirði sé yfirleitt hærra heldur en skráð verð á markaði.

Reikningsskilastaðallinn IAS 36 setur ýmis skilyrði við útreikning og mat á notkunarvirði. Mikilvægustu punktarnir eru að prófið skuli byggja á samþykktum áætlunum stjórnenda og ekki vera lengra en til 5 ára nema hægt sé að rökstyðja nauðsyn þess að hafa lengra spátímabil. Þá skal ávöxtunarkrafa til núvirðingar taka mið af kröfu sem markaðsaðilar gera við mat á sambærilegum eignum og þannig byggja kröfuna á markaðsskuldsetningu, sem þýðir að prófið á ekki að taka tillit til fjármagnsskipan einingarinnar sem verið er að prófa. En þessi krafa um markaðsskuldsetningu vekur upp áhugaverðar spurningar í tengslum við reglugerð um tímabundna lækkuun veiðigjalds.

Framkvæmd virðisrýrnunarprófs

Hefðbundin uppbygging á virðisrýrnunarprófi byggir á sjóðstreymisspá sem grundvölluð er á samþykktari áætlun stjórnar félagsins. Hægt er að brjóta áætlanagerðina upp í tekjuáætlun, rekstrarkostnaðaráætlun og áætlun um afskriftir og fjárfestingu.

Tekjuáætlanir byggja á ýmsum þáttum eins og spá um heildaraflamagn, þróun afurðarverðs, gengisspá ofl. Allajafna eru áætlanir félaga rökstuddar með ýmsum hætti t.a.m. með því að vísa í spá sérfræðinga og greiningaraðila, framvirk verð á markaði og lang-tíma vaxtakúrfur. Það þykir styrkja áætlanagerðina að taka eins mikið mið af markaðsupplýsingum og væntingum markaðsaðila eins og hægt er.

Aðrir liðir eins og forsendur um rekstrarkostnað og fjárfestingar félaga byggja yfirleitt á rauntölum sem og markmiðum stjórnenda um hagræðingu í rekstri og fjárfestingu í núverandi og nýjum rekstrarfjármunum. Mikilvægt er að benda á að IAS 36 heimilar ekki nýfjárfestingar í áætlanagerð heldur má einungis gera ráð fyrir endurnýjunarfjárfestingum á þeim eignum sem eru til grundvallar virðisrýrnunarprófinu.

Við mat á ávöxtunarkröfu til núvirðingar á sjóðstreymi skal byggja eins mikið og kostur er á markaðsupplýsingum. Þetta þýðir að upplýsingar um áhættulausa vexti, mat á betu, markaðsáhættu og vaxtakostnaði skulda er fundinn með greiningu á sambærilegum félögum. Ákveðin hefð hefur verið að byggja slíka greiningu á samanburði við erlend félög þar sem skortur er á íslenskum samanburðarfélögum. Við mat á ávöxtunarkröfu eigin fjár hefur til viðbótar verið metið sérstakt álag svokallað „alfa“ sem tekur tillit til sértækra þátta eins og smæðar félaga m.v. samanburðarfélögin, óvissu í áætlanagerð og pólitískrar óvissu m.a. vegna fyrirhugaðrar lagasetningar.

Mynd 1. sýnir hefðbundna uppbyggingu á virðisrýrnunarprófi fyrir aflaheimildir í botnfiski. Í þessu prófi hefur félagið skilgreint aflaheimildir sínar sem hluta af sjóðskapandi einingu og prófar heimildirnar ásamt skipi og öðrum rekstrarfjármunum sem nauðsynlegir eru til þess að nýta eignina.

Fyrir setningu veiðigjalda er prófið tiltölulega einfalt í framsetningu en óvissan liggur fyrst og fremst í spá um þróun úthlutaðs kvóta og þróun afurðaverðs á markaði. Spá um veiðigjald byggir á veiðigjaldi sem greitt var fyrir breytingar á lögum um veiðigjald þar sem kom til viðbótar sérstakt veiðigjald. Spár um rekstrarkostnað, afskriftir og fjárfestingar byggja á rauntölum. Niðurstöður prófsins sýna að ekki er um virðisrýrnun aflaheimilda að ræða.



Tekið er tillit til sértækra áhættuþátta eins og óvissu um niðurstöður veiðigjaldafrumvarps og fiskveiðistjórnunarfrumvarps sem erfitt er að áætla fyrir, inn í ávöxtunarkröfu eiginfjár í gegnum hærra „alfa“ álag.

Virðisrýrnunarpróf á botnfiskafli						
ISK ('000)	2012	2013	2014	2015	2016	FV
Porskígildi (tonn)	26,000	26,000	26,000	26,000	26,000	26,000
Meðalverð per kg.	360	360	380	399	417	429
Heildar velta	9,360,000	9,360,000	9,880,000	10,374,000	10,840,830	11,166,055
% vöxtur	1.7%	-	5.6%	5.0%	4.5%	3.0%
EBITDA	1,872,000	1,872,000	1,976,000	2,074,800	2,168,166	2,233,211
% hlutfall	20.00%	20.00%	20.00%	20.00%	20.00%	20.00%
Afskriftir	(442,530)	(500,000)	(500,000)	(527,778)	(554,167)	(579,104)
EBIT	1,429,470	1,372,000	1,476,000	1,547,022	1,613,999	1,654,107
% hlutfall	15.3%	14.7%	14.9%	14.9%	14.9%	14.8%
Skattar	(285,894)	(274,400)	(295,200)	(309,404)	(322,800)	(330,821)
% skatthlutfall	(20.0)%	(20.0)%	(20.0)%	(20.0)%	(20.0)%	(20.0)%
NOPLAT	1,143,576	1,097,600	1,180,800	1,237,618	1,291,199	1,323,285
Fjárfestingar	(500,000)	(500,000)	(527,778)	(554,167)	(579,104)	(596,477)
Afskriftir	442,530	500,000	500,000	527,778	554,167	579,104
Br. á veltufjárumnum	(30,720)	(11,494)	(99,840)	(100,404)	(94,909)	(67,431)
Frjálst fjárflæði	1,055,386	1,086,106	1,053,182	1,110,825	1,171,353	1,238,482
Framtíðarvirði						23,940,283
Tímastuðull	0.5	1.5	2.5	3.5	4.5	4.5
Núvirðingarstuðull	0.96	0.89	0.82	0.76	0.70	0.70
Núvirði frjáls fjárflæðis	1,014,732	965,367	865,375	843,775	822,525	16,810,883
				FCFF 2012-2016		4,511,774
				FCFF eftir 2016		16,810,883
				Virði sjóðstreymis		21,322,657

Mynd 1. Hefðbundin framsetning á virðisrýrnunarprófi

Eignarunnur	
Fastafjárumunir	
Eignfærðar aflaheimildir	10,000,000
Varanlegir rekstrarfjárumunir	5,000,000
Eignir	15,000,000
Rekstrart. eignir	
Birgðir	1,000,000
Viðskiptakröfur	500,000
Rekstrartengt handbært fé	500,000
Rekstrart. Skuldir	
Viðskiptaskuldir	1,200,000
Nettó veltufjárumunir	800,000
Eignarunnur	15,800,000
Niðurstaða	
Virði sjóðstreymis	21,322,657
Eignarunnur	15,800,000
Niðurstaða	5,522,657
Virðisrýrnun	NEI

Nýjar áskoranir og aukið flækjustig vegna veiðigjaldafrumvarpsins

Sú pólitíska óvissa sem hefur ríkt um sjávarútveginn hefur flækt verulega framkvæmd virðisrýrnunarprófa. Þrátt fyrir að hluta þeirrar óvissu hafi verið eytt með samþykkt frumvarps um veiðigjöld liggur ekki enn fyrir hver niðurstaðan verður varðandi stjórn fiskveiða og mögulegu innköllun eða fyrningu á aflaheimildum. Ljóst er að verði lög um fyrningu aflaheimilda samþykkt á alþingi hefur það þau áhrif að ekki verður hægt að líta á aflaheimildir sem eign með ótakmarkaðan líftíma.

Þrátt fyrir að nýsett lög um veiðigjöld dragi að einhverju leyti úr óvissu koma þau til með að flækja verulega áætlanagerð vegna virðisrýrnunarprófa á aflaheimildum og auka spáóvissu prófanna til muna. Helsta vandamálið er að veiðigjöld fylgja afkomu greinarinnar en ekki einstakra félaga sem þýðir að erfitt getur verið að áætla fyrir veiðigjöldum þar sem væntingar stjórnenda til afkomu félagsins þurfa ekki að endurspeglar meðalafkomu greinarinnar. Annar óvissuþáttur felst einnig í pólitískri áhættu en skv. lögum skipar ráðherra þriggja manna veiðigjaldanefnd sem er falið að ákvarða sérstakt veiðigjald og gera tillögur um lækkun og undanþágur frá greiðsluskyldu þess. Það er því nánast ógjörningur fyrir stjórnendur fyrirtækja að áætla til lengri tíma hvert veiðigjald ársins á að vera. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófa eftir samþykkt veiðigjaldafrumvarpsins hafa fyrirtæki farið þrjár leiðir til að áætla veiðigjöld í virðisrýrnunarprófum.

1. Áætluð veiðigjöld byggja á óbreyttum veiðigjöldum fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 eða 23,2 kr. á hvert þorskígildiskíló í botnfiski og 27,5 kr. á hvert þorskígildiskíló í uppsjávarfiski.
2. Áætluð veiðigjöld byggja á þeirri forsendu að arðsemi félagsins til lengri tíma endurspeglar meðalarðsemi iðnaðarins og byggja því veiðigjöld næsta árs á afkomu ársins í ár t.d. eru þá veiðigjöld fyrir fiskveiðiárið 2014/2015 byggð á áætlaðri arðsemi félagsins árið 2013.
3. Áætluð veiðigjöld byggja á nefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar sem fylgdi frumvarpinu um veiðigjöld fram til ársins 2016.

Áætluð veiðigjöld skv. nefndaráliti atvinnuveganefndar					
Fiskveiðiár	12/13	13/14	14/15	15/16	16/17
Hlutfall rentu	0%	50%	55%	60%	65%
Almennt veiðigjald	9,50	9,50	9,50	9,50	9,50
Sérstakt veiðigjald, botnfiskur	23,20	29,13	33,00	36,86	40,72
Sérstakt veiðigjald, uppsjávarafli	27,50	33,08	37,34	41,60	45,86
	32,70	38,63	42,50	46,36	50,22



Hvaða leið er valin virðist hafa talsverð áhrif á niðurstöður virðisrýmunarprófsins t.a.m. eru veiðigjöld næsta árs ákvörðuð lág til aðlögunar fyrir sjávarútveginn og því talsverðar líkur á að þau verði hærri til framtíðar. Í greinargerð frumvarpsins byggir á framreiknaðri arðsemi ársins 2010 en það ár var einstaklega gjöfult þar sem afurðaverð á erlendum mörkuðum var hátt og mun herra en í dag.

Fyrir stærrí félög má gera ráð fyrir því að leið tvö sé besta leiðin enda ætti afkoma stórra félaga sem hafa háa hlutdeild í heildarfla að vigta þungt inn í meðalarðsemi iðnaðarins. Þó má sennilega gera ráð fyrir að sú arðsemi sé eitthvað hærri en meðalarðsemi.

Annað álitamál snýr að stofnverði rekstrarfjármuna sem reiknuð ávöxtunarkrafa kemur til frádráttar á veiðigjaldastofni. Við útreikning á stofnverði skal miða við váttryggingarverðmæti skipa að viðbættum 20%, en verðmæti fasteigna og annarra rekstrarfjármuna skal reikna upp m.v. vísitölu byggingakostnaðar. Ljóst er að útreiknað stofnverð er annað en skattalegar afskriftir fastafjármuna sem lagðar eru til grundvallar prófinu. Því þurfa félög að halda sérstaklega utan um áætlun um þróun á útreiknuðu stofnverði og afskriftarstofni í prófinu.

Útreikningur á veiðigjaldi byggt á afkomu hvers árs						
Botnfiskur	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Útreikningur á stofni til veiðigjalds						
Rekstrarfjármunir	5.000.000	5.057.470	5.057.470	5.085.248	5.111.637	5.136.574
Birgðir	1.000.000	1.000.000	1.055.556	1.108.333	1.158.208	1.192.955
Verðmæti rekstrarfjármuna	6.000.000	6.057.470	6.113.026	6.193.581	6.269.845	6.329.529
EBITDA skv. rekstraráætlun	1.872.000	1.872.000	1.976.000	2.074.800	2.168.166	2.233.211
Reiknuð ávöxtun á rekstrarfjármuni (8%)	480.000	484.598	489.042	495.486	501.588	506.362
Stofn til útreiknings veiðigjalds	1.392.000	1.387.402	1.486.958	1.579.314	1.666.578	1.726.849
Hlutfall gjalds		50%	55%	60%	65%	65%
Veiðigjald (greiðist á næsta fiskveiðiári)	696.000	693.701	817.827	947.588	1.083.276	1.122.452
Kr	26,8	26,7	31,5	36,4	41,7	43,2
Fast gjald	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5	9,5
Sérstakt gjald	17,3	17,2	22,0	26,9	32,2	33,7

Mynd 2. sýnir útreikning á veiðigjaldi byggt á áætlun félagsins úr dæminu á mynd 1.

Þriðja álitamálið og eitt það áhugaverðasta snýr að sérákvæði um lækkun veiðigjalds vegna vaxtaberandi skulda við kaup á kvóta. Sjávarútvegsfélög hafa fjárfest í sínum kvóta með misjöfnum hætti og hafa sum þeirra keypt flest allan sinn kvóta með eigin fé á meðan önnur hafa farið í skuldsett kaup á kvóta. Ljóst er að félög sem fjármöggnuðu kaup á aflaheimildum með lántöku greiða lægri veiðigjöld heldur en þau sem fjármöggnuðu kaupin með eigin fé.

IAS 36 tekur sérstaklega fram að meta skuli eign (aflaheimildir) óháð skuldsetningu þ.e. eignamat og styðjast við markaðs-skuldsetningu. Ef staðallinn heimilar ekki að horfa til raunverulegrar skuldsetningar félaga eða kvóta við framkvæmd prófs má spyrja hvernig skal meðhöndla sérstakan frádrátt vegna skuldsettra kaupa á kvóta í virðisrýmunarprófinu. Spurningin hér hlýtur að snúa að því hvort það megi reikna frádrátt út frá skuldsetningu hvers félags eða á að miða skuldsetningu og lántöku við það hlutfall sem lágmarkar veiðigjöld og þannig hámarkar rekstrarvirði aflaheimilda. Sé síðarnefnda leiðin sú rétta hlýtur hún að eiga við öll félög sem eiga aflaheimildir óháð því hvernig þau fjármöggnuðu kaupin í upphafi þar sem markaðsaðili myndi alltaf leita eftir því skuldasetningarhlutfalli.

Sérstakur frádráttur vegna skuldsetningar						
	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Skuldsetning vegna kvóta	7.000.000	6.650.000	6.317.500	6.001.625	5.701.544	5.416.467
Peningalegar eignir	-500.000	-500.000	-500.000	-500.000	-500.000	-500.000
Vaxtagjöld	280.000	266.000	252.700	240.065	228.062	216.659
4% af stofnvirði rekstrarfjármuna	-200.000	-202.299	-202.299	-203.410	-204.465	-205.463
Sérstakur frádráttur	80.000	63.701	50.401	36.655	23.596	11.196
Kr.	3,1	2,5	1,9	1,4	0,9	0,4

Mynd 3. sýnir útreikning á lækkun á veiðigjaldi byggt á skuldsetningu kvóta.

Eins og sést glögglega á mynd 4 hafa lög um veiðigjöld flækt verulega áætlanagerð og sjóðstreymisspá sem útreikningar á notkunarvirði byggja á. Einnig er ljóst að veiðigjöldin hafa talsverð áhrif á niðurstöður prófsins og þarf félagið að færa virðisrýnun sem nemur 8,3 milljónum Evra eða 1,3 milljörðum ISK.



Virðisrýrnunarpróf á botnfiskafla							Eignagrunnur	
ISK ('000)	2012	2013	2014	2015	2016	FV		
Porskígildi (tonn)	26.000	26.000	26.000	26.000	26.000	26.000	Fastafjármunir	
Meðalverð per kg (EUR)	360	360	380	399	417	429	Eignfærðar aflaheimildir 10.000.000	
Heildar velta	9.360.000	9.360.000	9.880.000	10.374.000	10.840.830	11.166.055	Varanlegir rekstrarfjármunir 5.000.000	
% vöxtur	1,7%	-	5,6%	5,0%	4,5%	3,0%	Eignir 15.000.000	
EBITDA	1.872.000	1.872.000	1.976.000	2.074.800	2.168.166	2.233.211	Rekstrart. eignir	
% hlutfall	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	20,00%	Birgðir 1.000.000	
Veidigjald kr. kg		32,7	26,7	31,5	36,4	41,7	Viðskiptakröfur 500.000	
Veidigjald til greiðslu		(850.200)	(693.701)	(817.827)	(947.588)	(1.083.276)	Rekstrartengt handbært fé 500.000	
Sérstakur frádráttur		80.000	63.701	50.401	36.655	23.596	Rekstrart. Skuldir	
Afskriftir	(442.530)	(500.000)	(500.000)	(527.778)	(554.167)	(579.104)	Viðskiptaskuldir 1.200.000	
EBIT	1.429.470	601.800	846.000	779.597	703.066	594.427	Nettó veltufjármunir 800.000	
% hlutfall	15,3%	6,4%	8,6%	7,5%	6,5%	5,3%	Eignagrunnur 15.800.000	
Skattar	(285.894)	(120.360)	(169.200)	(155.919)	(140.613)	(118.885)	Niðurstaða	
% skatthlutfall	(20,0)%	(20,0)%	(20,0)%	(20,0)%	(20,0)%	(20,0)%	Virði sjóðstreymis 7.316.988	
NOPLAT	1.143.576	481.440	676.800	623.677	562.453	475.542	Eignagrunnur 15.800.000	
Fjárfestingar	(500.000)	(500.000)	(527.778)	(554.167)	(579.104)	(596.477)	Niðurstaða (8.483.012)	
Afskriftir	442.530	500.000	500.000	527.778	554.167	579.104	Virðisrýrnun JA	
Br. á veltufjármunum	(30.720)	(165.534)	(71.800)	(127.889)	(123.611)	(97.180)		
Frjálst fjárflæði	1.055.386	315.906	577.222	469.400	413.905	360.989		
Framtíðarvirði						6.978.035		
Tímastuðull	0,5	1,5	2,5	3,5	4,5	4,5		
Núvirðingarstuðull	0,96	0,89	0,82	0,76	0,70	0,70		
Núvirði frjáls fjárflæðis	1.014.732	280.788	474.290	356.553	290.644	4.899.981		
				FCFF 2012-2016		2.417.007		
				FCFF eftir 2016		4.899.981		
				Virði sjóðstreymis		7.316.988		

Mynd 4. Sýnir niðurstöður prófsins m.v. reiknað veidigjald

Áhrif á ávöxtunarkröfu

Að lokum er nauðsynlegt að velja því upp hvaða áhrif lög um veidigjöld hafa á mat á ávöxtunarkröfu félaga. Ef við horfum fyrst á áhrifin á skuldsetningarhlutfall þá ætti skuldsetningarhlutfall í ávöxtunarkröfunni að endurspeglar það skuldsetningarhlutfall sem lágmarkar veidigjöld og hámarkar rekstrarvirði aflaheimilda. Ekki liggur fyrir hvaða áhrif veidigjöldin munu hafa á lánskör félaga í sjávarútvegi en búast má við að vaxtakjör þeirra muni hækka þar sem meiri óvissa ríkir um greiðslugetu til framtíðar og þarf því að taka tillit til þess í mati á ávöxtunarkröfunni.

Sé horft á ávöxtunarkröfu eiginfjár þá ættu veidigjöldin ekki að hafa áhrif á áhættulausa vexti, markaðsálag né betu. Aftur á móti geta þau haft áhrif á alfa álag en við framkvæmd virðisrýrnunarprófa er það venja að meiri spáóvissa kalli á hærra álag. Þannig getur aukin óvissa í áætlanagerð í tengslum við veidigjaldafurvarpið kallað á hærri eiginfjárkröfu og hærri veginn meðalkostnað fjármagns (e. WACC).

Ljóst er að veidigjöldin munu hafa áhrif á afkomu sjávarútvegsfélaga til lengri tíma. Fyrir utan hin augljósu áhrif á rekstur og sjóðstreymi flækja gjöldin alla áætlanagerð til lengri tíma sem allajafna mynda grundvöll virðisrýrnunarprófa. Hvernig félög munu spá fyrir um þróun veidigjalds getur einnig haft veruleg áhrif á niðurstöður þessara prófa og hvort aflaheimildir félagsins skulu sæta virðisrýrnun eða ekki. Það má því segja að endurskoðendur sjávarútvegsfélaga standa frammi fyrir miklum áskorunum við yfirferð þessara prófa næstu misseri og vonandi veitir umfjöllunin hér að framan ákveðna innsýn í þau mál.

Magnús G. Erlendsson



Hver ræður?

Jóhann Ioan Constantin Solomon er löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.

Þessi spurning kemur við sögu á mörgum sviðum mannegra samskipta, svo sem við stjórnun og í viðskiptalífi. Í flestum tilvikum er ekki mikið mál að svara spurningunni, en af og til koma upp tilvik þar sem svarið liggur ekki alveg ljóst fyrir. En óháð því hversu auðvelt eða erfitt kann að vera að nálgast rétta svarið þá verður það ávallt að taka mið af því hvernig yferráð eru skilgreind á viðkomandi sviði.

Þessari grein er ætlað að vekja athygli lesenda á að skilgreiningu hugtaksins „yferráð“ var nýlega breytt á sviði reikningsskila, nánar tiltekið á sviði samstæðureikningsskila sem gerð eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Með breytingunni koma ný og ítarleg fyrirmæli sem þarf að fara eftir við ákvörðun á því hver ræður. Það er því alls ekki útilokað að innleiðing þessara nýju reglna kunni að leiða til þess að svarið við framangreindri spurningu breytist í einhverjum tilvikum.

Hvaða máli skiptir hver ræður (á sviði reikningsskila)?

Yferráð eru einn af hornsteinum reikningsskila sem gerð eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þetta endurspeglar meðal annars í eftirfarandi:

- Eign er skilgreind sem „auðlind sem eining ræður yfir...“,
- Móðurfélag er skilgreint sem „eining sem ræður yfir einum eða fleirum einingum“,
- Dótturfélag er skilgreint sem „eining sem er undir yferráðum annarrar einingar“,
- Samstæða er skilgreind sem „móðurfélag og dótturfélög þess“.

Við gerð samstæðureiknings hvílir sú skylda á hverju móðurfélagi að sameina öll dótturfélög sín í samstæðureikningi. Þessi skylda er tilkomin vegna þess að samstæðureikningur er hugsaður sem sameinuð reikningsskil aðskilinna eininga sem tengjast á grundvelli yferráða. Samstæðureikningsskil eru reikningsskil einnar efnahagslegrar einingar, sem verður til á grundvelli yferráða eins aðila, þar sem efni tengsla milli einstakra eininga ræður fremur en lögformlegur aðskilnaður þeirra. Með öðrum orðum, yferráð yfir öðrum einingum eru forsenda fyrir tilvist samstæðu og þau draga mörkin utan um hana.

Við gerð samstæðureiknings skiptir öllu máli að mörk samstæðunnar séu vel skilgreind þannig að tryggt sé að öll félög sem móðurfélag ræður yfir séu tekin með. Ef það er ekki gert þá gefur samstæðureikningurinn ekki réttar upplýsingar um eignir, skuldir, eigið fé, tekjur og gjöld viðkomandi efnahagslegrar einingar – með tilheyrandi afleiðingum sem rangar upplýsingar geta haft í för með sér.

Það hver ræður hefur einnig bein áhrif á upplýsingagjöf um tengda aðila. Í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er gerð krafa um að notendur reikningsskila séu upplýstir um nafn móðurfélags, endanlegs móðurfélags og aðilans sem á endanum ræður yfir einingunni sem reikningsskilin taka til, sem og um viðskipti einingar við þau og við aðrar einingar sem þau ráða yfir. Til að upplýsingagjöfin um tengda aðila sé rétt skiptir því mjög miklu máli að skilgreina rétt hver ræður yfir þeirri einingu sem leggur fram reikningsskilin.

Hversu flókið getur verið að ákvarða hver ræður?

Í flestum tilvikum er ekki erfitt að ákvarða hver ræður. Í einhverjum tilvikum getur hins vegar verið erfitt að gera það, til dæmis þegar eignarhald á almennum hlutum í félögum er undir 50% eða þegar um er að ræða einingar með sérstakan tilgang (e. special purpose entities), sem stofnaðar eru til að ná fram þröngum og vel skilgreindum markmiðum, án þess að eignarhald í formi eignarhluta sé endilega fyrir hendi.

Núgildandi reglur alþjóðlegra reikningsskilastaðla fela í sér tvö módel sem þarf að fara eftir við ákvörðun á því hver ræður: annars vegar módel sem byggir á valdi til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags til að öðlast ávinning af starfsemi þess (IAS 27) og hins vegar módel sem byggir á meirihlutaáhættu og ávinningi sem fylgja viðkomandi einingu (SIC-12). Reynslan hefur sýnt að fyrirtæki hafa hingað til beitt þessum módelum með mismunandi hætti og komist að mismunandi niðurstöðum um það hver ræður. Misræmið í beitingu má að vissu leyti skrifast á það að nauðsynlegar leiðbeiningar um beitingu núgildandi reglna hafa verið af skornum skammti.

Yfirstandandi fjármálakreppa hefur leitt í ljós ágalla á núgildandi regluverki og fjöldi aðila hefur kallað eftir umbótum í þessum efnum. Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) hefur brugðist við meðal annars með því að gefa út á árinu 2011 nýjan reikningsskilastaðal um samstæðureikninga (IFRS 10). Reglur IFRS 10 eru frábrugðnar núgildandi reglum IAS 27 og SIC-12 á þann veg að hugtakið „yferráð“ er endurskilgreint og það er aðeins eitt módel sem ber að fara eftir við ákvörðun á því hver ræður. Í IFRS 10 eru ítarlegar leiðbeiningar um beitingu reglnanna í erfiðum tilvikum, svo sem þegar yferráð eru til staðar án meirihluta atkvæðisréttar, þegar umboðstengsl koma við sögu og þegar félög eru þannig sett upp að atkvæðisréttur er ekki aðalatriðið við mat á því hver ræður. Fyrir vikið eru reglur IFRS 10 fleiri og flóknari en núgildandi reglur. Hversu flókið verður að ákvarða hver ræður samkvæmt nýju reglunum á reynslan eftir að leiða í ljós. Flestir eru þó sammála um að nýju reglurnar kalla á enn meira mat en við höfum þurft að venjast hingað til.

Hver ræður (samkvæmt nýjum reglum)?

Samkvæmt nýju reglunum ræður aðili (fjárfestir) yfir tiltekinni einingu (félagi) ef hann:

1. Hefur vald yfir félaginu,
2. Ber áhættu af eða hefur rétt til breytilegrar arðsemi af aðkomu sinni að félaginu,
3. Hefur getu til beita valdi sínu yfir félaginu til að hafa áhrif á fjárhæð arðsemi sinnar.

Öll þrjú framangreind atriði þurfa að vera til staðar á sama tíma til þess að aðili sé með yferráð yfir tilteknu félagi. Það þýðir að valdið eitt og sér segir ekki alla söguna um það hver ræður. Þess ber þó að geta að í skilningi IFRS 10 er það bara einn aðili, en ekki fleiri, sem getur haft yferráð yfir annarri einingu og að það er skylt að meta í sífellu hver ræður. Þetta þýðir að samkvæmt nýju reglunum ber að fylgjast stöðugt með því hvort einhverjar breytingar eiga sér stað á einhverju framangreindra þriggja atriða.

Til að ákvarða hver ræður þarf að leggja mat á og taka tillit til staðreynda og aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig. Það er hægt að gera með eftirfarandi hætti:

- Skilgreina félagið sem fjárfest er í,
- Skilgreina hvaða starfsemi félagsins skiptir máli,
- Skilgreina hvernig ákvarðanir eru teknar um starfsemi félagsins sem skiptir máli,
- Meta hvort fjárfestirinn hefur vald yfir þeirri starfsemi sem skiptir máli,
- Meta hvort fjárfestirinn ber áhættu af breytileika í arðsemi,
- Meta hvort það sé tenging milli valds og arðseminnar.

Samkvæmt nýju reglunum hefur fjárfestir vald yfir tilteknu félagi þegar hann á gildandi rétt sem gefur honum núverandi getu til að stjórna þeirri starfsemi félagsins sem skiptir máli. Þar sem vald grundvallast á rétti er mjög mikilvægt að ákvarða í hverju tilviki fyrir sig hvort valdið grundvallast á atkvæðisrétti eða ekki. Ef svo er, sem ætti að vera raunin í flestum tilvikum, þá ræður aðiliinn sem á meirihluta atkvæðisréttar (nema annað komi til). Það er hins vegar alls ekki útilokað að aðili sem á minna en meirihluta atkvæðisréttar í tilteknu félagi, t.d. 40% alls atkvæðisréttar, hafi vald í reynd (e. de facto power) yfir viðkomandi félagi. Þetta þarf að meta í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við aðferðafræðina í IFRS 10, sem gerir kröfu um að tekið sé tillit til ýmissa atriða, svo sem hvernig atkvæðisrétturinn skiptist milli einstakra hluthafa og hvernig atkvæði eru greidd á hluthafafundum.

Beiting nýrra reglna krefst þess að mat sé lagt á og tillit tekið til þess hvort aðilar beiti rétti sínum í eigin þágu eða fyrir hönd og í þágu annarra aðila. Í þessu sambandi er vert að taka fram að það er skylt að meta hvort einhverjir aðilar séu umboðsaðilar í reynd (e. de facto agents), jafnvel þó að enginn umboðssamningur liggja fyrir. Þetta getur til dæmis átt við í tilviki tengdra aðila og aðila sem eru í nánu viðskiptasambandi. Umboðstengsl geta skipt miklu máli fyrir aðila sem reka sjóði (svo sem rekstrarfélög), en einnig þegar eignarhald í öðrum félögum er undir 50%.

Hafa ber í huga að hugtakið „arðsemi“ (e. returns) er skilgreint mjög vítt í IFRS 10 og nær meðal annars til arðs, gangvirðisbreytinga hlutabréfa, vaxta af skuldabréfum, ýmis konar þóknana, skattalegs ávinnings og samlegðaráhrifa. Því getur verið vandasamt í einhverjum tilvikum að greina milli arðsemi sem fylgir fjárfestingum í öðrum félögum og arðsemi sem fylgir venjulegum viðskiptum við önnur félög.

Innleiðing nýrra reglna

IFRS 10 staðallinn og hann var gefinn út af Alþjóðareiknings-skilaráðinu gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Þegar þessi grein er skrifuð á hins vegar eftir að koma í ljós hver verður gildisdagur staðalsins innan Evrópusambandsins, en líklegt þykir að hann muni gilda fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2014 eða síðar (með heimild til að innleiða hann fyrr). Það er því ekki útilokað að einhver íslensk félög komi til með að beita nýju reglunum á árinu 2013.

Ég ætla ekki að fara út í reglurnar sem gilda sérstaklega um innleiðingu á IFRS 10 í þessari grein. Vegna innleiðingar vaknar hins vegar sú spurning hvort nýju reglurnar muni leiða til þess að svarið við spurningunni „hver ræður?“ verði annað en samkvæmt núgildandi reglum. Með öðrum orðum, munu félög þurfa að sameina fleiri eða færri félög í samstæðureikningi en nú er gert? Ég myndi ætla að svo verði ekki í flestum tilvikum, en samt ekki öllum. Mig langar hins vegar að benda á það að hvort sem svarið við spurningunni breytist eða ekki þá verður svarið samt sem áður að taka mið af nýjum og ítarlegum reglum IFRS 10. Það er breyting út af fyrir sig og nauðsynlegt að framkvæma matið á því hver ræður í samræmi við nýju reglurnar.

Að mínu mati snýst innleiðing á IFRS 10 ekki bara um áhrifin á samstæðureikningsskilin á innleiðingardegi heldur líka um það að búa fyrirteki (þ.e. starfsfólk, ferla og kerfi) undir snurðulausa beitingu nýrra reglna í framtíðinni, þ.m.t. birtingu nýrra upplýsinga í skýringum um hagsmuni í öðrum félögum sem krafist verður af reglum staðals IFRS 12, sem þarf að innleiða á sama tíma og IFRS 10.

Þar sem yferráð yfir öðrum félögum skipta svo miklu máli fyrir gerð samstæðureikninga í samræmi við alþjóðlega reiknings-skilastaðla tel ég fulla ástæðu til að félög byrji tímanlega að velja þessum nýjum reglum fyrir sér og vandi sig við innleiðingu þeirra og við beitingu í framhaldinu. Endurskoðendur viðkomandi félaga þurfa jafnframt að huga tímanlega að áhrifum nýrra reglna á framkvæmd endurskoðunar á þeim samstæðureikningum þar sem nýju reglunum um yferráð verður beitt.

Nýju reglurnar munu eflaust vekja hjá mörgum fjölda spurninga um beitingu þeirra í ýmsum tilvikum. Þegar þannig mun hátta til mæli ég með því að leitað verði til sérfræðinga á sviði reiknings-skila til að leysa úr flækjum og fá botn í það hver ræður.

Jóhann I.C. Solomon



Hinn dæmigerði endurskoðandi!

Sigríður Soffía Sigurðardóttir er löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi er máltæki sem átti svo sannarlega við þegar ákveðið var að senda út stutta könnun á alla löggilta endurskoðendur og finna út hinn dæmigerða endurskoðanda. Hugmyndin vaknaði á aðalfundi FKE (Félag kvenna í endurskoðun) sem haldinn var nýverið og voru þar teknar strax saman ýmsar tölulegar upplýsingar. Áhugi minn á örvhentum endurskoðendum hefur verið sérlega mikill síðan ég byrjaði að vinna hjá KPMG þar sem ótrúlega margir yfirmenn þar eru örvhentir! Því greip ég tækifærið og spurði hve margar á aðalfundinum væru örvhentar, og þóttist ég viss um að svarið væri mikið meira en 10%, sem er normið. Varð ég fyrir gífurlegum vonbrigðum þar sem ég hélt að ég væri búin að finna týnda genið í hinum dæmigerða endurskoðanda, (the typical revis-ÖÖR) en svo var ekki. Því var ákveðið að stækka úrtakið og skoða alla endurskoðendur á Íslandi og senda spurningakönnun varðandi hinn dæmigerða endurskoðanda.

Til að ná utan um hinn dæmigerða endurskoðanda, þá var best að setja fram nokkrar spurningar. Þegar könnunin var gerð voru um 370 endurskoðendur skráðir hjá FLE. 208 endurskoðendur svöruðu eða 56%. Fyrst var ákveðið að kanna hvernig vinnustatus svarenda væri og mikill meirihluti eða 42% var að vinna á stofu sem svarandi var eignaraðili að. Ég ákvað að meta það þannig að eigendur eru miklir vinnuþjarkar sem taka tölvu-póstum alvarlega og svara samviskusamlega öllum könnunum. Síðan kom að draumaspurningunni um örvhenta endurskoðandann, eins og áður sagði. En svörin voru ekki á þann veg sem ég hafði vonað... 10% svarenda voru örvhentir.. (þar af einn sem neitar því að hann sé örvhentur og skrifar með hægrí (svikari)) og 90 % er rétthentir.

Þar sem margir trúá stjórnmerkin þá þótti best að kanna það líka; langflestir endurskoðendur eru Vatnsberar og Meyjur, eða 22 endurskoðendur samtals í báðum merkjum. Þar sem undirrituð er Meyja og þekkir engan galla á Meyjunni þá fann ég til lýsinguna á Vatnsberanum og þá er spurning hvort hann eigi við um dæmigerða endurskoðandann:

„Hinn dæmigerði Vatnsberi er yfirleitt rólegur, vingjarnlegur og þægilegur í framkomu. Hann er yfirvegaður og viðræðu-góður en hleypir fólki samt sem áður ekki of nálægt sér. Hann er oft á tíðum heldur dularfullur eða a.m.k. fjarlægur. Að minnsta kosti finnst öðrum oft erfitt að átta sig á honum. Ein ástæða fyrir þessu er sú að hann er frekar ópersónulegur og lítið fyrir að ræða um sjálfan sig og bera tilfinningar sínar á torg.“

Við þurfum síðan að passa okkur á að Lasersjón sjái ekki þessa könnun, en 58,7% endurskoðanda notar gleraugu meðan einungis 17,8% hafa farið í laseraðgerð. Greinilega stór markaður hjá endurskoðendum, sem vert er að skoða !

Áhugamál dæmigerða endurskoðandans komu engan veginn á óvart en 32,6% eru golfarar í húð og hár, en þegar ákveðið var að skoða hvað endurskoðandinn skrifaði í valmöguleikann “annað” þá komu upp allskonar íþróttir, söngur, fjölskyldan og einn safnar frímerkjum og annar er mikið fyrir hvítvínsgleði. Farartæki dæmigerða endurskoðandans kom heldur ekki á óvart, en 55,6% aka um á landbúnaðarverkfærinu jeppa. Einn er meira segja á þríhjóli! Endurskoðendur eru engan veginn nógu duglegir að leggja sitt til umhverfismála en 38,8% flokkar ekki ruslið sitt, á meðan 27,8% flokkar allt ruslið sitt.

Svarið við spurningunni um hvað svarandi starfaði við, væri hann ekki endurskoðandi, dreifðist á ótrúlegan hátt ; 40 endurskoðendur væru örugglega í iðngreinum, en 97 ákváðu að svara “annað”, og þar komu ýmis starfsheiti. Síðan komu almennari svör, en flestir myndu vilja vera lögfræðingar, því næst verkfræðingar eða fjármálastjórar og svo leyndust ljónatemjari og jöklafræðingur á milli.

Til þess að við gætum endað spurningalistann eins og sannur Capacent spyrjandi, var ákveðið að kanna hvers kyns svarandi væri, en 66,8% voru karlar og 33,2% konur. Einn neitaði alfarið að gefa upp kyn sitt. Síðasta spurningin sem var um hæfi bílstjórans, leiðir í ljós að langflestir endurskoðendur virðast ekki gera neitt annað en að bakka í stæði, sem má ráða af því að 76,6% telja sig vera góða í að bakka, á meðan 18,7% bakka ekki í bílastæði, og 4,8% telja sig ekki klára í að bakka og hafa bakkað á.

Samandregin niðurstaða er þessi:

Dæmigerði endurskoðandinn er karlkyns rétthentur eigandi á stofu, notar gleraugu, er í Vatnsbera- eða Meyjamerkinu, blússar um á jeppa, spilar golf og dreymir um að vera iðnaðarmaður eða lögfræðingur, kys að flokka ekki ruslið sitt og bakkar listilega vel í bílastæði.

Sigríður Soffía Sigurðardóttir



Innleiðing Descartes endurskoðunarhugbúnaðarins á Íslandi

Sturla Jónsson er löggiltur endurskoðandi hjá Grant Thornton Endurskoðun ehf.

Það var árið 2010 að þrjú galvaskir endurskoðendur ásamt framkvæmdastjóra FLE lögðu í viking erlendis að kynna sér endurskoðunarkerfi. Þó áhugaverðari og skemmtilegri utanlandsferðir kunna að hafa verið farnar var ferðin mikilvæg fyrir margar sakir. Upp hafði komið sú hugmynd að leita eftir samningum um innleiðingu á aðgengilegu endurskoðunarkerfi fyrir þá endurskoðendur hér á landi sem tilbúnir voru að fjárfesta í slíku kerfi til að halda utan um skjölun endurskoðunarvinnu sinnar.

Siðaskiptin

Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar (ISA) voru gerðir að skyldu við endurskoðun á Íslandi með nýjum lögum um endurskoðendur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009. Í þeim lögum var jafnframt gert að skyldu að endurskoðunarfyrirtæki taki upp gæðakerfi í samræmi við alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. ISA staðlarnir gera töluverðar kröfur til endurskoðenda og byggja í raun á annarri aðferðafræði og nálgun við endurskoðun en áður hafði tíðkast.

Sú skoðun varð afgerandi að innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla væri ógerningur ef einhverskonar endurskoðunarhugbúnaður væri ekki aðgengilegur endurskoðendum. Í því leyntist eflaust sannleikskorn þó svo forðast skuli slíkar alhæfingar. Í það minnsta gerir það verkefnið mun auðveldara en annars væri og því hagsmunamál fyrir endurskoðendur að fá aðgang að slíku kerfi.

Descartes

Eftir að nokkur kerfi höfðu verið tekin til skoðunar var Descartes kerfið fyrir valinu enda leit það út fyrir að vera þægilegast í notkun og aðgengilegast. Descartes er norskur endurskoðunarhugbúnaður sem þróaður var af norska endurskoðunarsambandinu (DnR) í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtækið Bouvet. Ástæða þessa að DnR fóru í svo mikla fjárfestingu sem þessa má rekja til svipaðra aðstæðna og við upplifum nú hjá íslenskum endurskoðendum. ISA staðlarnir voru innleiddir í Noregi í kringum aldamótin. Varð mönnum þar snemma ljóst að minni endurskoðunarfyrirtæki væru á flæðiskeri stödd ef þau hefðu ekki í höndunum tól til að uppfylla skjölunarkröfur ISA staðlanna. Neyðin kennir naktri konu að spinna og Descartes verkefnið því sett af stað.

Hafa skal í huga að umhverfi endurskoðenda í Noregi er nokkuð frábrugðið því sem þekktist hér á landi. Stéttin er í raun tvískipt, annars vegar þeir sem sinna endurskoðun eingöngu og síðan þeir sem sinna uppgjör- og bókhaldsþjónustu. Sjaldgæft er að endurskoðendur sinni hvoru tveggja enda um

tvær tegundir löggildinga að ræða. Einnig bjuggu Norðmenn við fulla endurskoðunarskyldu á öllum félögum með takmarkaða ábyrgð, óháð stærð eða eðli, þangað til nýlega að endurskoðunarskyldunni var lyft af minnstu félögunum. Þröskuldurinn fyrir endurskoðunarskyldu er engu að síður mjög lágur í alþjóðlegum samanburði.

Þessar aðstæður kölluðu á þægilegt og aðgengilegt endurskoðunartól sem væri sérstaklega hannað fyrir endurskoðun lítilla og meðalstórra fyrirtækja, af litlum og meðalstórum endurskoðunarfyrirtækjum.

Útrásin

Reynsla Norðmanna af kerfinu hefur verið einstaklega góð. Í raun hefur skapast samfélag meðal notenda hugbúnaðarins þar sem notendur geta leitað sér bæði faglegrar og tæknilegar aðstoðar. Þannig geta norskir notendur sótt sér ýmis gögn og sniðmát beint í gagnagrunn síns kerfis til notkunar við endurskoðun. Notendur deila reynslu sín á milli og skiptast á gögnum og upplýsingum um notkun kerfisins.

Kerfið var síðan þýtt yfir á ensku og farið að huga að útrás. Íslenskir notendur kerfisins voru því með fyrstu notendum ensku útgáfunnar. Nú hafa fleiri lönd bæst í hópinn auk þess sem Alþjóðabankinn sýndi kerfinu töluverðan áhuga.

Kerfið hefur einnig verið notað nokkuð við kennslu í endurskoðun í norskum háskólum. Samhliða innleiðingu kerfisins hér á landi var kerfið kynnt íslenskum háskólum og hafa bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík boðið nemendum sínum upp á að kaupa útgáfu af kerfinu sér gagns og gamans þó svo kerfið hefur ekki verið notað beint við kennslu hér á landi.

Einyrkjabandalagið

Viðbrögð hér á landi voru góð. Notendur voru um 60 talsins í 27 endurskoðunarfyrirtækjum. Þar var Ríkisendurskoðun stærsti einstaki notandi kerfisins. Hingað til lands komu fulltrúar frá DnR og Bouvet og þjálfuðu þrjú einstaklinga sérstaklega í þeim tilgangi að halda grunnnámskeið fyrir notendur hér á landi og til að miðla þekkingu sinni og reynslu.

Á svipuðum tíma tók sig saman nokkuð stór hópur endurskoðenda, sem allir höfðu rekið endurskoðunarstofur einir eða í samstarfi við fáa aðra og stofnuðu með sér félag, Íslenskir endurskoðendur ehf. Félagið hefur verið leiðandi í kennslu, aðstoð við aðra endurskoðendur og ráðgjöf við notkun kerfisins. Einnig hafa Íslenskir endurskoðendur haldið úti sérstökum



Þjónustuvef þar sem notendur geta sótt sér gögn og sniðmát sem unnt er að setja upp á þeirra kerfi og einfalda þannig notkun kerfisins. Hafa Íslenskir endurskoðendur og FLE haft með sér sérstakt samstarf með þennan þátt og er það mikilvægur liður í innleiðingarferlinu.

Er frelsari vor fæddur?

Reynsla af kerfinu hefur verið misjöfn. Í skemmstu máli má segja að kerfið reyndist ekki jafn mikil töfralausn eins og margir höfðu vonast eftir. Kerfið leiðir notandann ekki í gegnum endurskoðunarferilinn með einföldum fyrirfram uppsettum endurskoðunarfyrirmælum heldur er gerð sú krafa til notandans að hann þekki aðferðarfræði ISA staðlanna. Kerfinu má því frekar lýsa sem nokkurs konar ramma til að uppfylla skjölunarkröfur ISA staðlanna.

Einnig hentar kerfið ekki sérstaklega sem skjalakerfi fyrir vinnupappíra, líkt og margir gerðu ráð fyrir og þekkja úr sambærilegum kerfum sem eru í notkun hjá stærri endurskoðunarfyrirtækjum.

Þó verður að segjast að ástæðu þessara vonbrigða megi fyrst og fremst rekja til mikilla væntinga sem gerðar voru til kerfisins í upphafi. Kostir kerfisins eru hins vegar þeir að það er einfalt í notkun og rammar nokkuð vel inn annars ítarlegar kröfur ISA staðlanna. Það gefur notendum einnig nokkuð frjálsar hendur við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar sem þó uppfylla skjölunarkröfur ISA staðlanna en eru þó í samræmi við íslenskar aðstæður og stærð þeirra fyrirtækja sem verið er að endurskoða. Einnig er auðvelt að koma sér upp gagnagrunni af skjölunar- og endurskoðunarfyrirmælum og setja upp sniðmát sem nýtist þá við stofnun nýrra verkefna í kerfinu. Slíkt kallar á mikla upphafsvinnu. Notendur geta hins vegar sparað sér þá vinnu þar sem slík gögn eru aðgengileg notendum á þjónustuvef Íslenskra endurskoðenda gegn vægu gjaldi.

Staðreyndin er þó sú að enginn verður sérfræðingur í notkun kerfisins á einni nóttu. Kerfið getur hins vegar verið mjög öflugt tól þegar kunnátta og færni notandans vex.

Enginn er eyland

Það er mat undirritaðs að innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla þurfi að vera samstillt áttak. Þeir sem vilja standast þær kröfur sem gerðar eru til nútíma endurskoðunar standa allir gagnvart sömu viðfangsefnum og því mikilvægt að til staðar sé vettvangur þar sem menn geta aflað sér aðstoðar og ráðgjafar, og eftir atvikum sáluhjálpar. Hafa þarf í huga að hér er um langtímaverkefni að ræða sem ekki verður klárað á einni nóttu. Descartes innleiðingin er mikilvægur hlekkur í þessu átaki og hefur reynslan af því starfi sem átt hefur sér stað verið góð. Það hafa niðurstöður opinbers gæðaeftirlits borið sérstaklega með sér.

Það skal einnig hafa í huga að viðfangsefni sem við glímum við hér á landi eru ekki einskorðuð við Ísland. Í nágrennalöndum okkar hefur verið mikil umræða um þær miklu kröfur sem gerðar eru til endurskoðunar fyrirtækja og að ekkert skuli slegið af þeim kröfum í endurskoðun á minni fyrirtækjum. Hafa fagfélög endurskoðenda á Norðurlöndunum sett þetta á oddinn, þrýst á breytingar á staðlaverki eða kallað á breytingar á regluverki í sínum löndum. Við stöndum því ekki ein frammi fyrir þessum viðfangsefnum.

Horft til framtíðar

Væntingar eru um að notkun kerfisins eiga eftir að aukast þegar fram líða stundir. Bæði hafa fleiri endurskoðunarfyrirtæki tekið kerfið í sína notkun auk þess sem vitað er til þess að fjölmargir sem voru í upphaflegum hóp notenda hafa ekki innleitt hjá sér kerfið að fullu ennþá. Eftir því sem notendahópurinn vex mun samfélagið í kringum kerfið fara stækkandi og það er von mín að kerfið muni að lokum standa undir væntingum allra þegar fram líða stundir.

Sturla Jónsson

Af hverju fóru endurskoðendurnir yfir götuna?

Því þeir litu á vinnupappírana frá því árið áður og sáu að þeir höfðu gert það þá.

Tveir endurskoðendur voru í banka þegar tveir bankaræningjar ryðjast inn í bankann með láttum. Annar ræningjanna fer og tæmir peningaskúffur gjaldkeranna en hinn stillir viðskiptavininum upp við vegg og byrjar að hirða af þeim veski og önnur verðmæti. Meðan á þessu stendur réttir einn endurskoðandinn hinum eitthvað samanvöðlað án þess að þeir líti niður. „Hvað er þetta“ spyr hinn endurskoðandinn. „Þetta eru 5 þúsund krónurnar sem ég fékk lánaðar hjá þér í síðustu viku“

Félagsmenn erlendis



**Guðmundur Magnason
í Kanada**

Þannig er mál með vexti að ég er fæddur í Montreal í franska hluta Kanada og síðar uppalinn á heimalandinu Íslandi. Það var ávallt í undirmeðvitundinni að fara yfir hafið og sjá fæðingarstaðinn einhvern tíma. Árin liðu og eftir skólaárin, stofnun fjölskyldu og að fenginni löggildingu, varð að taka ákvörðun, nú eða aldrei. Ekki varð úr að við færum til „litlu Parísar“ að þessu sinni. Samkvæmt umsögnum góðra manna var Albertafylki í miklum uppgangi, fullt af tækifærum. Lokaákvörðunin var tekin og Calgary borg í „villta vestrinu“ varð fyrir valinu. Upphaflega var ætlunin að dvelja hér í tvö ár eða svo til að kynnast nýrri menningu og kannski víkka svolítið sjóndeildarhringinn. Þessi tveggja ára ævintýraför er nú komin á fjórða áratuginn.

Fyrstu dagarnir í Calgary voru að vetri til. Ég ráfaði um aðal-götur miðborgarinnar til að heimsækja endurskoðunarfyrirtæki í yfir 30 stiga gaddi með íslenska lambaskinnshúfu, í þykkum Zivago frakka og vafði góðum trefli um andlitið. Hárin frusu óþægilega í nasaholunum við andardráttinn. Þetta var heldur ekki góður tími til að sækja um vinnu hjá endurskoðendafyrirtækjum. Mér var tjáð eftir viðtöl við nokkur af helstu stofnunum að ráðningar færu jafnan fram í ágúst-september. Eftir nokkra þrákelkni og þolgæði náði ég betri tengslum við eina af stóru

stofnunum. Viðtölin urðu þrjú. Ég las á milli línanna „hvað veit þessi strákur frá Íslandi um endurskoðun og reikningsskil“? Ég var með gott veganesti frá lærimeisturum mínum á Íslandi og gat sannfært viðmælendur um að ég hefði verið viðriðinn mörg góð og fjölbreytt verkefni þarna uppi á norðurhvelinu. Einnig var mér tjáð í síðasta viðtalinu að firmað legði mikla áherslu á óhæði. „Vissulega“ sagði ég „kjörorðin hjá mínu félagi eru, að það er ekki nóg að vera óháður í reynd, endurskoðandi verður að vera óháður í ásýnd“. Við þetta fékk ég traust handaband og stuttu síðar staðfest tilboð með bréfboða.



Miðbærinn í Calgary

Skrifstofur firmans voru glæsilegar á tveimur hæðum í háhýsi í miðborginni með útsýni í allar áttir þ.á.m. Klettafjöllin í vestri, þakin snjóbreyðum eins og augað eygði, frá norðri til suðurs. Mér varð þegar ljóst eftir nokkur verkefni, að hjá þessu ágæta fyrirtæki var fagmennska og þjónusta fyrir viðskiptavinum í hávegum höfð. Hérna störfuðu vel á annað hundruð manns í ýmsum sérhæfðum deildum.

Til að byrja með voru verkefnin aðallega fyrir einkafyrirtæki, hér stundum nefnd „small business“, en reyndin var þó oft önnur. Síðar starfaði ég við endurskoðunardeildina fyrir olíuiðnaðinn. Þessi iðnaður var nýr heimur þar sem sérhæfing gildir hjá öllum fagstéttum, endurskoðendum, lögfræðingum, jarð- og jarðeðlisfræðingum svo dæmi séu nefnd. Einnig gilda margar sérreglur í skattalögum fyrir þennan iðnað.

Eftir liðlega áratug varð ég var við starfsleiða, sama rútinan og á stundum var yfirvinna mikil. Svo varð úr að ég fylgdi mörgum starfsbræðrum sem fóru út til fyrirtækjanna. Það var mun algengara hér en heima á sínum tíma. Um eða yfir 50% leituðu til fyrirtækjanna og margir hverjir strax við löggildingu. Ég fékk



Þrjár kynslóðir í Kanada



Björn afastrákur fagnar nýju ári

inni hjá einu viðskiptafyrirtæki firmans, reyndar í óskyldum iðnaði, stóru fólksflutningafyrirtæki. Fyrst við innri endurskoðun og síðar við fjármáladeildina. Nú sat ég hinum megin við borðið svo að segja, kominn inn í pólitík „Corporate Ameríka“. Nú þurfti að taka ákvarðanir fremur en að gefa ráðleggingar og fyrirtækjameningin gjörólík. Störfín voru þó að öllu jöfnu skemmtileg, ferðalög víða um land, allt á milli Vancouver, British Columbia til Windsor, Ontario. Þannig hlóðust vildarpunktarnir upp frá flugfélögum og hótélum. Það var mikið um ráðstafanir vegna endurskipulagningar og rekstrarhagræðingar innan fyrirtækisins á þessum árum, ráðningar og uppsagnir ársfjórðungslega, „hire-fire“. Aftur veruleg yfirvinna um skeið. Datt mér þá í hug gamli málshátturinn að ekki er grasið alltaf grænna hinum megin. Einhvern veginn, í gegnum árin, gátum við innan fjárhagsdeildarinnar hrist þessar endurskipulagningar af okkur þangað til að stórt breskt fyrirtæki tók yfir reksturinn og flutti stóran hluta af rekstrardeildunum og alla fjármálastarfsemi til stöðva sinna í Bandaríkjunum. Nú var fyrirtækið orðið „Petty Cash“ á efnahagsreikningi yfirtökufyrirtækisins.

Eftir þetta var ég ekki í fullu starfi í u.þ.b. tvö ár, tók lífinu rólega, en fékkst við smáverkefni og skattskil þar til mér barst óvænt tilboð að starfa við fjármáladeild einkafyrirtækis, sem framleiðir nýþróaðar olíudætur og hefur starfsemi í flestum heimsálfum. Svo ég er strangt til tekið enn við fagið, þótt hinum megin við borðið sé. En sólin sígur hægt til vesturs hvað störfín snertir, tekur kannski eitt til tvö ár.

Hvað viðkemur íslensku vinnuumhverfi nú og núverandi vinnuumhverfi hér, get ég ekki farið mörgum orðum um, vegna langrar fjarveru. Við félagsmenn FLE fáum af og til bréf frá Sigurði og Hrafnhildi, sem hefur gefið mér nasasjón af hvað hefur skeið heima fyrir. FLE hefur komið langan veg á 75 árum, og félagið og nefndir þess hafa gert mjög vel í sambandi við áframhaldandi betrubætur. Við samanburð hér og þá heima fyrir tel ég að vinnuumhverfið hafi verið í grundvallaratriðum

álíka. Menntunarkröfur til endurskoðendanáms á Íslandi hafa síðan aukist verulega og einnig er námsefnið nú ítarlegra og fjölbreyttara. Þegar ég hlaut löggildinguna á Íslandi var ekki komin formleg handbók um reiknings- og endurskoðunarstaðla, e.t.v. nokkrar verklagsreglur. Þá var stuðst við almennar venjur í þessum málum eins og að nemendur lærðu hjá sínum meisturum. En í sumum tilfellum, einkum meðal stærri stofanna, var þó farið að styðjast við Alþjóðastaðalinn og jafnvel við þann bandaríska. Þá voru til dæmis ekki kennd samstæðureikningskil við námið og skattfrestun (deferred income taxes) ekki færð í reikningsskilum. Fyrirtæki heima fyrir notuðu þó jafnan sömu afskriftarreglur í bókum sínum eins og leyfð voru í skattalögum og var því þessi staðall nær óþarfur. Þessar nýju aðferðir fyrir mig, komu með kalda vatninu hér.

Í endurskoðunarferlinu hér var mun meiri tíma varið í mat á endurskoðunarhæfi, yfirferð á kerfislýsingum og flæðiritum, mat á áhættu og prófun á innra eftirliti með ýmsum úrtaksaðferðum. Aðferðafræði endurskoðunarinnar hefur þó breyst að nokkru leyti hér, endurskoðendur kanna og meta nú í ríkara mæli hvað stjórnendur gera yfir árið til að viðhalda góðu innra eftirliti, meta verk innri endurskoðenda og þar sem við á endurskoða skýrslur og staðfestingar samkvæmt kröfum Sarbeynes Oxley (hér kallað SOX). Einnig eru endurskoðunarnefndir jafnan skipaðar innan almenningshlutafélaga.

Það hefur margt gerst um dagana hér og reynt hefur verið að stikla á stóru í þessari grein. Þegar ég lít til baka segi ég með sanni að endurskoðunarstarfið hefur verið ánægjulegt og reynsluríkt. Ungu fólki, sem stendur á vegamótum hvað taka eigi fyrir í háskólanáminu, bendi ég á að endurskoðunarnámið er verðugt íhugunar.

Lífið hefur verið gott hér og veðurfar ekki alltaf eins slæmt og ég nefndi í upphafi. Við fáum hér af og til hnúkaþey, sem kemur frá Kyrrahafinu yfir Klettafjöllin. Þá getur orðið ansi mikill munur á hitastigi frá degi til dags. Til gamans má geta, þegar við kvörtuðum yfir kuldanum við komuna hér brosti fólk og sagði „hvað eruð þið að kvarta, frá Íslandi, við héldum að þið væruð hér í sumarfríi“.

Það er alltaf sterk taug sem tengist heimlandinu. Ferðir yfir Atlantshafið hafa verið með nokkuð jöfnu millibili gegnum árin til að heimsækja ættingja og vini og að sjálfsgöðu til að sjá Esjuna í vetrarbúningi eða undir sólroðnum skýjum. Einnig var ég þess aðnjótandi að koma í kaffi á 75 ára afmælishátíðinni og sitja með gömlum vinnufélögum. Á milli ferðanna verður mér oft hugsað til Klettafjallaskáldsins og kvæði hans „Þótt þú langföruill legðir...“ Eins og vitað er, þá settist Stephan G. á sínum tíma að í Markerville, sem er stutt fyrir norðan Calgary. Með framlagi Íslendingafélaganna í N-Ameríku og Albertastjórnar var hús hans og bú gert að sögusafni.

Ég vil nota tækifærið til að óska öllum innan FLE og fjölskyldum þeirra gleðilegs nýs árs og áframhaldandi velgengni á komandi árum.



Félagsmenn erlendis

*Ómar Gunnar Ómarsson
í Svíþjóð*

Í dag erum við fjölskyldan búsett í Lundi í Svíþjóð, en við komum hingað út um mitt ár 2010 og hefur okkur líkað afskaplega vel. Ástæða þess að fjölskyldan fór erlendis var sú að kona mín sérhæfir sig sem svæfingarlæknir. Planið mitt var ekki eins niðurneglt og hjá konunni, en það virðist oft vera þannig með maka lækna sem fara erlendis. Ég var þó ákveðinn í upphafi að þetta ævintýri okkar ætlaði ég að nýta mér. Nýkominn af Dale Carnegie námskeiði hjá Deloitte setti ég markmiðasetningar strax í gang. Ég hafði unnið á endurskoðunarskrifstofu á Íslandi í tæp átta ár og þó ég hafi ekki verið viss á þeim tíma, þá reyndi ég að telja mér trú um það að það væri hægt að gera eitthvað annað í lífinu. Ég setti niður á blað hjá mér þrjú atriði sem ég ætlaði að ná fram og geta tékkað við þegar ég kæmi heim. Þessi þrjú atriði sem ég setti á blað voru að læra sænskuna, fá starfsreynslu erlendis og nýta þennan tíma til að læra aðeins meira.



Ómar Gunnar í faðmi fjölskyldunnar



Ómar Gunnar með Bryndísi Huldu í Svíþjóð

Til að ná mér í fyrsta x-ið á tékklistann skellti ég mér í strangt sænskunám. Burtséð frá Dale Carnegie markmiðasetningu minni, taldi ég mikilvægt að taka sænskuna strax föstum tókum til að skilja Svíana í framhaldinu. Ég komst þó að því að það þarf meira en sænskunámskeið til að skilja Svíana. Ekki aðeins vegna þess að Svíarnir séu nokkuð sér á báti þá er skánskan (mállýska) hér í suður-Svíþjóð ekki fyrir nokkurn mann að skilja. En þökk sé góðu sænskunámi og miklum lestri get ég sett gott x í tékklistann við sænskukunnáttu.

Kross tvö í tékklistann kom ekki að himnum ofan. Skapaðist það helst að því að það er ekki þannig hér á Lundar-Malmö svæðinu að atvinnuboðum rigni inn um bréfalúguna. Hér er atvinnuleysi mikið og ég held að það sé nánast tvöfalt á við það sem gerist á Íslandi, þrátt fyrir að Jóhanna og Steingrímur komi þar hvergi nálægt. En volæði og leiðindi er eitthvað sem ég forðast almennt og í vor leitaði ég til Noregs eftir atvinnu, því krossinn við atvinnureynslu erlendis skyldi koma. Það var allt annað hljóð í Norðmönnum, því umsókn mín var varla komin til Noregs þegar ég var kominn með atvinnutilboð frá Deloitte í Stavanger. Ég tók þessu góða atvinnuboði og núna vinn ég á endurskoðunarsviði Deloitte í Stavanger, þar sem áhersla er lögð á bankastarfsemi og önnur fyrirtæki sem gera upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Einnig hef ég dottið inn í önnur verkefni sem snúa að fyrirtækjum í olíugeiranum, en hér snýst allt um olíu og ekki óeðlilegt að Stavanger sé kallað Dubai norðursins. Kross tvö er því á góðri leið á blaðið góða.

Síðasti krossinn var svo að setjast aðeins meira á skólabekk. Það er alveg klárt að búandi í Lundi þá má ég nú varla koma heim með minna en tvær háskólagráður, veit um einn sem kom heim með fimm (Georg Bjarnfredarson). Fyrsta skrefið var að ná mér í mastersgráðu í reikningsskilum og endurskoðun. Öllum námskeiðum í mastersnáminu er nú lokið, en þessa dagana er ég að klára mastersritgerðina mína sem snýr að rannsókn á ráðningu endurskoðanda að undangengnu útboði. Í framhaldinu er stefnan sett á seinni háskólagráðuna til að klára síðasta Dale Carnegie krossinn og koma mér heim.



Félagsmenn erlendis

Birgir Finnbogason í Skopje

Árin 2008 og 2009 voru að ýmsu leiti róstarsöm fyrir mig og mér fannst kominn tími til að láta gamla hugmynd rætast og þreifa fyrir mér með starf erlendis. Ég hafði engan sérstakan áfangastað í huga og leitaði því hófanna í flestum heimsálfum, þó minnst í norður Evrópu. Auglýsing frá ÖSE/OSCE (Organization for Security and Co-operation in Europe) á starfi yfirmanns stjórnáslu og fjármála (Head Administration and Finance) á starfsstöð stofnunarinnar í Skopje vakti athygli mína og ég ákvað að sækja um. Það var síðan á viðburðaríkum afmælisdegi mínum haustið 2009 sem ég var boðaður í símaviðtal og í framhaldi af því í þriggja daga ferð til Skopje til klukkustundar starfsviðtals. Mér var boðið starfið, ef til vill hafði ég útlitið með mér, þó svo óheppilega hafi viljað til að farangurinn kom ekki samtímis mér og ég varð því að klæða mig upp í krumpuð ferðafötin. Ég vissi ósköp lítið um Makedóníu en ákvað að slá til og hella mér út í óvissuna. Makedónía eins og landið er almennt kallað fær þó ekki að nota það heiti opinberlega í alþjóðasamskiptum því sögulega séð er hin forna Makedónía hluti af fjórum löndum, Makedoníu (FYROM – former Yugoslav Republic of Macedonia), Grikklandi, Búlgaríu og Albaníu. Nágrannarnir í suðri, Hellenska lýðveldið (Grikkland), er ekki tilbúið að leyfa fyrrum Júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu að nota það heiti yfir landið og kemur m.a. í veg fyrir aðild Makedóníu að NATO og Evrópusambandinu á meðan nafnamálið svokallaða er óleyst. Þó þetta nafnamál hafi verið um langan tíma eitt stærsta milliríkjadeilumálið er það ekki ástæða þess að ÖSE er með starfsstöð í landinu. Þegar sambandsríkið Júgóslavía leystist upp urðu mikil átök á Balkanskaganum og einna hörðust í Kósónó sem liggur að Makedóníu í norðri og var (er) hluti af Serbíu. Óttast var að átökin færðust yfir til landsins og ÖSE setti því upp starfsstöð í Makedóníu árið 1992 til að fylgjast með ástandinu. Í Makedóníu búa nokkur þjóðarbrot sem byggja á ólíkri menningu, en stærsti minnihlutahópurinn er af Albönskum uppruna og á því mikla samleið með meirihluta íbúa Kósónó. Þess vegna er landið viðkvæmt fyrir því eldfima ástandi sem enn er til staðar á Balkanskaganum en árið 2001 kviknaði ófriðarbál og Makedónía var á barmi borgarastyrjaldar. Ástandið í dag er þó skaplegt og umsvif ÖSE minnka ár frá ári á sama tíma og landið nálgast óðfluga aðild að Evrópusambandinu og erlend fyrirtæki setja í auknum mæli upp starfsemi í landinu.

Það er ekki hægt að segja að starfið sem ég gegni sé beint á fagsviði endurskoðanda. Auðvitað nýtist reynsla mín og fagþekking á margan hátt en stjórnunarreynsla vegur þó þyngra.

Starfið felst í því að sjá um daglegan rekstur, en undir minni stjórn eru fjármál, starfsmannamál, upplýsingatækni, innkaup, eignaumsjón, rekstur ökutækja og skjalastjórnun. Þetta virðist nokkuð umfangsmikið, en er þó tæknilega tiltölulega einfalt því verkferlar eru vel skilgreindir og verksvið og störf vel afmörkuð. Stofnunin notar Oracle upplýsingakerfi sem er mjög fastmótað og virkar alveg þrýðilega. Lítið um séraðlaganir nema þá fyrir stofnunina í heild og menn læra að lifa með því sem þeim er fengið í hendur en byggja upp sérlausnir í öðrum kerfum ef þeir hafa efni á. Eitt af því sem vakti athygli mína strax er hve mikil virðing er borin fyrir fjárhagsáætluninni. „Frammúrkeyrsla“ er hugtak sem þekkist ekki í heimi ÖSE og mér datt ekki í hug að reyna að efna til fræðslu um þá íslensku rekstrarmenningu. Ástæðuna fyrir því að ekki er farið fram úr má einkum rekja til góðs og fastmótaðs skipulags innkaupa, starfsmannaráðningar umfram fyrirfram samþykktar starfsheimildir þekkjast ekki og viðtekið er að leggja fram mánaðarleg uppgjör í fyrstu eða annarri viku eftir uppgjörsmánuð, yfirfara og kynna fyrir stjórnendum einstakra rekstrareininga. Það þykir gott að loka árinu með 97% - 98% nýtingu, 99% - 100% er frábært en allt þar yfir er rauða spjalðið. Með einfaldara kerfi mætti efalaust ná sama árangri en mér þykir ansi oft miður hve fjármunir sem veittir eru til starfseminnar brenna upp í skrifræði og óskilvirkni þannig að þekkt óhægræði og yfirbygging í íslensku stjórnkerfi er léttvægt í þeim samanburði. Ef það er rétt að veða saman framúrkeyrslu og skrifræði, þá er ég viss um að hægt er að létta á báðum ásum og ná jafnvægi og svipuðum árangri fyrir minni fjármuni. Þess konar verkefni fer væntanlega ekki á dagskrá að nokkurri alvöru í fyrirséðri framtíð. Fyrir þá sem hafa gaman af að „tukta til í kerfinu“ er ÖSE ekki rétti starfsvettvangurinn, en ef menn eru sáttir við að fá lífsreynslu, upplifun, útrás fyrir hóflega stríðni og horfa á kerfið svífa inn í framtíðina á pólitískum vængjum, þá má hafa töluvert út úr þessu starfsumhverfi og þrífast vel til lengri tíma.

Fyrir mig hefur tíminn hjá starfsstöð ÖSE í Skopje verið mikil upplifun og lífsreynsla og minnir á margan hátt á umhverfi sem lýst er í bókunum Stasiland¹ og Rússland Pútíns². Nú er að koma að leiðarlokum, þriggja ára samningur uppfylltur og tími sem ég hefði ekki viljað missa af, að enda. En næsti áformaði áfangastaður minn á flakki um heiminn er Bandaríkin, land tækifæranna. Hver veit nema ég fari að rækta þar tannþræði líkt og Frank Zappa söng svo hnyttilega um í lagi sínu Montana³.

1. Stasiland; Anna Funder
2. Putins Russland; Anna Politkovskaja
3. Lag af Over-Nite Sensation 17 hljóðversskífu Frank Zappa og The Mothers of Invention



Félagsmenn erlendis

*Sigurjón Geirsson
í Ósló*

Ég, Sigurjón Geirsson, fluttist til Ósló ásamt fjölskyldunni sumarið 2010. Ástæða þess að við fluttum er að eiginkona mín, Harpa Stefánsdóttir arkitekt, er að vinna að doktorsverkefni í skipulagsfræðum við norskan háskóla. Sjálfur er ég að vinna á ráðgjafasviði Ernst & Young í Ósló.

Ég og konan höfum áður búið í Noregi, á árunum 1988-1993. Þetta voru fyrstu fimm árin eftir að ég lauk háskólanámi, en þá var konan mín í námi við Arkitektaháskólann í Ósló. Þá starfaði ég hjá PWC a.s. Ég var þá að vinna við ytri endurskoðun einkum endurskoðun alþjóðlegra fyrirtækja, s.s. Nike, Reuters, og Ericsson, auk banka og fjármálafyrirtækja. Á þessum tíma var bankakreppa í Noregi. Ég sérhæfði mig í endurskoðun banka og fjármálafyrirtækja, með áherslu á m.a. mat á útlánnum og yfirtökueignum bankanna. Jafnt nú sem og þá hefur aðalviðfangsefni mitt innan endurskoðunar og ráðgjafar í Noregi verið fjármálafyrirtæki og stærri alþjóðleg fyrirtæki.

Norðmenn lærðu mikið af bankakreppunni. Þeir leggja mikla áherslu á aga, nákvæmni og gott skipulag í stjórnáslu og rekstri fyrirtækja, ekki síst þegar kemur að rekstri fjármálafyrirtækja. Því

standa þeir mjög framarlega þegar kemur að áhættustýringu og innra eftirliti hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum. Þar hafa Norðmenn tileinkað sér vandvirkni ásamt öguðum en um leið skilvirkum vinnubrögðum. Ég tel að Íslendingar geti lært mikið af Norðmönnum á þessum sviðum.

Það er ýmislegt við vinnustaði í Noregi sem er öðruvísi en hér á landi. Norðmenn leggja mikla áherslu á að vinna markvisst og nákvæmt, svo mikið verði úr verki. Frítíminn er svo verðlagður hátt sem gerir það að það að verkum að lítill tími gefst oft til að kynnast samstarfsfélögum. Menntu eru duglegir að einbeita sér og vinna skipulega og gera sömu kröfur til sinna samstarfsfélaga. Á Íslandi gerir fólk hluti gjarnan meira eftir sínu eigin höfði. Hér verður vinnudagurinn því oft á tíðum lengri, án þess að það skili sér þó endilega í samsvarandi vinnuafköstum.

Um þessar mundir eru ég og fjölskylda mín að flytja heim aftur og hef ég tekið við stöðu yfirmanns ráðgjafasviðs Ernst and Young á Íslandi. Ég mun hins vegar halda stöðu minni í fjármálateymi Ernst & Young á Norðurlöndunum, Ernst & Young Norden, og sinna áfram verkefnum úti samhliða störfum mínum hér á landi.

Læknir kemur inn til sjúklings sem bíður eftir nýju hjarta. „Ég er með góðar fréttir“ segir læknirinn „þetta er afar óvenjulegt, en við getum valið milli tveggja líffæragjafa“. „Við hvað störfuðu þeir“ spyr sjúklingurinn. „Annar var kennari, en hinn var endurskoðandi“ segir læknirinn. „Ég vel hjarta endurskoðandans“ segir sjúklingurinn „Þá er ég öruggur um að það sé lítið notað“.

Læknir kemur til sjúklings og segir „Ég er með slæmar fréttir, þú átt einugis 6 mánuði ólifaða“. „Ó nei, hvað get ég gert“ spyr sjúklingurinn. „Ég mæli með að þú finnr þér endurskoðanda og giftist honum“ segir læknirinn. „Mun ég lifa lengur ef ég geri það“ spyr sjúklingurinn. „Nei“ segir læknirinn „ en þér mun alveg örugglega líða eins og þú hafir gert það“



Gæðaeftirlit, verklag, mat og samræming

Valgerður Kristjánsdóttir er formaður gæðanefndar FLE

Í grein þessari leitast gæðanefnd við að veita félagsmönnum FLE innsýn í framkvæmd gæðaeftirlits sem sinnt er á vegum FLE, hvers sá sem sætir eftirliti megi vænta og hver taki ákvörðun um endanlega niðurstöðu. Í samræmi við lög um endurskoðendur sem tóku gildi þann 1. janúar 2009 er það hlutverk FLE að annast gæðaeftirlit í samráði við endurskoðendaráð, sbr. 4. tl. 13. gr. og laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Markmið gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda er að tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyriertæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, síðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda þ.m.t. alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Þá beinist gæðaeftirlitið enn fremur að því að kanna hvort endurskoðunarfyriertæki hafi uppfyllt ákvæði um gæðastjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISQC 1 (International Standard on Quality Control 1).

[Gæðaeftirlitinu er stýrt af endurskoðendaráði, sbr. 3. tl. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þar kemur fram að endurskoðunarráð skuli fylgjast sérstaklega með að reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyriertækja fari fram. Hlutverk gæðanefndar er að annast framkvæmd gæðaeftirlitsins í umboði endurskoðendaráðs.](#)

Allir félagsmenn FLE hafa kost á því að gerast gæðaeftirlitsmenn, en FLE auglýsir árlega eftir aðilum sem hafa áhuga á að sinna þessu verkefni. Fyrir gæðaeftirlit 2012 eru 17 löggiltir endurskoðendur gæðaeftirlitsmenn og áætlað er að 38 aðilar sæti eftirliti. Aðkoma gæðanefndar FLE hefst að hausti hvers árs og fyrsta verk nefndarinnar er að hitta eftirlitsmenn á námskeiði sem haldið er á vegum nefndarinnar til undirbúnings fyrir gæðaeftirlitið. Endurskoðendaráð ákveður hverjir skuli sæta gæðaeftirliti hverju sinni og sendir boðunarbréf til viðkomandi aðila þar sem þeim er tilkynnt um fyrirhugað eftirlit. Framkvæmdastjóri FLE sendir þeim sem sæta gæðaeftirliti bréf um sameiginlegan skilning á framkvæmd gæðaeftirlitsins. Þegar undirritað bréf um sameiginlegan skilning liggur fyrir geta gæðaeftirlitsmenn framkvæmt sjálft eftirlitið með heimsókn til þeirra sem sæta eftirliti.

Grundvöllur framkvæmdar gæðaeftirlitsins eru fjórir gátlistar sem birtir eru með reglum um framkvæmd gæðaeftirlits (771/2012). Gátlisti 1 varðar ákvæði laga og reglna, gátlisti 2 varðar endurskoðunarfyriertækið og innra gæðakerfi þess, gátlisti 3 varðar yfirferð einstakra endurskoðunarverkefna og gátlisti 4 varðar einingar tengdar almannahagsmunum. Gæðaeftirlitsmenn meta hvaða gátlistar eru viðeigandi hverju sinni. Reglurnar ásamt gátlistum má finna á vef Atvinnuvegaráðuneytisins sem og innri síðu FLE. Gæðaeftirlitsmenn framkvæma gæðaeftirlitið með yfirferð á þeim spurningum sem fram koma í gátlistunum og yfirferð á viðeigandi gögnum hjá endurskoðandanum. Eftirlitsmenn fylla síðan út gátlistana á grundvelli þeirrar yfirferðar.

Þegar gæðaeftirlitsmenn hafa lokið heimsókn sinni og fyllt út viðeigandi gátlista útbúa þeir eftirlitsskýrslu þar sem fram kemur niðurstaða þeirra. Í eftirlitsskýrslunni kemur fram hvort um alvarlegar athugasemdir var að ræða og fjöldi þeirra ef við á, sama á við um ábendingar. Eftirlitsmenn taka ekki afstöðu eftir skoðun sína, heldur er það endurskoðendaráð sem metur niðurstöður gæðaeftirlitsins og tekur afstöðu til frekari meðferðar á grundvelli ákvæða laga um endurskoðendur.

Eftirlitsskýrslan er send gæðanefnd til yfirferðar áður en hún er birt aðilum sem sæta gæðaeftirliti. Þetta vinnulag var framkvæmt í fyrsta sinn í gæðaeftirliti 2011, en gæðanefnd hefur m.a. það hlutverk að samræma eftirlitsskýrslur. Gæðanefnd les yfir allar eftirlitsskýrslur og gátlista og metur hvort samræmi sé í mati gæðaeftirlitsmanna á alvarlegum athugasemdum og ábendingum. Þetta er gert til að tryggja að sambærileg athugasemd sé ekki skilgreind sem alvarleg athugasemd á einum stað en ábending á öðrum.

Við yfirferð gæðanefndar á einstökum eftirlitsskýrslum er nafnleyndar gætt. Gæðanefnd framkvæmir alla sína yfirferð á númerum en aðeins framkvæmdastjóri FLE, endurskoðendaráð og viðkomandi gæðaeftirlitsmenn vita hverjir sæta eftirliti hverju sinni. Gæðaeftirlitsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum, sem og gæðanefnd og framkvæmdastjóri FLE. Allir þessir aðilar undirrita sérstaka yfirlýsingu um óhæði og þagnarskyldu áður en gæðaeftirlitið sjálft hefst.

Þegar gæðanefnd hefur lokið yfirferð á eftirlitsskýrslum senda gæðaeftirlitsmenn þeim sem sætir gæðaeftirliti eftirlitsskýrsluna. Í samræmi við reglur um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda nr. 771/2012 fá aðilar tíu daga andmælarétt frá þeim degi sem þeir hafa móttekið skýrsluna. Hafi ekki borist svar innan þess tíma verður litið svo á að andmælarétturinn verði ekki nýttur og ofangreindri skýrslu því skilað til endurskoðendaráðs án andmæla eða athugasemda.

[Endanleg niðurstaða gæðaeftirlitsins er í höndum endurskoðendaráðs en Félag löggiltra endurskoðenda kemur ekki að þeim hluta gæðaeftirlitsins. Endurskoðendaráð byggir niðurstöður sínar á eftirlitsskýrslum gæðaeftirlitsmanna og tekur afstöðu til frekari meðferðar á grundvelli ákvæða laga um endurskoðendur.](#)

Mikilvægt er að hafa í huga að markmið gæðaeftirlitsins er að tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyriertæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um endurskoðendur. Gæðaeftirlit getur einnig verið vettvangur til að miðla þekkingu og auka vísýni starfandi endurskoðenda, bæði þeirra sem sæta eftirliti sem og þeirra sem annast framkvæmd þess.

Valgerður Kristjánsdóttir



Reikningsár fyrirtækja ættu að vera mismunandi

Jón Rafn Ragnarsson er löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf.

Laugardaginn 20. janúar 1979 birtist viðtal við þáverandi formann Félags löggiltra endurskoðenda, Ólaf Nilsson, á viðskiptasíðu Morgunblaðsins enda var tími reikningsskilanna að ganga í garð og því ekki úr vegi að fjalla um málefni endurskoðenda. Í viðtalinu sagði Ólafur m.a.: „Ljóst er að vinnuálagið á þessa stétt er mjög mikið á vissum árstímum og æskilegt að því yrði dreift jafnar yfir árið t.d. með því að hafa annað reikningsár hjá fyrirtækjum en almanaksárið“.

Á viðskiptasíðu Morgunblaðsins í mars 1991 er viðtal við Ernu Bryndísi Halldórsdóttur endurskoðanda og hún spurð hvaða breytingu hún vilji aðallega gera hjá endurskoðendum og svarar hún að það sé t.d. mjög erfitt að reka endurskoðunarstofu vegna þess að álagið sé svo miklu meira frá janúar til júní en seinni hluta ársins og það geri allt starfsmannahald erfitt. Hún bætir við að það sé sorglegt hvernig maður hverfur úr lífinu og öllu á þessu tímabili. Maður missir af svo miklu í kringum sig. Ef hún vildi t.d. taka þátt í einhverjum félagsstörfum dettur hún sjálfkrafa út fyrri hluta ársins og síðan koma sumarfrí og eftir það eru aðeins nokkrir mánuðir eftir af árinu.

Þeir sem vinna við endurskoðun vita að starfsumhverfið hefur breyst mikið síðan 1979, árið sem undirritaður fæddist og framangreint viðtal var tekið við Ólaf Nilsson. Við hefur tekið mikil tölva- og tæknivæðing, innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla, alþjóðlegra reikningsskilastaðla, ítarlegri formleg skráning vinnupappíra o.fl. Það sem hefur hins vegar lítið breyst er hið mikla álag sem fylgir hinum dimmu fyrstu mánuðum ársins, þegar endurskoðendur vinna myrkranna á milli. Tilgangur þessarar greinar er þó ekki að vekja athygli á að reikningsár fyrirtækja ættu að vera mismunandi til þess að endurskoðendur geti átt meiri frítíma til að sinna öðrum hugðarefnum fyrstu mánuði ársins. Staðreyndin er hins vegar sú að ársreikningagerð er upplýsingaleikur og með henni er verið að segja sögu. Í sumum tilvikum er starfsemi fyrirtækis þannig að hún er stöðug allt árið um kring og ekki skiptir þá öllu máli þótt tekin sé staða í lok desember, lok mars, lok júlí eða september. Við aðrar aðstæður er fyrirtæki í miðri á í sinni starfsemi þegar flugeldum er skotið á loft við áramót. Gott dæmi um slíkt er t.d. íþróttafélög sem starfa að vetri til, enda er það svo að knattspyrnuveldi eins og t.d. Manchester United og Glasgow Celtic nota reikningsárið frá 1. júlí til 30. júní enda eru tekjusatningar fyrir auglýsendur og kostnaðarsamningar við leikmenn gerðir fyrir það tímabil. Áætlanir eru gerðar miðað við tímabilið og því eðlilegt að gera upp reikningsárið miðað við sama tíma, en ekki við lok almanaksársins. Þetta þekki ég af eigin raun með

stjórnarsetu fyrir handknattleiksfélag sem gerir upp miðað við áramót. Það er mjög sérstakt að setjast niður og skrifa skýrslu stjórnar og rekja málefni fyrra tímabilsins sem er öllum gleymt sem síðari hluti keppnistímabilsins á undan og síðan fjalla um upphaf þess næsta sem er fyrri hluti yfirstandandi keppnistímabils. Í áður nefndu viðtali við Ernu Bryndísi frá 1991 nefnir hún að ríkið og sveitarfélög ættu að hefja reikningsár miðað við 1. september sem hentar miklu betur þeirra starfsemi m.a. vegna þess að þá hefst skólaárið, gatna- og vegagerð og sumarleyfum lýkur á þessum tíma. Þingið hefur störf og fjárlögin gætu þá verið tilbúin á vorin vegna rekstrarársins, sem hefst um haustið. Áramótin skera hins vegar allan þennan rekstur í sundur á miðju tímabili þannig að skýrslugjöfin inniheldur alltaf fyrri hluta og seinni hluta rekstrartímabils en aldrei samfelld rekstrartímabil.

Þannig er þessu einnig farið hjá mörgum fyrirtækjum, þ.e. að reikningsárið sker í sundur starfsemi þeirra á miðju tímabili. Um aldamótin var nokkuð um það að útgerðarfélag gerðu reikningsskil sín miðað við kvótaárið í stað almanaksársins t.d. Vinnustöðin hf., Fiskiðjusamlag Húsasvíkur, o.fl. Eftir nokkur ár breyttu þau flest þó aftur til baka í almanaksárið og sennilega er skýringin sú að með stækkun á virkum verðbréfamarkaði eftir aldamótin var það talið fyrirtækjum til trafala á þeim markaði að vera með annað reikningsár en almanaksárið vegna samamburðar o.fl.

Ölgerðin breytir um reikningsár

Í janúar 2011 dæmdi Hæstiréttur ríkinu í vil í máli nr. 212/2010 sem var Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. gegn íslenska ríkinu. Í málinu gerði Ölgerðin kröfu um að úrskurður Ríkisskattstjóra um synjun á beiðni um breytingu reikningsársins yrði ógiltur. Ölgerðin hafði óskað eftir því að rekstrarárið yrði frá 1. mars til loka febrúar ár hvert. Ríkisskattstjóri synjaði beiðni Ölgerðarinnar á þeim grundvelli að Ölgerðin uppfyllti ekki skilyrði til að fá undanþáguna en þau voru sett fram í ákvarðandi bréfi nr. 3/2004.

Ákvarðandi bréf nr. 3/2004 setur miklar skorður við því að reikningsári sé breytt enda verulegir hagsmunir skattfirvalda og annarra af því að samræmi sé á því hvaða tekjutímabil uppgjör skatta og skattaðila miðist við. Flest þau kerfi sem notuð eru við skattvinnslu eru miðuð við almanaksárið og öll frávik frá því leiða til aukins umstangs og kostnaðar. Vinna við skattlagningu byggir mikið á upplýsingamiðlun og samamburði upplýsinga frá ýmsum aðilum og er því mikilvægt að upplýsingarnar mið-



ist sem mest við sama tímabil. Innheimta opinberra gjalda er miðuð við almanaksárið. Skattskil félaga eru í mörgum tilvikum lögð til grundvallar staðtölugerð og áætlanagerð opinberra aðila. Af þessum ástæðum er rétt að ekki sé vikið frá þeirri meginreglu að álagning skatta sé miðuð við almanaksárið nema til þess standi skýr rök og verulegir hagsmunir skattaðilans. Samkvæmt bréfinu telur Ríkisskattstjóri að nauðsynlegt sé að samræmis sé gætt á landinu öllu og setti því umræddar reglur til viðmiðunar. Sá sem hyggst taka upp eða breyta reikningsári sínu þannig að það falli ekki að almanaksárinu skal því rökstyðja óskir sínar þess efnis og sýna fram á þá hagsmuni sem hann hefur af breyttu fyrirkomulagi. Skattstjóri skal síðan leggja mat á óskir um breytt reikningsár og fallast á þær sé eitthvert eftirfarandi atriða til staðar:

- Að félagið sé að mestu leyti starfandi í atvinnugrein þar sem venjulegt rekstrarár er ekki almanaksárið og annað tímabil sé eðlilegt og algengt að nota til uppgjors á rekstri. Sem dæmi má nefna fiskveiðar þar sem miðað sé við fiskveiðiárið eða skólarekstur þar sem miðað er við fast skólaár. Ekki nægir í þessu efni að til staðar séu venjulegar árstíðasveiflur t.d. í verslun eða þjónustustarfsemi svo sem ferðamennsku.
- Að óskað hafi verið samsköttunar fyrir félagið með móðurfélagi, sem þegar hefur fengið samþykkt annað reikningsár en almanaksárið og að önnur skilyrði samsköttunar séu uppfyllt.
- Að félagið sé í nánnum fjárhags- og eignatengslum við annan aðila, innlandan eða erlendan, sem hefur reikningsár sem víkur frá almanaksárinu og verulegir hagsmunir tengjast því að fjárhagslegt uppgjör aðilanna fari saman. Starfsleg samvinna án fjárhagslegra tengsla eða eignarhald eitt og sér á ekki að ráða í þessum tilvikum.

Meðal þess sem Ölgerðin setti fram í sinni kröfugerð var að það væru miklar sveiflur í rekstrinum, sérstaklega í kringum áramót, en desember væri stærsti sölumánuðurinn og að sama skapi væri því janúar mesti vöruskilamánuðurinn og þar sem þessir tveir mánuðir lenda sitt hvorum megin við áramótin leiddi til þess að meta þyrfti áhrif þeirra á sitt hvort reikningsárið. Taldi Ölgerðin að talsvert hagræði fengist af því að fá öll skil vegna desembersölnnar inn á sama rekstrarár. Jafnframt benti Ölgerðin á að samkeppnisáðilar þess fengju að gera upp á öðru rekstrarári en almanaksárinu, en að mati dómara var það ekki nægjanlega sannað. Ríkisskattstjóri benti hins vegar á að Ölgerðin væri í hefðbundnum verksmiðju-, -heildsölu- og smásöluviðskiptum. Þannig væri ekki séð að neinir sérstakir hagsmunir væru hjá félaginu varðandi breytt reikningsár umfram aðra aðila sem eru í viðskiptum og verslun hér á landi. Reksturinn væri ekki frábrugðinn rekstri annarra fyrirtækja í svipaðri starfsemi sem lúti sambærilegum lögmálum. Rök Ölgerðarinnar fyrir því að fá heimild til þess að hafa annað reikningsár séu þess eðlis að þau geti nánast gilt almennt um rekstur verslana, þjónustufyrirtækja og framleiðslufyrirtækja.

Alþekkt sé að mikið sé um skil á vörum að lokinni jólasölu og verði ekki fallist á að það breyti neinu í þessu sambandi, enda ekki byggt á því af hálfu Ölgerðarinnar að skil á vöru séu meiri hjá henni en öðrum.

Dómurinn sýnir að það er erfiðleikum bundið fyrir íslensk fyrirtæki að fá að breyta reikningsári úr almanaksárinu í annað sem fellur betur að þeirra starfsemi. Ákvæði 59. gr. laga um tekjuskatt eru enn virk í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Þar segir að tekjuskatt skuli miða við næsta almanaksár á undan, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur Ríkisskattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins. Því þurfa félög sem vilja hafa annað reikningsár að sækja um það sérstaklega til Ríkisskattstjóra. Þess má geta að Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. leggur nú fram reikningsskil sín miðað við 1. mars 2011 til loka febrúar 2012.

Reikningsár fyrirtækja ættu að vera mismunandi

Rökstuðningur fyrir því að hafa annað reikningsár en almanaksárið liggur fyrst og fremst í hagræði fyrir fyrirtækin, að það veiti betri upplýsingar og sé í takt við starfsemi þess. Tekjustreymi getur verið árstíðabundið og því gefur það bestu upplýsingarnar fyrir notendur reikningsskila þegar búíð er að innheimta mestan hluta þess, ganga frá vöruskilum og greiða birgjum þannig að hægt sé að hefja áætlanagerð fyrir næsta stóra tímabil. Þess vegna tel ég mikilvægt að reikningsár sé í samræmi við starfsemi fyrirtækja og frekar sé hvatt til að fyrirtæki hafi reikningsár við hæfi, heldur en hitt. Skilvirkni skattkerfisins og hagsmunir þess af því að hafa sama skattárið hjá öllum skattaðilum eru hins vegar ótvírætt til staðar. Það er hins vegar spurning, hvort á okkar tímum tækninnar sé ekki orðið einfalt mál við álagningu skatta og framtalsgerð að taka tillit til þess að fyrirtæki geti haft mismunandi reikningsár og hagsmunir skattkerfisins af því að hafa sama reikningsár fari minnkandi. Með því að hafa mismunandi reikningsár aukast jafnframt möguleikar skattkerfisins á að stytta fresti við framtalsskil enda dreifist þá vinna þeirra sem annast framtalsgerð meira yfir árið. Á árinu 2007 var haldinn samráðsfundur RSK, FLE og Félags bókhaldsstofa þar sem félög með annað reikningsár voru til umræðu og voru þá skv. upplýsingum RSK alls 110 félög með annað reikningsár en almanaksárið. Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé kominn tími til að taka þetta mál aftur á dagskrá með samráði þessara aðila þannig að fyrirtækjum sé gert auðveldara að velja sér reikningsár við sitt hæfi þannig að ársreikningar segi eina heila sögu í stað tveggja hálfra.

Jón Rafn Ragnarsson



Af vettvangi siðareglna

Sigurður M. Jónsson er löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young ehf.

Siðanefnd FLE var fyrst skipuð í ársbyrjun 2007 þegar fyrir lá innleiðing á 8. félagatilskiptingun ESB, en samkvæmt henni yrði endurskoðendum skylt að fara eftir siðareglum sem fagfélög setja hvert fyrir sig. Siðanefnd FLE var falin framkvæmd á þessu verki, en til grundvallar siðareglum FLE liggja siðareglur IFAC. Þessari miklu vinnu lauk endanlega með útgáfu Siðareglna FLE í bókarmáli á vormánuðum 2011. Um mikla vinnu var að ræða, textinn er ekki sá auðmeltasti, hvort sem er á frummálinu eða á íslensku auk þess sem verulegar breytingar voru gerðar á siðareglum IFAC meðan á vinnunni stóð.

Siðanefnd FLE er í dag orðin ein af fastanefndum félagsins. Hlutverk hennar er að fylgjast með þróun siðareglna endurskoðenda á alþjóðavettvangi og gera tillögur að breytingum ef tilefni er til. Einnig skal nefndin vera ráðgefandi fyrir félagið varðandi álitamál sem félagsmaður getur óskað eftir ráðgjöf á samkvæmt siðareglum félagsins.

Vegna þeirra miklu breytinga sem voru gerðar síðast á siðareglum IFAC hefur verið frekar rólegt á vettvangi siðanefndar FLE eftir að útgáfunni lauk. Þótti stjórn FLE því upplagt að fela siðanefnd FLE það sérverkefni að taka útboðsmál til skoðunar og velja því fyrir sér hvort við getum sett upp einhvern ramma um þau mál.

Nefndin hefur verið að vinna að þessu máli og mun niðurstaðan bráðlega liggja fyrir í formi Vegvísis fyrir kaupendur endurskoðunarþjónustu. Í vegvísinum verða útlistuð helstu ákvæði laga sem gilda um útboð og framkvæmd þeirra, helstu reglur sem gilda um ráðningu endurskoðenda og kynning á þeim reglum sem endurskoðendur þurfa að gæta að við störf sín, þ.m.t. siðareglur. Í viðauka með vegvísinum verða leiðbeiningar fyrir kaupendur endurskoðunarþjónustu um hvernig þeir geta staðið að útboðum sínum. Þar verður m.a. að finna dæmi um tíma-setta útboðsáætlun, sýnishorn af útboðslýsingu og dæmi um atriði fyrir kaupendur að hafa í huga við val á endurskoðanda.

Vegvísirinn er fyrst og fremst hugsaður fyrir einkafyrirtæki, aldrei var ætlunin að hafa skoðun á útboðum á vegum hins opinbera enda þau á vegum sérhæfðrar stofnunar og allt ferli þar bundið í lög og reglur. Hins vegar hafa nýleg örútböð á vegum hins opinbera, þar sem m.a. viðurkenndir bókarar fengu að bjóða í stór endurskoðunarverkefni sýnt fram á hversu brýnt verkefni það er að FLE eigi í sínum fótum stuttar en hnitmiðaðar upplýsingar og leiðbeiningar þar sem grunnatriði eru útlistuð fyrir þá sem hyggjast kaupa endurskoðunarþjónustu.

Líf er að færast aftur í Siðanefnd IFAC (International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA)) og er hún nú farin af stað með ýmsar breytingar til að skerpa á siðareglunum auk þess sem hún hefur verið að huga að róttækum breytingum. Þannig er nefndin farin að ihuga að endurskoða allan C hluta reglnanna auk þess sem hún er að kanna fýsileika þess að breyta allri framsetningu siðareglanna með það að markmiði að draga betur fram boð og bönn þeirra.

Siðanefnd IFAC hefur gefið út nokkrar tillögur að breytingum, svokölluð birtingardrög (Exposure draft) sem hún hefur verið að kalla eftir athugasemdum við. Má vænta þess að á árinu 2013 muni siðanefndin gefa út breytingar á siðareglunum á grundvelli flestra þeirra tillagna sem eru í vinnslu.

Lengst er nefndin búin að vera með í vinnslu tillögur um breytingar á þeim ákvæðum í siðareglunum þar sem fjallað er um brot á siðareglunum. Nefndin gaf út í október 2011 birtingardrög og hafði ætlað sér eftir yfirferð á umsögnunum að gefa út endanlegar breytingar sem áttu að taka gildi frá og með 1. janúar 2013. Af því hefur ekki orðið, en þegar þetta er skrifað var það yfirlýst markmið af hálfu nefndarinnar að gefa út nýjar reglur í desember 2012 og að nýju reglurnar tækju gildi frá og með 1. janúar 2014.

Í drögunum er gert ráð fyrir því að skerpa á þeim ákvæðum sem varða viðbrögð við brotum á siðareglunum. Í drögunum er að finna mun ítarlegri forskrift á því hvernig skal bregðast við, hvort sem um er að ræða almenn brot á reglunum eða brot sem lúta sérstaklega að óhæði endurskoðandans. Við brot á óhæði gera drögin ráð fyrir því að endurskoðandinn taki strax á því sem er að ógna óhæði hans, honum ber að leggja mat á mikilvægi brotsins og leggja mat á hvort hægt sé að grípa til viðeigandi varúðarráðstafana til að taka á afleiðingum brotsins, honum ber að upplýsa æðstu stjórnendur viðskiptavinarins um öll brot og fá samþykki þeirra á því að varúðarráðstafanir séu viðeigandi og að lokum skrásetja viðbrögð sín og öll þau atriði sem farið var yfir með stjórnendum, og eftir því sem við á, viðeigandi eftirlitsaðilum.

Þessar breytingar ef þær ganga eftir munu hafa áþreifanleg áhrif á samskipti endurskoðenda við viðskiptavini sína, en með breytingunum verður allt í kringum óhæði endurskoðenda mun gagnsærra. Sem fyrr segir er ætlunin að gefa út endanlegar breytingar á reglunum hvað þetta varðar í desember 2012. Einhver breyting verður frá birtingardrögunum, helst er reiknað



með að eitthvað verði slakað á því hvenær beri að upplýsa stjórnendur, sérstaklega hvað varðar minniháttar brot á reglunum. 20. desember 2011 gaf nefndin út birtingardrög um breytingar á þeim ákvæðum siðareglanna sem varða hagsmunaárekstra (Conflicts of Interest) og hvernig á að bregðast við þeim.

Í drögum er verið að breyta köflum 220 og 310 sem fjalla um hagsmunaárekstra. Í stuttu máli gera drögin ráð fyrir ítarlegri kröfum og veita meiri leiðbeiningar til endurskoðenda um hvernig á að nota úrlausnaraðferðir siðareglanna til að auðkenna, meta og taka á hagsmunaárekstrum. Nánar er skilgreint hvað felst í hugtakinu hagsmunaárekstrar og í drögum eru dæmi um hagsmunaárekstra. Birtingardrögin kalla einnig eftir því að endurskoðandinn sé vakandi fyrir hagsmunum og tengslum sem upplýstur þriðji aðili væri líklegur til að álykta að gætu ógnað fylgni við grundvallarreglur siðareglanna. Að lokum skerpa tillögurnar á ákvæðum siðareglanna hvað varðar ógnanir sem geta skapast vegna þóknunar og hvatakerfa.

Breytingunum er ætlað að einfalda siðareglurnar og auka notagildi þeirra, ekki er verið að leggja til breytingar sem reiknað er með að komi til með að hafa mikil áhrif á starfsemi endurskoðenda. Við útgáfu birtingardraganna var reiknað með því að klára þessar breytingar fyrri hluta árs 2012 og gefa 18 mánaða frest til aðildarfélaga til að innleiða hann. Þessi tímaáætlun hefur riðlast, nefndin ætlar að íhuga breytingar á orðalagi á fundi sínum í desember 2012, en hefur ekki gefið út hvenær hún ætlar sér að gefa út endanlegar breytingar.

Í lok febrúar 2012 gaf nefndin út birtingardrög um breytingu á skilgreiningu siðareglanna á hugtakinu „Engagement team“, eða „verkefnateymi“ eins og það er í íslensku útgáfunni. Þessi breyting er tilkomin vegna uppfærslu á endurskoðunarstaðli (ISA) 610, en margir höfðu bent á að uppfærslan á ISA 610 sem tekur m.a. til þess þegar innri endurskoðandinn veitir ytri endurskoðandanum beina aðstoð, myndi þýða að innri endurskoðendurnir myndu þá teljast hluti af verkefnateyminu og þar með falla undir óhæðiskröfur siðareglanna. Með það að markmiði að taka á þessu ósamræmi leggur nefndin til að sérstaklega verði tekið á þessu tilviki í skilgreiningunni á verkefnateymi þannig að innri endurskoðandinn teljist ekki hluti af teyminu. Nefndin ætlaði sér að klára þessa breytingu á fyrri hluta árs 2012, og gefa meðlimum 3 mánuði til að breyta siðareglum sínum, en þegar þetta er skrifað hefur nefndin ekki enn gefið þessar breytingar endanlega út.

Undir lok júlí 2012 gaf nefndin út birtingardrög um breytingu á skilgreiningu siðareglanna á hugtakinu „Those Charged with Governance“, eða „Stjórnendur“ eins og það er í íslensku útgáfunni. Þessi breyting hefur það að markmiði að færa skilgreiningu siðareglanna nær þeirri skilgreiningu sem er að finna í endurskoðunarstaðli (ISA) 260 sem fjallar um samskipti við stjórnendur. Auk þess að uppfæra skilgreininguna sjálfa þá kallar þessi breyting á breytt orðalag og viðbætur við þær greinar siðareglanna sem vísa til stjórnenda.

Ekki er reiknað með að þessar breytingar kalli á neinir breytingar í starfsháttum endurskoðenda. Markmið nefndarinnar er að gefa þessa breytingu út í árslok 2012 og gefa aðildarfélögum eitt ár til að innleiða þessa breytingu.

Nýjustu birtingardrög nefndarinnar voru gefin út í ágúst 2012 og hafa þau vakið nokkra athygli á almennum vettvangi. Birtingardrögin fjalla um það hvernig endurskoðendur eiga að bregðast við ólöglegu athæfi starfsmanna eða viðskiptavina, hvort sem þeir eru starfandi endurskoðendur eða endurskoðendur sem starfa við annað en endurskoðun.

Bætt verður við siðareglurnar tveimur nýjum köflum, kafla 225 og kafla 360, Viðbrögð við grun um ólöglegt athæfi, auk viðbóta við aðra kafla. Kaflinn lýsir þeim tilvikum þar sem endurskoðandinn er skyldugur til eða þess er vænst af honum að hann rjúfi trúnað og upplýsi um athæfið til viðeigandi yfirvalda, en trúnaður er eitt af fimm grundvallaratriðum siðareglanna. Þessir nýju hlutar siðareglanna eiga að gefa skýrar línur um það hvernig endurskoðandinn á að bregðast við ef stjórnendur bregðast ekki við athæfinu með viðeigandi hætti. Í birtingardrögum er m.a. tiltekið að það að segja upp viðskiptavinum eða hætta störfum hjá vinnuveitanda kemur ekki í stað þess að upplýsa viðeigandi yfirvöld krefjist siðareglurnar þess að slíkt sé gert.

Nefndin ætlar sér að afgreiða endanlegar breytingar seinni hluta árs 2013 og að gefa aðildarfélögum árs frest til að innleiða breytingarnar. Þegar þetta er skrifað er fresturinn til að koma með ábendingar ekki liðinn, en fróðlegt verður að sjá hvernig hagsmunaaðilar munu bregðast við þessum birtingardrögum.

Fleiri birtingardraga er sennilega að vænta á næstunni, en meðal þess sem Siðanefnd IFAC er að íhuga er hvort ákvæði siðareglanna um starfstíma lykilendurskoðenda séu enn viðeigandi, sem og ákvæði varðandi aðra þjónustu en endurskoðun.

Þar sem FLE er aðildarfélag að IFAC munu breytingar þær sem alþjóðlega nefndin er að gera á siðareglunum að öllum líkindum rata beint inn í Siðareglur FLE. Miðað við áætlaðan útgáfutíma á breytingunum sem fjallað var um hér að ofan er ekki ólíklegt að fjallað verði um breytingar á Siðareglum FLE á næsta aðalfundi félagsins.

Sigurður M. Jónsson



Endurskoðunarnefndir

Anna Skúladóttir er löggiltur endurskoðandi

Störf endurskoðunarnefnda hafa verið að mótast og taka á sig skýrari mynd frá því að skipun endurskoðunarnefnda var lögfest (80/2008). Ég hef átt sæti í endurskoðunarnefndum frá árinu 2009 sem stjórnarmaður, fyrrverandi stjórnarmaður og utanaðkomandi sérfræðingur og hef því nokkra reynslu af slíkum nefndarstörfum. Með þessu greinarkorni ætla ég að freista þess að segja frá minni reynslu sem nefndarmaður og mun sérstaklega fjalla um skipun nefndarmanna en um þann þáttinn hefur verið ágreiningur.

Endurskoðunarnefndir hafa verið starfandi á Íslandi allt frá árinu 2008. Með lögum nr. 80/2008 um breytingu á lögum um ársreikninga nr.3/2006 var bætt við nýjum kafla kafla, IX kafli A, Endurskoðunarnefnd, gr. 108. a. – 108. d þar sem kveðið er á um skipun, hlutverk og störf endurskoðunarnefndar. Þar segir:

a. (108. gr. a.)

Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd.

Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.

Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.

b. (108. gr. b.)

Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis.
5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki.

c. (108. gr. c.)

Í einingum tengdum almannahagsmunum skal tillaga stjórnar um tilnefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyritækis byggjast á tilmælum frá endurskoðunarnefndinni.

d. (108. gr. d.)

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyritæki skal árlega gera endurskoðunarnefnd grein fyrir störfum sínum og óhæði og skila skriflegri skýrslu um mikilvæg atriði sem fram hafa komið við endurskoðunina. Í skýrslunni skal sérstaklega geta um veikleika í innra eftirliti í vinnuferli við gerð reikningsskila.

Samkvæmt lögnum ber stjórn ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Í stjórnskipulagi hlutafélags getur endurskoðunarnefnd þannig aldrei verið annað en undirnefnd stjórnar. Útilokað er að ætla að endurskoðunarnefnd sé með nokkrum hætti ætlað að hafa eftirlit með störfum stjórnar.

Umræðan hefur snúist í töluverðum mæli um hvernig samsetningu nefndarmanna endurskoðunarnefndar sé best fyrirkomid. Spurningar hafa vaknað um hvort æskilegt sé að nefndin sé að meirihluta skipuð utanaðkomandi sérfræðingum eða hvort æskilegt sé að meirihluti nefndarmanna séu jafnframt stjórnarmenn eða hvort kannski sé best að allir nefndarmenn séu jafnframt stjórnarmenn. Ég tel ekkert eitt svar rétt því það sem hentar einu félagi best þarf ekki að vera kjörstaða fyrir annað. Skoðum þessa valkosti nánar:

Í lögnum eru ekki bein ákvæði sem setja hömlur eða takmarkanir um skipun stjórnarmanna í endurskoðunarnefndir. Aftur á móti eru gerðar skýrar kröfur um þekkingu nefndarmanna og óhæði. Þar segir að nefndarmenn skuli hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og að minnsta kosti einn nefndarmanna skuli hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar og að nefndarmenn skuli vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meirihluti nefndarmanna skuli jafnframt vera óháður einingunni.

Hvað þýðir það að vera óháður einingunni? Um það er ágreiningur. Fjármálaeftirlitið (FME) sendi umræðuskjal, drög að leiðbeinandi tilmælum um skipun og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila, þann 20. júní 2011 til eftirlitsskyldra aðila. Í umræðuskjalinu setur FME fram ítarlega greiningu á því hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að nefndarmaður geti talist óháður einingunni. FME telur samkvæmt umræðuskjalinu að gera eigi sömu kröfur til nefndarmanna endurskoðunarnefnda og gerðar eru til nefndarmanna eftirlitsstjórna og fulltrúanefnda um óhæði. Óháður nefndarmaður fulltrúanefndar telst að mati FME óháður einingunni ef hann uppfyllir eftirfarandi skilyrði (í samræmi við II. Viðauka við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 15.febrúar 2005):

- Hann er ekki eða hefur verið framkvæmdastjóri einingarinnar eða samstæðunnar síðustu fimm ár



- Hann er ekki eða hefur verið starfsmaður einingarinnar eða samstæðunnar síðustu þrjú ár
- Hann þiggur ekki eða hefur þegið greiðslur frá einingunni, eða stjórnendum þess, til dæmis sem ráðgjafi eða verktaki, síðustu þrjú ár
- Hann er ekki einn af stjórnendum í öðru félagi sem er eða hefur verið í umtalsverðum viðskiptum við eininguna, til að mynda sem viðskiptavinur, birgir eða samstarfsaðili
- Hann er ekki einn af stjórnendum félags þar sem einn af stjórnendum þess situr sem stjórnarmaður í einingunni
- Hann hefur hvorki beint eða óbeint yfirráð yfir einingunni
- Hann er ekki eða hefur verið starfsmaður aðila sem hefur yfirráð yfir einingunni síðustu þrjú ár
- Hann þiggur ekki eða hefur þegið greiðslur frá aðila sem hefur yfirráð yfir einingunni, eða stjórnendum hans, fyrir utan stjórnarlaun, til dæmis sem ráðgjafi eða verktaki, síðustu þrjú ár
- Hann á ekki verulegan hlut í einingunni
- Hann er ekki eða hefur verið starfsmaður aðila sem á verulegan hlut í einingunni síðustu þrjú ár
- Hann á ekki í miklum viðskiptum við eða hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í einingunni
- Hann hefur ekki verið endurskoðandi, meðeigandi eða starfsmaður núverandi endurskoðanda eða endurskoðenda félags einingarinnar síðustu þrjú ár
- Hann er ekki þátttakandi í árangurstengdu umbunarkerfi hjá félaginu
- Hann þiggur ekki eða hefur þegið greiðslur frá aðila sem á verulegan hlut í félaginu, eða stjórnendum hans, til dæmis ráðgjafi eða verktaki, síðustu þrjú ár
- Hann er ekki tengdur nánnum fjölskylduböndum ráðgjöfum, stjórnarmönnum eða stjórnendum einingarinnar.

Niðurstaða FME í ljósi þessa samkvæmt umræðuskjalinu er að meirihluti nefndarmanna endurskoðunarnefndar skuli hvorki skipaður stjórnarmönnum einingarinnar, starfsmönnum einingarinnar, fulltrúarnefndarmönnum sem teljast háðir einingunni eða ráðandi hluthöfum einingarinnar né einstaklingum sem séu tengdir þessum aðilum nánnum fjölskylduböndum.

Það er með öllu óskiljanlegt að þrátt fyrir að endurskoðunarnefnd sé undirnefnd stjórnar þurfi að ganga lengra þegar lagt er mat á óhæði nefndarmanna en stjórnarmanna. Er nokkuð því til fyrirstöðu samkvæmt lögunum að meirihluti nefndarmanna eða allir séu skipaðir stjórnarmönnum að því tilskyldu að þeir uppfylli hæfiskilyrði um þekkingu? Gera verður ráð fyrir að þær kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna um óhæði gagnvart einingunni séu einnig fullnægjandi gagnvart nefndarmönnum endurskoðunarnefndar.

Það getur vissulega verið nauðsynlegt og/eða haft sína kosti að fá utanaðkomandi sérfræðing með þekkingu, sem ekki er til staðar hjá stjórnarmönnum, til setu í endurskoðunarnefnd. Um það taka stjórnarmenn ákvörðun við skipun nefndarinnar hverju sinni.

Mín reynsla er sú að það skiptir miklu máli að hafa góða tengingu við stjórn til að tryggja skilvirkt og gott upplýsingaflæði milli endurskoðunarnefndar og stjórnar. Einnig felst mikill styrkur í því að nefndarmenn hafi staðgóða þekkingu á rekstrar- og lagaum-

hverfi félagsins. Afar mikilvægt er að tryggja utanaðkomandi sérfræðingi í endurskoðunarnefnd gott aðgengi að öllum upplýsingum sem varða verkefni hans fyrir félagið. Ég hef ekki reynslu af störfum endurskoðunarnefndar sem eingöngu er skipuð stjórnarmönnum en sé ekki af hverju slík nefnd ætti ekki að geta sinnt hlutverki sínu í samræmi við lagakröfur. Flestar nefndir sem ég þekki til eru skipaðar þannig að tveir nefndarmenn eru stjórnarmenn og einn utanaðkomandi sérfræðingur. Ég hef reynslu af því að vera bæði nefndarmaður sem jafnframt er stjórnarmaður og utanaðkomandi sérfræðingur. Það er auðveldara að vera nefndarmaður sem jafnframt er stjórnarmaður heldur en utanaðkomandi sérfræðingur. Þó það gangi örugglega almennt ágætlega fyrir utanaðkomandi sérfræðinga að starfa í endurskoðunarnefnd þá er líklegt að slíkur nefndarmaður þurfi að eyða töluvert meiri tíma í sín nefndarstörf en aðrir nefndarmenn. Endurskoðunarnefnd þarf að setja fram starfsáætlun fyrir nefndina þar sem tryggð er yfirferð með stjórnendum yfir alla þá þætti í starfsemi félagsins sem varða hlutverk hennar. Þannig má tryggja að nefndin fái góða kynningu og upplýsingar um alla þá þætti sem skipta máli við störf hennar.

Mikið hefur áunnist við að skýra og skerpa á verklagi endurskoðunarnefnda frá því að lögin voru sett og hefur skilningur á hlutverki nefndanna aukist meðal stjórna, ekki síst fyrir tilstuðlan endurskoðunarfyriertækjanna sem hafa lagt sitt af mörkum við þá vinnu. Jafnframt hefur umræða og skilningur á innra eftirliti og innri og ytri endurskoðun aukist meðal stjórna sem ég þekki til.

Stjórnir gætu nýtt krafta endurskoðunarnefnda betur með því að fela þeim verkefni sem snúa t.d. að innra eftirliti, áhættustýringu og gerð reikningsskila.

Það er nokkuð um að félög sem falla undir lögin eru með þriggja manna stjórn sem ber að skipa þriggja manna endurskoðunarnefnd. Getur stjórn í slíku félagi skipað alla stjórnarmennina í endurskoðunarnefnd, ef tryggt er að lagakröfu um þekkingu er fullnægð? FME er samkvæmt ofangreindu umræðuskjali ekki þeirrar skoðunar.

Umræðuskjal FME var sent til umsagnar til hlutaðeigandi aðila. Bedið er niðurstöðu FME um leiðbeinandi tilmæli um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila.

Endurskoðunarnefnd er eftirlits- og ráðgjafanefnd stjórnar og ber nefndinni að standa stjórn skil á verkefnum sínum. Hlutverk hennar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits, áhættustýringu og innri og ytri endurskoðun. Þetta er umfangsmikið hlutverk. Ég er sannfærð um að með tilkomu endurskoðunarnefnda þá hafa þessir þættir fengið meiri athygli og umræðu hjá stjórn en oft áður. Endurskoðunarnefndir með þann faglega bakgrunn sem nefndarmönnum er ætlað að búa yfir eiga að að öllu jöfnu að hafa góðar forsendur til að kafa dýpra í einstaka þætti s.s. áhættustýringu, virkni innra eftirlits og ýmsa þætti sem lúta að gerð reikningsskila. Störf endurskoðunarnefnda eru mikilvægur hlekkur í vinnu sem stuðlar að betri stjórnarháttum, skilvirkari rekstri og upplýsingagjöf hjá félögum.

Anna Skúladóttir



Af hverju og hvað svo?

Úr hverju er glerþakið búið til og hvernig komumst við í gegnum það?

Erna Arnardóttir er mannauðsstjóri hjá Deloitte ehf.

Árlega, rétt fyrir jólin, verður andrúmsloftið á vinnustaðnum mínum rafmagnað. Ég er mannauðsstjóri hjá Deloitte ehf. og er að vísa til þess að á þeim árstíma er beðið eftir bréfi frá prófanefnd um löggildingu endurskoðenda um það hvort próftakar ársins hafi fallið eða staðist löggildingarprófin. Þegar fréttist að bréfin með prófaniðurstöðum séu tilbúin, fer fólk heim í hádeginu til að vita hvort að pósturinn sé kominn. Fólk kemur ýmist aftur á vinnustaðinn eða ekki, allt eftir því hvort pósturinn hefur borist í hús en aðallega eftir því hver niðurstaða prófsins er.

Það eru ekki bara próftakarnir sem bíða spenntir, það gera allir hinir á vinnustaðnum sem hafa verið í sömu sporum eða ætla í sömu sporin. Karlarnir vegna þess að þeir stefna á frama, hærra laun og stjórnunarstöðu á toppnum innan fyrirtækisins. Konurnar vegna þess að þær telja það eðlilegt faglegt framhald af þeirra menntun og starfsreynslu, sem hugsanlega færi þeim aukna starfsmöguleika í stjórnunarstarfi, jafnvel utan fyrirtækisins.

Könnun á viðhorfi til löggildingarprófa

Þetta er allavega það sem þau sögðu mér sjálf frá í könnun sem ég gerði meðal starfsmanna Deloitte haustið 2010. Könnunin náði til allra starfsmanna endurskoðunarviðs og hafði það að markmiði að komast að því úr hvaða efni hið svokallaða „glerþak“ á vinnustaðnum væri búið til. Glerþakið svokallaða sem oft er ósýnilegt og enginn kannast við að hafa búið til, en oft er vitnað til þegar verið er að greina muninn á framgangi karla og kvenna innan vinnustaða og í atvinnulífinu sjálfu. Viðskiptalífið og endurskoðunarfyrirtækin búa við þá gæfu að kynbundið námsval er ekki að hafa áhrif á möguleika þeirra til að ráða alltaf hæfasta einstaklinginn til starfa, burtséð frá kyni, þar sem konur og karlar velja viðskiptafræðinám næstum til jafns.

Það er staðreynd að hjá Deloitte ehf. hafa jafnmargar konur og karlar verið ráðin til starfa við endurskoðun í gegnum tíðina og hlutföll kynjanna eru í dag alveg jöfn. Það er líka staðreynd að á fyrstu stigum starfsþróunar fylgjast karlar og konur að innan fyrirtækisins. En það er líka dapurleg staðreynd að þegar kemur að því að stíga skrefið til fulls og fá löggildingu til endurskoðunarstarfa, takast á hendur stjórnunarstarf og verða jafnvel með-eigendur, þá hefur reynsla Deloitte sýnt að konurnar heltast úr lestinni. Staðan er sú í dag að af 51 löggiltum endurskoðanda starfandi hjá Deloitte ehf. eru einungis sjö konur.

Stefna Deloitte

Að mati Deloitte er þetta ekki ásættanlegt og er alls ekki í anda þeirrar stefnu Deloitte á alþjóðavísu sem er sú að það þurfi breiðan hóp með ólíka reynslu og bakgrunn til að geta þjónað sífell

kröfuharðari viðskiptavinum. Til þess arna þarf hæfasta fólkið sem völ er á úr röðum bæði karla og kvenna. Þess vegna er það ekki ásættanlegt frá sjónarhóli fyrirtækisins að konurnar fari síður og sjaldnar í löggildingarprófin en karlarnir og skili sér hvorki inn í raðir löggiltra endurskoðenda hér á landi né hjá Deloitte.

Hvað ætlum við að gera í því?

Könnunin haustið 2010 var gerð m.a. til þess að Deloitte gæti unnið með þennan kynjamun á þann hátt að minnka hann og í fyllingu tímans eyða honum með öllu. Reynt var að skoða hvatningu, stuðning, vinnuálag og ábyrgð starfsins, þátt fjölskyldu, metnað, staðalímyndir og ráðningarferlið sjálft.

Hver var niðurstaðan?

Kannað var viðhorf karla og kvenna til fyrirmýnda, fagfélagsins, fjölmiðlaumfjöllunar um stétt löggiltra endurskoðenda og viðhorf til þess hvort prófið sjálft væri sanngjarnt. Bæði kynin segjast hafa góðar fyrirmýndir af báðum kynjum innan vinnustaðarinnar, en konur telja sig vanta kvenfyrirmýndir úti í samfélaginu. Þá segja bæði kyn að fjölmiðlaumfjöllun um löggilta endurskoðendur í kjölfar hrunsins dragi ekki úr áhuga sínum á starfinu. Rúmlega 60% kvenna telur að FLE sé áhugavert fagfélag en tæplega helmingur karlanna telur svo vera. Athygli vekur að 7 af hverjum tíu konum telja prófið ekki ósanngjarnt en einungis 4 af hverjum tíu körlum.

Kannað var viðhorf karla og kvenna til hvatningar og stuðnings af hálfu Deloitte. Þar kom í ljós að konur upplifa meiri skort á hvatningu á vinnustaðnum en karlar og þær telja í ríkari mæli að stuðningur fyrirtækisins við próftakann sé ekki nægjanlegur. Þó að meira en helmingur karla og kvenna telji fjárhagslegan fórnarkostnað sinn vegna próftökunnar ekki of háan vekur athygli að rúmlega helmingi fleiri konur en karlar telja fjárhagslegan fórnarkostnað of háan fyrir sig. Könnunin leiddi einnig í ljós að konur telja sig fá veigaminni verkefni í vinnunni en karlar og þær séu þar af leiðandi ekki eins vel undirbúnar til prófs og þeir.

Varðandi vinnuálag og ábyrgð starfs þá voru bæði kynin sammála um að þau gætu vel undirgengist ábyrgð starfsins en kynin eru misviljug til að gera það, 21% kvenna og 8% karla töldu ábyrgð löggiltra endurskoðenda ekki eftirsóknarverða.

Mikill kynjamunur kom fram þegar spurt var um viðhorf til vinnuálags löggiltra endurskoðenda. 71% kvenna en 36% karla telur vinnuálagið í starfinu ekki eftirsóknarvert. Þá vill einungis helmingur kvenna og 60% karla verða meðeigendur hjá fyrirtækinu.



Athyglisvert er samt að 88% kvennanna og 64% karlanna sjá sig sem stjórnendur í framtíðinni. Það er því hægt að álykta sem svo að hluti kvenna sjái löggildingu til endurskoðunarstarfa sem leið til að losna undan árstíðabundnu vinnuálagi í starfi og leið út úr fyrirtækinu inn í stjórnunarstarf annarsstaðar í viðskiptalífínu.

Kynjamunur var greinilegur þegar álag og fjölskylda voru skoðuð. Rúmlega helmingur kvenna telur að barneignir sé hindrun á vegi þeirra í að verða löggiltir endurskoðendur en einungis 30% karla. Þetta er sérstaklega athyglisvert þegar litið er til þess að margir karlar nota fæðingarorlof sín til próflestara, en konur gera það í minna mæli en þeir. Báðir hóparnir bera kennsl á það álag sem próftakan er en konur í meira mæli en karlar. Helmingur kvenna telur álagið of mikið fyrir fjölskylduna, en ætla að láta það yfir sig ganga, á meðan karlarnir virðast staðráðnir í því að leiða það hjá sér og einungis 8% þeirra segja að álagið sé of mikið á fjölskylduna. Athyglisvert er að allar konur meta það svo að álagið vegna undirbúnings og próftökunnar sé meira á fjölskylduna en á þær sjálfar.

Þegar kafað var dýpra niður í könnuninni kom í ljós afgerandi munur á milli kynja þegar skoðað var hversu sammála eða ósammála svarendur voru eftirfarandi fullyrðingum: „Ég vil vera 100% viss um að ná prófinu áður en ég fer í það“ og „Mér finnst óþægilegt ef það fréttist að ég hafi fallið á löggildingarprófinu“. Konur virðast kröfuharðari á sjálfar sig, vilja hafa belti og axlabönd áður en farið er í prófið, og fannst það mun óþægilegra en körlum ef það fréttist af falli á prófinu. Þá kom í ljós að mikilvægt er í ráðningarferlinu að spyrja út í fyrirætlanir fólks með tilliti til löggildingar. Þeir sem spurðir voru um slíkt við ráðningu voru líklegri en hinir til að fara í prófin.

Úr hverju er glerþakið búið til?

Ýmislegt fleira áhugavert kom fram í könnuninni, en að öllu samandregnu er ljóst að hið svokallaða glerþak hjá okkur er búið til úr þremur þáttum:

- Viðhorfi kvenna sjálfra til próftökunnar
- Viðhorfi kvenna til fjölskylduábyrgðar
- Skorti á hvatningu og stuðningi vinnustaðarins

Og hvað svo?

Til að bregðast við gerðum við ýmislegt meira, betur og öðruvísi en áður.

- Við héldum rýnihópa- og hugarflugsfundi með nýútskrifuðum löggiltum endurskoðendum, kvenkyns endurskoðendum og með konum sem voru á leið í prófin til að skýra myndina enn betur
- Við kynntum niðurstöður könnunar fyrir meðeigendum og öllum starfsmönnum til að setja málið rækilega á dagskrá
- Við settum á laggirnar samþykktarferli fyrir stuðningi fyrirtækisins, þannig að stuðningur okkar er skilyrtur við að meðeigendur telji fólkið tilbúið í prófið, svo að konur séu ekki að fara óundirbúnar í prófið og fari svo aldrei aftur

- Við jukum fjárhagslegan stuðning Deloitte og lengdum launað upplestarfrí til að létta undir með fólki og gerum núna skriflegan samning um stuðning Deloitte og starfstíma að ferlinu loknu
- Við hættum að tala um löggildingarprófin sem „eins-skiptis-atburð“ og fórum að tala um „löggildingarferlið“ til að minnka fókusinn á að „ná prófi“ eða „falla á prófi“
- Við ráðningu er fólk spurt um fyrirætlanir sínar til að setja málið á dagskrá við upphaf starfs
- Við kynnum ferlið frá ráðningu til löggildingar á nýliðanámsskeiðum og fáum kvenkyns löggiltan endurskoðanda til að segja frá þýðingu löggildingar fyrir sig persónulega
- Við tölum um undirbúning fyrir próftökuna í árlegum frammistöðuviðtölum og lengjum þannig meðgöngu- og undirbúningstímamann fyrir prófin
- Við gerðum námsgögn aðgengilegri til að nýta fengna reynslu og auðvelda námsskipulag
- Við fengum nýútskrifaða löggilta endurskoðendur til að leggja meira af mörkum við að aðstoða og leiðbeina, m.a. með því að fara yfir eldri próf og vera bakland og leiðbeinendur fyrir næstu próftaka
- Við gerðum tilraun með að bjóða mökum próftaka til fundar við okkur, þar sem við gerðum ferlinu skil, fengum kvenkyns og karlkyns maka löggiltra endurskoðenda til að lýsa sínu sjónarhorni og gefa góð ráð
- Við settum á laggirnar sameiginlega námsaðstöðu fyrir próftaka í upplestrarfríinu
- Við höldum sex vinnustofur fyrir próftaka, þar sem meðeigendur og löggiltir endurskoðendur og sérfræðingar á ákveðnum sviðum koma til skrafs og ráðagerða
- Við höldum upphafsfund með próftökum hvers árs til að hópurinn hittist og vinni saman

Við höldum líka fund með konunum eftir að niðurstöður prófanna koma til að stappa í þær stálinu og hvetja til dáða og segja þeim að núna sé ferlið hafið, fyrsti áfanginn búinn, og núna þurfi að búa sig undir næsta sprett að ári liðnu.

Hverju hefur þetta skilað?

Aðgerðirnar hafa skilað okkur árangri. Þær hafa ekki bara verið til hagsbóta fyrir konur heldur hafa karlarnir líka notið góðs af þeim aðgerðum sem við gripum til. Árið 2011 fóru fleiri konur í löggildingarpróf frá Deloitte en áður og árið 2012 fóru fleiri konur en karlar í löggildingarpróf í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins. Árangurinn er gleðilegur, þrír starfsmenn okkar eru meðal þeirra átta sem standast prófin í ár, þar af tvær konur og einn karl. Mun þetta vera í fyrsta skipti í sögu okkar sem konurnar eru fleiri en karlarnir bæði í röðum próftaka og þeirra sem ná árangri. Ef eitthvað er að marka tölfræði og fjölda þeirra kvenna sem ætla sér að hefja löggildingarferlið á næstu árum væntum við þess að konum með löggildingu til endurskoðunarstarfa fjölgi jafnt og þétt í okkar röðum. Það myndi gleðja okkur öll sem störfum hjá Deloitte ehf.

Erna Arnardóttir



Golfannáll endurskoðenda sumarið 2012

Auðunn Guðjónsson er löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.

Innanlandsdeild

Eftir farsæla umsjón með golfmótum stéttarinnar á innanlands-vettvangi í allmörg ár skipuðu þeir Sigurður Tómasson og Ívar Guðmundsson þrjá endurskoðendur til að taka við umsjóninni. Er full ástæða til að þakka þessum herra mönnum vel unnin störf í þágu golfhefðar stéttarinnar. Þeir þrír sem tóku við keflinu eru þeir Ragnar J. Bogason, Auðunn Guðjónsson og Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

Umsjónarmenn þessir hafa, væntanlega af sögulegum ástæðum, gjarnan verið nefndir einvaldar. Þó að hugtakið fari ekki vel í fleirtölu breytir það ekki því að umsjónarmennirnir geta nýtt sér stjórnunaraðferðir þess sem einn hefur valdið. Umsjónarmennirnir munu sjálfir skipa eftirmenn sína þegar þeim sýnist og ekki verður séð að takmarkanir séu á starfstíma



þeirra, þ.e.a.s. reglur um hringlun (e. rotation) eiga ekki við. Þrátt fyrir öll þessi völd tóku umsjónarmennirnir ekki ákvarðanir um róttækar breytingar á eðli og umfangi starfsemi þessarar sem birtist með þeim hætti að mótahald sumarsins með svipuðu sniði og undanfarin ár. Haldin voru tvö golfmót, annars vegar sveitakeppni við tannlækna og hins vegar meistaramót FLE.



Að leik loknum stillu endurskoðendur sér upp fyrir myndatöku ánægðir með daginn.



Sveitakeppni við tannlækna

Nokkur hefð hefur verið fyrir sveitakeppni milli endurskoðenda og tannlækna. Keppnin fór hins vegar ekki fram á síðasta ári, en tannlæknar skoruðu nú á okkur endurskoðendur sem tókum áskoruninni. Keppnin fór fram á Húsatóftavelli við Grindavík þriðjudaginn 28. ágúst. Fyrir um sumarið var völlurinn stækkaður í 18 holur og þótti stækkunin hafa tekist vel. Keppnin fór þannig fram að tveir endurskoðendur léku gegn tveimur tannlæknum í hverju holli og fyrirkomulagið var holukeppni, betri bolti þar sem tekið er tillit til forgjafar hvers og eins.

Þátttaka var heldur undir væntingum, en lið níu endurskoðenda keppti við lið tíu tannlækna. Endurskoðendur sigruðu 3-2. Keppnin var hin skemmtilegasta (hjá þeim sem tóku þátt), en talsvert rok setti mark sitt á golfið. Þeir sem skipuðu sigurlið endurskoðenda voru eftirtaldir:

- Ragnar J. Bogason og Stefán Svavarsson
- Ragnar Guðgeirsson og Auðunn Guðjónsson
- Ólafur G. Sigurðsson og Guðlaugur R. Jóhannsson
- Gunnar Hjaltalín og Ívar Guðmundsson
- Jón Þ. Hilmarsson, sem keppti við tvo tannlækna (og sigraði þá)

Að leik loknum skoruðu endurskoðendur á tannlækna í sveitakeppni á næsta ári.

Meistaramót FLE

Hápunktur starfseminnar ár hvert er Meistaramót FLE. Mótið fór fram í þrítugasta og fyrsta skipti þann 6. september 2012 á Urriðavelli hjá Golfklúbbum Oddi. Mættir til leiks voru 17 endurskoðendur, fjórar konur og þrettán karlar. Keppt var til verðlauna í fjórum flokkum og fengu að þessu sinni þrjár efstu í hverjum flokki m.a. verðlaunapening, auk þess sem dregið var úr skorkortum. Helstu styrktaraðilar mótsins voru dk hugbúnaður ehf. sem bauð okkur völlinn og Bakkus ehf. sem gaf verðlaun í fljótandi formi.

Úrslit voru eftirfarandi:

Höggleikur kvenna með forgjöf:

1. Anna Skúladóttir	72 högg nettó
2. Helga Harðardóttir	82 högg nettó
3. Hildur Árnadóttir	91 högg nettó

Höggleikur karla (yngri flokkur) með forgjöf:

1. Jóhann Unnsteinsson	72 högg nettó
2. Auðunn Guðjónsson	75 högg nettó
3. Birgir G. Haraldsson	75 högg nettó

Höggleikur karla (eldri flokkur) með forgjöf:

1. Jónatan Ólafsson	76 högg nettó
2. Ívar Guðmundsson	77 högg nettó
3. Guðmundur Frímansson	77 högg nettó

Höggleikur án forgjafar (opinn flokkur):

1. Jónatan Ólafsson	84 högg
2. Jóhann Unnsteinsson	87 högg
3. Guðmundur Frímansson	89 högg

Sá keppandi sem telst vera með lægsta skor með forgjöf fær farandbikar sem Golfmeistari FLE. Eins og glöggir sjá voru þau Anna og Jóhann með sama nettóskor. Til að skera úr um hvort skuli hljóta titilinn var litið til skors á seinni helmingi vallarins. Sömu aðferð var beitt við röðun í einstökum flokkum þar sem tveir eða fleiri voru jafnir. Jóhann Unnsteinsson var með lægra skor á seinni hluta vallarins og telst því Golfmeistari FLE árið 2012.

Þeim er þakkað sem þátt tóku í mótum sumarsins. Er það von umsjónarmanna að þátttaka í mótum næsta golfsumars verði enn meiri, en það er þekkt að íþróttin hefur talsverða útbreiðslu innan stéttarinnar.

*Fyrir hönd umsjónarmanna (einvalda)
Auðunn Guðjónsson*

Endurskoðandi átti í erfiðleikum með svefn og fer til læknis vegna vandamálsins. Læknirinn spyr hvort hann hafi reynt að telja kindur.

Endurskoðandinn svarar þá:

„Það er nefnilega vandamálið. Þegar ég byrja að telja þá ruglast ég og eyði svo þremur klukkutímum í að finna villuna“.

Maður labbar inn á spítala þar sem hann sér tvo lækna á hnjáum leitandi í blómabeði. Hann gengur að þeim og spyr þá hvað þeir séu að gera. Annar þeirra lítur upp og segir: „Við erum að fara í hjartaígræðslu á endurskoðanda og erum að leita að hentugum steini fyrir hjarta“.



Samsköttun félaga

Steingrímur Sigfússon er löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.

Almennt um samsköttun

Með lögum nr. 154/1998 var gerð sú breyting á lögum um tekjuskatt að heimiluð var samsköttun hlutafélaga. Heimildin er nú í 55. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og hljómar hún þannig:

„Ríkisskattstjóri getur heimilað að tvö eða fleiri hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., séu skatt-lögð saman. Skilyrði samsköttunar eru að eigi minna en 90% hlutafjár í dótturfélögum sé í eigu móðurfélagsins sem óskar samsköttunar eða annarra dótturfélaga sem einnig taka þátt í samsköttuninni. Jafnframt hafi öll hlutafélögin sama reikningsár og eignarhald hafi varað allt reikningsárið, nema þegar um nýstofnuð dótturfélög er að ræða eða slit á dótturfélagi. Samsköttun skal að lágmarki standa í fimm ár og ef samsköttun er slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að liðnum fimm árum frá því að henni var slitið. Samsköttun skal þó falla niður með félagi sé það tekið til gjaldprotameðferðar eða sæti slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002.

Umsókn um samsköttun skal beint til ríkisskattstjóra eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests vegna þess tekjuárs sem óskað er eftir að verði samskattað.

Við samsköttun skal tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra hluta-félaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið en öll hlutafélögin bera sam-eiginlega ábyrgð á skattgreiðslum. Þó er ríkisskattstjóra heimilt að leggja tekjuskatt á hvert og eitt félag óski hlutafélögin í samsköttun sérstaklega eftir því.

Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra hlutafélaga má draga frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður. Þó skal viðkomandi tekjuár ávallt gert upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára. Yfirfæranlegt tap hlutafélags sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi.

Nú er dótturfélag í eigu samvinnufélags eða sparisjóðs og gilda þá ákvæði þessarar greinar, enda sé skilyrðum hennar fullnægt.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari reglur um samsköttun móður- og dótturfélaga, svo sem um nýtingu taps á milli félaga.“

Markmiðið með þessari breytingu á lögnum var að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining þannig að heildartekjuskattur allra félaganna verði ekki hærrí en hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi.

Heltu atriði laganna eru þessu:

- Skilyrði samsköttunar:
 - Móðurfélag þarf að eiga a.m.k. 90% hlutafjár í samsköttuðum dótturfélögum, annað hvort beint eða í gegnum önnur dótturfélög sem þátt taka í samsköttuninni.
 - Félögin sem taka þátt í samsköttuninni þurfa öll að hafa sama reikningsár.
 - Eignarhald þarf að hafa varað allt reikningsárið, nema þegar um er að ræða nýstofnuð dótturfélög eða slit á dótturfélagi.
- Samsköttun þarf að vara að lágmarki í fimm ár.
- Sé samsköttun slitið er ekki heimilt að fallast á hana að nýju fyrr en að fimm árum liðnum.
- Móðurfélaginu ber að sækja um samsköttun og þarf umsóknin að hafa komið fram eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests.
- Tekjuskattur af sameiginlegum tekjuskattsstofni allra félaganna sem taka þátt í samsköttuninni skal lagður á móðurfélagið.
- Félög sem taka þátt í samsköttuninni bera sameiginlega ótakmarkaða ábyrgð á skattgreiðslum.
- Skattstofn:
 - Tap sem verður á rekstri eins eða fleiri samskattaðra félaga má drag frá tekjum hinna áður en tekjuskattur er reiknaður.
 - Viðkomandi tekjuár verður alltaf að gera upp áður en tekið er tillit til yfirfæranlegs taps fyrri ára.
 - Yfirfæranlegt tap sem stafar af rekstri frá því fyrir samsköttun má aðeins nýta í því félagi.



Samsköttun nær einungis til tekjuskatts, önnur gjöld ber að leggja á hvert einstakt félag.

Hér á eftir verður aðeins fjallað um framkvæmd samsköttunar og tengd atriði þ.e. lið 7 hér að framan. Varðandi liði 1 til 6 þá tel ég að það sé engin ágreiningur eða óvissa um þau atriði sem þar koma fram.

Framkvæmd samsköttunar

Við lestur lagagreinarinnar virðist ákvæðið vera mjög einfalt, en þegar betur er að gáð þá vakna ýmsar spurningar s.s:

- Með hvaða hætti á að gera upp hagnað og tap viðkomandi tekjuárs áður en kemur að nýtingu yfirfæranlegs taps frá fyrri árum.
- Í hvaða röð og hvernig ber að nýta yfirfæranleg töp frá fyrri árum, þ.e. annars vegar töp sem hafa myndast á samsköttunartímanum og hins vegar töp sem mynduðust fyrir samsköttun.

Til að svara þessum spurningum og öðrum spurningum sem kunna að vakna við túlkun lagagreinarinnar þarf að skoða greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 154/1998, en greinargerðin er á ÞSKJ. 318 – 278. mál.

Hér á eftir mun ég leitast við að svara þessum spurningum m.v. túlkun mína á lögnum og greinargerðinni sem fylgdi þeim. Til að færa rök fyrir niðurstöðum mínum mun ég nýta mér dæmi um samsköttun sem fylgdi fyrrnefndri greinargerð.

Í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram varðandi uppgjör viðkomandi tekjuárs:

„Tap eins eða fleiri félaga deilist hlutfallslega á félög með hagnað áður en uppsafnað tap fyrri ára, í samsköttun, er reiknað á móti hagnaði. Í samsköttun skal tap í einu eða fleiri félögum deilast hlutfallslega miðað við hagnað á þau félög sem eru með hagnað viðkomandi ár. Nýtist tapið ekki til fulls yfirfærast það á næstu ár.“

Einnig kemur fram í greinargerðinni að ef samsköttun er lokið t.d. ef félögin óska ekki lengur eftir samsköttun, eða á annan hátt, *„getur yfirfæranlegt tap sem myndaðist í samsköttun í hverju félagi fyrir sig nýst hjá því félagi sem myndaði tapið þegar það verður skattlagt í sérsköttun.“*

Þetta þýðir í raun:

1. Ef samanlagður hagnaður á viðkomandi tekjuári er hærri en samanlagt tap félaga sem eru með tap á sama ári, þá er tapsnýting í eftirfarandi þrepum:
 Þrep 1 - Deila tapi hlutfallslega á móti hagnaði félaga á árinu. (Jöfnun innan ársins).
 Þrep 2 - Nýta tap sem myndaðist í samsköttun á móti hagnaði sem stendur eftir jöfnun innan ársins.
 Þrep 3 - Nýta tap sem til er í viðkomandi félagi frá því fyrir samsköttun.
2. Ef samanlagt tap á viðkomandi tekjuári er hærra en samanlagður hagnaður þeirra félaga sem eru með hagnað á sama ári, þá er tapsnýting í eftirfarandi þrepum:
 Þrep 1 - Deila hagnaði hlutfallslega á móti tapi félaga á árinu. (Jöfnun innan ársins).
 Þrep 2 - Tap sem eftir stendur hjá hverju félagi tilheyrir því félagi, en er nýtanlegt í samsköttun á meðan hún er í gildi, en þó ekki lengur en næstu tíu ár. Sé samsköttun slitið tilheyrir tapið viðkomandi félagi og nýtist hjá því í sérsköttun.

Með áðurnefndri greinargerð fylgdi dæmi um samsköttun félaganna A, B, C og D þar sem samsköttun árána 1999, 2000 og 2001 er sýnd m.v. ákveðnar forsendur. Það sem má lesa út úr því er eftirfarandi:

1. Á árinu 1999 voru A og B með skattalegt tap samtals 150 þús. kr., en C og D með skattskyldan hagnað samtals 30 þús. kr. Hagnaði C og D 30 þús. kr. er deilt hlutfallslega á A (67%) og B (33%) miðað við tap ársins hjá þeim félögum og eftir stendur yfirfæranlegt tap í hvoru félagi fyrir sig m.v. það, A 80 þús. kr. og B 40 þús. kr. Að auki er gefið að A á tap að fjárhæð 15 þús. kr. frá því fyrir samsköttun.

Árið 1999						
	Hagnaður (tap) ársins	Skipting hagnaðar (taps)	Yfirfæranlegt tap í samsköttun til næsta árs	Yfirfæranlegt tap frá því fyrir samsköttun	Samtals yfirfæranlegt tap	
A	(100,000)	66.7%	20,000	(80,000)	(15,000)	(95,000)
B	(50,000)	33.3%	10,000	(40,000)		(40,000)
C	25,000		(25,000)			0
D	5,000		(5,000)			0
	(120,000)	100.0%	0	(120,000)	(15,000)	(135,000)



2. Á árinu 2000 voru A, C og D með skattskyldan hagnað samtals að fjárhæð 75 þús. kr., en B var með skattalegt tap að fjárhæð 40 þús. kr. Nettó skattstofn í samsköttuninni er því 35 þús. kr.
- a. Í dæminu er nettó skattstofni deilt hlutfallslega á A, C og D þannig að tap ársins hjá B er 5 þús. kr.
Eins og fram kemur hér að framan segir í greinargerðinni að tap í einu eða fleiri félögum skuli deilast hlutfallslegamiðað við hagnað á þau félög sem eru með hagnað viðkomandi ár. Samkvæmt þessu þá tel ég að dæmið sé ekki rétt, þ.e. að í stað þess að deila 35 þús. kr. út á móti hagnaði hefði átt að deila öllu tapi B 40 þús. kr. út á móti hagnaði A, C og D og þannig hefði ekki verið um neitt tap að ræða hjá B vegna ársins 2000. Framhaldið af dæminu er reiknað m.v. framangreinda túlkun mína á jöfnun innan ársins.
- b. Eftir jöfnun innan ársins eru A, C og D ennþá með skattskyldan hagnað samtals 35 þús. kr. í stað 75 þús. kr. fyrir jöfnun innan ársins.
- c. Samkvæmt dæminu þá nýtir A fyrst tap sem það félag á eftir að samsköttun hófst á móti hagnaði eftir jöfnun innan ársins.
- d. Hagnaði C og D eftir jöfnun innan ársins er síðan deilt hlutfallslega á móti þeim töpum sem A og B eiga eftir og myndaðist á samsköttunartímanum.

Árið 2000											
	Hagnaður (tap) ársins	Skipting hagnaðar (taps)	Staða eftir jöfnun innan ársins	Yfirfærlegt tap frá fyrra ári	Yfirfærlegt tap eftir nýtingu félags		Jöfnun taps nýtanlegt í samsköttun	Yfirfærlegt tap í árslok	Yfirfærlegt tap frá því fyrir samsköttun	Samtals yfirfærlegt tap	
A	24,000	32.0%	(12,800)	11,200	(80,000)	(68,800)	63.2%	15,050	(53,750)	(15,000)	(68,750)
B	(40,000)		40,000	0	(40,000)	(40,000)	36.8%	8,750	(31,250)		(31,250)
C	30,000	40.0%	(16,000)	14,000				(14,000)			0
D	21,000	28.0%	(11,200)	9,800				(9,800)			0
	35,000	100.0%	0	35,000	(120,000)	(108,800)	100.0%	0	(85,000)	(15,000)	(100,000)

- e. Yfirfærlegt tap í árslok greinist því þannig að félag A á þá 54 þús. kr. tap sem myndast hefur á samsköttunartímanum og 15 þús. kr. tap frá því fyrir samsköttun, en félag B á 31 þús. kr. tap sem myndaðist á samsköttunartímanum.

Hér er þetta frekar einfalt það er töp A og B sem mynduðust í samsköttun eru öll frá árinu 1999 og því er eðlilegt að deila hagnaði C og D hlutfallslega á móti þeim.

Spurningin er hins vegar hvað á að gera ef t.d. töp A og B væru þannig að hluti af tapi A væri frá ári 1 og hluti frá ári 2, en allt tap B væri frá ári 2. Ætti þá að nýta elsta tapið fyrst þ.e. tap A frá ári 1 og síðan að deila þeim hagnaði sem eftir stendur hlutfallslega á töp A og B á ári 2. Eða á ekkert að horfa á það hvernig tapið skiptist niður á ár og deila bara hlutfallslega eftir tapi samtals á samsköttunartíma (þannig virðist þetta vera gert í dag).

Við nýtingu á yfirfærlegu tapi er venjan að elsta tap er nýtt fyrst þannig að það verður að teljast eðlilegt að við nýtingu á tapi innan samsköttunar þ.e. eftir að félag hefur fyrst nýtt sitt tap sem myndaðist í samsköttun að töp annarra félaga séu nýtt m.t.t. þess hvernær þau mynduðust. Þar sem hvorki lögin né greinargerðin sem fylgdi með frumvarpinu taka á þessu verður að telja rétt að túlka þetta skattaðila í hag, en ljóst er að fyrir skattaðila er best að elsta tapið sé nýtt fyrst vegna tímatakmarkana á nýtingu þess.

3. Á árinu 2001 eru félögin A, B og D með skattskyldan hagnað, samtals að fjárhæð 150 þús. kr., en skattaleg afkoma C er 0 kr.
- a. Þar sem ekkert félag er með skattalegt tap á árinu þá þarf ekki að framkvæma jöfnun innan ársins.
- b. Félög A og B nýta þau yfirfærlegu töp sem þau eiga og mynduðust á samsköttunartímanum.

Árið 2001											
	Hagnaður (tap) ársins	Skipting hagnaðar (taps)	Staða eftir jöfnun innan ársins	Yfirfærlegt tap frá fyrra ári	Yfirfærlegt tap eftir nýtingu félags	Skattstofn eftir nýtingu		Jöfnun yfirfærlegs taps	Skattstofn eftir jöfnun	Yfirfærlegt tap frá því fyrir samsköttun	Skattstofn
A	100.000	66,7%	0	100.000	(53.750)	46.250	60,7%	(6.824)	39.426	(15.000)	24.426
B	20.000	13,3%	0	20.000	(31.250)	(11.250)		11.250			0
C	0	0,0%	0	0							0
D	30.000	20,0%	0	30.000		30.000	39,3%	(4.426)	25.574		25.574
	150.000	100,0%	0	150.000	(85.000)	(11.250)	100,0%	0	65.000	(15.000)	50.000



- c. Hagnaður sem stendur eftir, eftir nýtingu taps hvers félags fyrir sig er deilt hlutfallslega út á þau töp sem mynduðust á samsköttunartímanum.
- d. Þar sem öll töp sem mynduðust á samsköttunartímanum hafa verið nýtt og A er ennþá með hagnað getur A að lokum nýtt það tap sem það á frá því fyrir samsköttun.

Önnur álitamál

Samsköttun félaga byggir á því að félög með hagnað á einu ári geta nýtt sér skattaleg töp annarra félaga á sama ári eða yfirfærarleg töp sem myndast hafa á samsköttunartímanum á móti hagnaðinum. Hér er um að ræða að skattstofnar félaganna eru lagðir saman eftir ákveðnum reglum. Það þarf því að leiða fram skattstofna allra félaganna áður en framkvæmd er jöfnun innan ársins, þ.e. félagið þarf að hafa nýtt sér allar þær skattalegu ráðstafanir sem því er heimilt að nýta og það kýs að nýta sér. Hér geta ýmis ákvæði skattalaganna stangast á við ákvæði 55. gr. um samsköttun þ.e. um nýtingu yfirfærarlegra tapa.

Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi atriði:

Í 14. gr. laga nr. 90/2003 er fjallað um heimild skattaðila til að fyrna eignir, á móti skattskyldum söluhagnaði fyrnanlegra eigna eða heimild til frestunar á skattlagningu um tvenn áramót. Fyrning eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfærarleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Sömu skilyrði eru fyrir nýtingu heimilda til frestana og fyrninga í bráðabirgðaákvæðum XXXVI og XLIV vegna niðurfellinga skulda þ.e. að rekstrartap ársins og yfirfærarleg töp þurfa að hafa verði jöfnuð.

Eins og áður hefur komið fram þá mega félög sem taka þátt í samsköttun ekki nýta eldri töp fyrr en að framkvæmd hefur verið jöfnun innan ársins og þau mega ekki nýta töp frá því fyrir samsköttun nema að töp annarra félaga sem myndast hafa á samsköttunartímanum hafi verið nýtt að fullu.

Hér er því ákveðinn ómöguleiki að uppfylla samtímis skilyrði 55. gr. og sérákvæði um tapsnýtingu í öðrum greinum.

Að mínu mati skulu almenn ákvæði 55. gr. um tapsnýtingu víkja fyrir sérákvæðum um tapsnýtingu. Því eigi félög sem ætla að nýta sér t.d. ákvæði 14. gr. að nýta eldri töp áður en til jöfnunar innan ársins kemur. Skattstofn þeirra félaga vegna viðkomandi árs við jöfnun innan ársins verður því 0 og eldri töp bæði fyrir samsköttun og þau sem myndast hafa á samsköttunartímanum eru leiðrétt m.t.t. nýtingarinnar.

Ef þetta væri ekki gert með þessum hætti þá væri verið að ganga á rétt félagsins til að nýta sér flýtyfyrningar eða heimildir til frestunar á tekjufærslu hagnaðar vegna þess að önnur félög í samsköttuninni eru með tap á viðkomandi ári eða eiga eldri skattaleg töp sem myndast hafa á samsköttunartímanum.

Hér ber einnig að benda á mikilvægi þess að félög sem eru að nýta tap annarra félaga í samsköttun þurfa að greiða fyrir nýtingu tapsins þar sem þau eru að ganga á eignir / réttindi viðkomandi félaga. Sé það ekki gert má líta svo á að þau félög sem láta af hendi tap til að mæta hagnaði annarra félaga séu að gefa þeim eignir / réttindi sem ættu þá að vera skattskyld í hendi móttakanda.

Skattskil

Eins og fram kemur í lögnum er tekjuskattur þeirra félaga sem taka þátt í samsköttuninni lagður á móðurfélagið. Til að þetta sé hægt þarf að flytja skattstofna viðkomandi félaga af framtali þeirra yfir á móðurfélagið og er gert ráð fyrir því í reit 4382 „Skattaleg leiðrétting vegna samsköttunar“, að öðru leyti gerir skattframtalið ekki ráð fyrir samsköttun félaga. Hvergi er haldið utan um hvaða töp félaganna eru nýtanleg í samsköttun og hvaða töp eru frá því fyrir samsköttun. Einnig má benda á þau vandkvæði sem skapast í framtali móðurfélags þegar gera þarf grein fyrir skattstofnum dótturfélaga hjá móðurfélaginu, en móðurfélagið á yfirfærarlegt tap frá því fyrir samsköttun. Til að hægt sé að sýna réttan skattstofn á framtali móðurfélagsins þarf að taka yfirfærarleg töp þess frá því fyrir samsköttun út úr framtalinu. Við gerð framtals á næsta ári þarf síðan að setja gömlu töpin inn á framtalið á ný, en þá kemur athugasemd í kerfinu um að eldri töp stemmi ekki við töp samkvæmt framtali fyrra árs og framtal móðurfélagsins gefur þar með ekki rétta mynd af skattalegri stöðu þess í árslok.



Einnig er rétt að benda á lokamálsgrein greinargerðarinnar sem fylgdi frumvarpinu, en þar segir að eftir lok samsköttunar, „*getur yfirfæranlegt tap, sem myndaðist í samsköttun, í hverju félagi fyrir sig nýst hjá því félagi sem myndaði tapið þegar það verður skattlagt í sérsköttun.*“ Félögum í samsköttun ber því að halda utanum yfirfæranleg töp á framtali hvers félags fyrir sig, það á því ekki að flytja töp sem nýtanleg eru í samsköttun yfir á framtal móðurfélagsins á hverju ári. Aðeins ber að millfæra á milli framtala skattstofna samskattaðra félaga og þau skattalegu töp sem nýtast á móti þeim skattstofnum á viðkomandi ári, hvort heldur sem um er að ræða töp sem mynduðust á yfirstandandi ári eða á fyrri árum. Skattframtal hvers félags á því að sýna skattalega stöðu þess í árslok hvers árs.

Lokaorð

Hér að framan hef ég rakið mína túlkun á framangreindum lögum, en fjórtán árum eftir gildistöku þeirra hefur ráðherra ekki sett reglugerð um meðferð tapa og hagnaðar á milli félaga í samsköttun eins og gert var ráð fyrir í greinargerð með frumvarpi til laganna og heimilað er í lagagreininni sjálfri. Nú fjórtán árum síðar virðist þó enn brýn þörf á nánari reglum.

Það er ekki síður mikil þörf á að framtalsform félaga verði útbúið þannig að gert sé ráð fyrir samsköttun félaga.

Ég veit dæmi þess að í úrskurði ríkisskattstjóra í tilteknu máli um samsköttun var ekki framkvæmd jöfnun innan ársins áður en eldri töp voru nýtt, en það er þó eitt að því fáa um nýtingu tapa sem er alveg skýrt í lagatextanum. Reglurnar virðist því ekki síður standa í ríkisskattstjóra en öðrum.

Það er alveg ljóst að framkvæmd samsköttunar hjá félögum er með mjög mismunandi hætti og túlkun aðila á lögnum er ekki samræmd. Það er ekki lengur þannig að mjög fá félög séu samsköttuð, þeim hefur farið ört fjölgandi á undanförunum árum og verður því að telja fullt tilefni til að þessum málum verði komið í fastar skorður. Liður í því gæti verið að framtal lögaðila verði hannað með tilliti til samsköttunar og þá myndi a.m.k. koma fram túlkun ríkisskattstjóra á lögnum.

Einnig væri eðlilegt að ráðherra nýtti heimild sína til þess að setja reglugerð um nýtingu tapa í samsköttun.

Steingrímur Sigfússon

Hvað þarf marga endurskoðendur til að skipta um ljósaperu?
Hvaða tölu hefur þú í huga?

Hvað þarf marga endurskoðendur til að skipta um ljósaperu?
1 til að skipta um peruna og 99 til að skrifa skýrslu um peruskiptin

Hvað þarf marga endurskoðendur til að skipta um ljósaperu?
Hvað þurfti marga árið áður?

Hvað nota endurskoðendur sem getnaðarvörn?
Persónuleika sinn

Hver er skilgreiningin á endurskoðanda?
Aðili sem leysir vandamál hjá þér sem þú vissir ekki að þú ættir við að etja á þann veg sem þú skilur ekki.

Þú ert endurskoðandi ef:
Þú reiknar út meðalfjölda bauna og gulróta á disknum þínum við kvöldverðarborðið.

Til eru þrjár týpur endurskoðenda, þeir sem kunna að telja og þeir sem kunna það ekki.



RSK 50 ára

Skúli Eggert Þórðarson er ríkisskattstjóri

Hinn 1. október 2012 voru fimm tíu ár liðin frá því að ríkisskattstjóraembættið var stofnað með lögum nr. 70/1962. Engin vafi er á að sú ákvörðun skipti sköpum í skattfrankvæmd hér á landi. Allt regluverk var gert skýrara og samræming skattfrankvæmdar varð betri en áður hafði verið. Í tilefni þessara tímamóta hefur það orðið úr að höfundur greinarkorns þessa rifjaði upp nokkur atriði í sögu ríkisskattstjóraembættisins og hvernig til þess var stofnað.

I. Aðdragandi að stofnun embættis ríkisskattstjóra

Skattlagning á Íslandi hófst röskum 200 árum eftir að land byggðist og stýðst því við árpúsunda sögu. Tíund er elsti skattur Íslendinga, lagður á 1096 eftir fyrirsögn þeirra Sæmundar fróða Sigfússonar og Gissurar Ísleifssonar en ugglaut höfðu önnur stórmenni þar eitthvað um að segja. Tíund var eignarskattur og skattlagning tekna hófst hefst ekki fyrr en með tekjuskattslögnum frá árinu 1877. Fyrstu tekjuskattslögin sem voru í ætt við nútíma skattlagningu eru frá árinu 1921. Þeim lögum var breytt á næstu áratugum og skattheimtan þróaðist á nokkurra ára fresti þar til kom að nýjum skattalögum á árinu 1962. Það ár varð gjörbreyting á skattlagningu hérlendis sem síðar verður vikið nánar að í grein þessari.

Þegar á árinu 1918 er farið að ræða um að skipa sérstakan embættismann, skattstjóra, sem verða skyldi skattaráði Reykjavíkur til ráðuneytis þegar þörf væri á. Skipan sérstaks skattstjóra varð þó ekki fyrr en á árinu 1922 þegar Einar Arnórsson lögfræðingur var skipaður fyrsti skattstjórinn í Reykjavík. Einar átti síðar eftir að verða ráðherra í ríkisstjórn Íslands, utanþingsstjórninni á árunum 1942-1944, og prófessor og loks hæstaréttardómari um árabíl. Einar setti upp skrifstofu sem var fram á fjórða áratug 20. aldar á Laufásvegi 25 en fyrst hafði hún verið annars staðar um skamman tíma.

Fram til ársins 1962 hafði áratugum saman verið lagt á eftir efnun og aðstæðum en síðar komu fastar viðmiðanir eftir skattstígum. Frankvæmdin var í höndum skattanefnda, stundum kallaðar niðurföfnunarnefndir eða framtalsnefndir, sem flestar urðu 219 að tölu og til viðbótar voru 24 yfirkattanefndir, 10 skattstjórar og eins og ein ríkisskattanefnd. Skattstjórar höfðu hafið störf í helstu kaupstöðum og fjölgaði þeim smám saman á árunum 1944-1956. Nefndarmenn í skattanefndum höfðu margir hverjir heldur fátæklega þekkingu á skattamálum og fáir nefndarmanna höfðu nauðsynlega menntun. Skattstjórnir höfðu misjafnan bakgrunn og ekki voru sérstakar kröfur í lögum um hæfi þeirra hvað menntun varðaði. Þannig voru ekki allir skattstjórnir

haskólamenntaðir þótt þeir teldust uppfylla hæfisskilyrði á grundvelli viðtækrar þekkingar á skattamálum.

Þegar líða tók á sjötta áratuginn heyrðust æ oftast sjónarmið um að samræmi í skattfrankvæmdinni væri ekki í nægjanlega góðu horfi, enda þótt ríkisskattanefnd hefði það hlutverk með höndum að annast samræmingu skattfrankvæmdar. Kröfur um að auka samræmið og koma á fót nýju skattkerfi urðu sífellt háværari og flestum var orðið ljóst að skera þurfti kerfið upp og skipa stjórnarsýslu skattamála með nýjum hætti. Krafan um embætti með viðtæku leiðbeiningar- og eftirlitsvaldi í skattamálum varð þannig ákveðnari en verið hafði um langt skeið. Í febrúar 1962 lagði þáverandi fjármálaráðherra fram frumvarp til nýrra skattalaga um margvíslegar ráðstafanir í skattamálum. Meðal efnis þar voru áform um að bylta stjórnarsýslu skattamála og stofna ný embætti skattstjóra ásamt embætti ríkisskattstjóra. Samkvæmt frumvarpinu voru eldri embætti skattstjóra í kaupstöðum lögð niður og í þeirra stað voru stofnuð ný embætti skattstjóra í nýjum sjálfstæðum skattumdæmum. Skyldu skattumdæmin vera þau sömu og kjördæmin, þó þannig að skattumdæmi Suðurlands skyldi ekki taka til Vestmannaeyja sem myndi hafa sérstakan skattstjóra. Alls áttu skattumdæmin að vera níu að tölu samkvæmt frumvarpinu og skattstjórnir jafnmargir, auk ríkisskattstjóra. Fól þetta þar með í sér að skrifstofur skattstjóranna í Reykjavík, Hafnarfirði, á Ísafirði, Siglufirði, Akureyri og í Vestmannaeyjum störfuðu áfram en með mun viðtækari umdæmi. Störf skattstjóranna í Kópavogi, Keflavík og á Neskaupsstað voru lögð niður. Nýir skattstjórar skyldu skipaðir á Egilsstöðum og á Hellu. Gekk þetta síðan eftir með samþykkt frumvarpsins um hina nýju skipan skattyfirvalda og þannig urðu til embætti ríkisskattstjóra og níu skattstjóra. Staða ríkisskattstjóra var fljótlega auglýst laus til umsóknar og var Sigurbjörn Þorbjörnsson viðskiptafræðingur skipaður ríkisskattstjóri hinn 22. maí 1962. Tók Sigurbjörn til starfa daginn eftir. Gildistaka laganna var 1. október sama ár og fram að þeim tíma var Sigurbirni ætlað að undirbúa opnun skrifstofu ríkisskattstjóra og breytingar sem gera átti samkvæmt lögnum.

II. Ríkisskattstjóri og fyrstu ár embættisins

Ríkisskattstjóra var ætlað samkvæmt hinni nýju löggjöf að samræma störf skattstjóranna. Margir höfðu kallað eftir úrbótum á skattastjórnarsýslunni á þessum árum. Hugmyndir um að stofna embætti ríkisskattstjóra ná allt aftur til fjórða áratugarins og hafði slíkt verið nefnt oftast en einu sinni í pólitískri umræðu þessara ára. Þá hafði Verslunarráð Íslands m.a. á árinu 1961 sett fram ábendingar um að stofnað yrði embætti ríkisskattstjóra.

Væntingar voru því miklar í byrjun og þeim átti lítt eftir að linna næstu ár og áratugi. Sigurbjörn hóf ásamt þremur starfsmönnum formlega störf hinn 1. október 1962 á þeim degi sem gildistaka laganna varð. Beitti Sigurbjörn sér fljótlega fyrir ýmsum nýjungum, m.a. setti ríkisskattstjóri ítarlegar leiðbeiningar um hvernig landsmenn skyldu standa að framtalsskilum í stóru sem smáu. Regluverkið við framtalsskil varð allt skýrara og settar reglur urðu sýnilegar. Reglugerð nr. 245/1963 markaði mikil tímamót. Þá birti ríkisskattstjóri árlega ítarlegar upplýsingar, lengst af sem áttblöðung, er fjölmargir framteljendur tóku til hliðar til að hafa sér til halds og trausts þegar að framtalsgerðinni kom, og birtust þær upplýsingar m.a. í dagblöðum. Eyðublaðagerð tók miklum framförum og samræmi við ýmis framkvæmdaratriði komst smám saman á.

Samræmingarhlutverk ríkisskattstjóra varð hvað skýrast í því ákvæði laganna að ríkisskattstjóra bæri að hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá til þess að sem best samræmi væri í störfum þeirra. Þá var ríkisskattstjóra ætlað að leiðbeina skattstjórum og eftir atvikum starfsmönnum þeirra um skattaleg málefni, m.a. með því að senda þeim afrit af þeim úrskurðum ríkisskattanefndar sem telja mátti að hefðu almennt gildi. Þá var ríkisskattstjóra fengið það vald að hann gat að eigin frumkvæði rannsakað hvert það atriði sem framkvæmd laganna varðaði. Upplýsingaskyldan var einnig afdráttarlaus þar sem ríkisskattstjóra var veitt heimild til að krefjast allra upplýsinga frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum þegar athugun á framtölum stóð yfir. Þá var ríkisskattstjóra heimilt að breyta ákvörðun skattstjóra ef efni stæðu til slíks.

Starfsmönnum hins nýja ríkisskattstjóraembættis fjölgaði hægt til að byrja með en þegar stofnuð var rannsóknardeild við embættið með lögum frá árinu 1964 kom aukinn mannaflí. Sérstakt embætti skatransóknarstjóra við ríkisskattstjóraembættið var stofnað árið 1965 og stýrði skatransóknarstjóri rannsóknardeildinni hjá ríkisskattstjóra. Var þetta nokkuð óvenjulegt fyrirkomulag að sjálfstætt skipaður embættismaður stýrði einingu annars embættismanns. Því var svo breytt í ársbyrjun 1993 þegar nýtt embætti skatransóknarstjóra ríkisins var stofnað með lögum nr. 111/1992.

Eftir því sem árin liðu óx ríkisskattstjóraembættinu ásmegin en annir voru gríðarlega miklar. Mikill fjöldi margvíslegra stærri og smærri erinda bárust embættinu og mörg síðbúin framtöl bárust. Voru þess dæmi að beiðnir um leiðrétt framtöl tóku til allt að áratugar aftur í tímann. Ríkisskattstjóraembættið mótaðist eðlilega fyrstu árin af áherslum Sigurbjörns en hann var óumdeilanlega afburðamaður hvað varðaði þekkingu og skilning á eðli skattlagningar. Lagði Sigurbjörn metnað sinn í að embættið kæmi festu á skattframtalsskilum með skýrum reglum þannig að framteljendum öllum væri ljóst að hverju þeir gengu og skattákvæðanir byggðust á settum reglum.

Á fyrstu árum embættis ríkisskattstjóra kom til umræðu áhugi manna á að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda. Drjúgur hluti

af störfum Sigurbjörns á embættistíma hans var fölginn í athugunum á því hvort unnt væri að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda hérlendis og hvernig að undirbúningi slíkrar breytingar skyldi standa. Raunar var það svo að þegar eftir að Sigurbjörn hafði tekið við störfum ríkisskattstjóra, áður en skrifstofa embættisins var opnuð, varði hann nokkrum tíma í að kanna möguleika á því að koma á staðgreiðsluferfi. Á þessum árum átti meginhindrun þess að ekki var tekin upp staðgreiðsla rót sína að rekja til þess að ekki náðist nægjanleg samstaða um að einfalda skattareglur samhliða upptöku á staðgreiðslu. Við það sat áratugum saman og það var ekki fyrr en eftir að Sigurbjörn hafði látið af starfi sem ríkisskattstjóri að staðgreiðsla opinberra gjalda varð að veruleika á árinu 1987, en þá var aldarfjórðungur liðinn frá stofnun embættisins. Verður víkið að því síðar í grein þessari. Ríkisskattstjóraembættið og starfsmenn þess gengu í gegnum miklar skattalagabreytingar á fyrstu 20 árum embættisins. Enginn vafi er þó á að með lögum nr. 40/1978 urðu meiri breytingar á efnisþáttum skattalaga en áður hafði verið um langt árabil. Undirbúningur þessa var umfangsmikill og framtalsgerð var gjörbreytt með því að framtölin voru gerð tölvutæk. Ný eyðublöð voru tekin upp og allt yfirbragð framtalsins var gjörbreytt eftir 1980. Kallaði þetta á breytingar á starfsháttum og horft var til enn meiri breytinga á komandi árum.

Með lögum 40/1978 var skattlagningu atvinnurekstrar breytt með nýjum efnisreglum svo sem verðbreytingarfærslunni sem var við lýði í ein 20 ár. Skattlagning einstaklinga utan atvinnurekstrar tók sömuleiðis miklum breytingum, einkum með því að skattlagningu hjóna var breytt í það horf að skattleggja hvort hjóna af eignum, þótt eignasköttun yrði áfram sameiginleg. Frádráttarliðum var endurskipað samkvæmt 30. gr. laga nr. 40/1978 og án efa var þar merkast svokallaður fastur 10% frádráttur. Reiknaðar tekjur vegna eigin húsnæðis voru felldar niður og sömuleiðis frádráttur vegna viðhalds íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Það var lítil eftirsjá að þeim frádráttarlið sem árum saman hafði skapað miklar deilur milli framteljenda og skattyfirvalda hvað teldist vera viðhald og hvað nýsmíði húsnæðis. Þá var með lögnum frá 1978 ætlunin að leggja til grundvallar framtölin eins og þau voru send inn að teknu tilliti til breytinga samkv. 95. gr., en eftir álagningu færi fram endurskoðun framtala með tölvuúrtaki á grundvelli svokallaðra ábendinga. Þetta komst þó aldrei almennilega til framkvæmda og innleiðing skattalagabreytinganna með lögum 40/1978 var bæði erfið og tímafrek.

III. Staðgreiðsla og virðisaukaskattur

Árin 1987-1991 eru þó sennilega annað mesta breytingaskeið embættisins, en á því tímabili var öllum helstu tekjuöflunarkerfum ríkissjóðs og sveitarfélaga gjörbreytt með upptöku á staðgreiðslu opinberra gjalda, virðisaukaskatti í stað söluskatts, tryggingargjaldi og niðurfellingu aðstöðugjalds. Þá hafði Garðar Valdmarsson tekið við embætti ríkisskattstjóra frá 1. júlí 1986 en Sigurbjörn hafði að eigin ósk látið af störfum á þeim tíma. Kom það því í hlut Garðars og samstarfsmanna hans að koma hinum miklu skattalagabreytingum í framkvæmd og leiða breytingar á starfsháttum sem af þeim leiddu. Við upptöku á staðgreiðslu og



virðisaukaskatti var horft til þess að auka þjónustu skattyfirvalda og miðla upplýsingum um skattkerfisbreytingarnar á nýjan og áberandi hátt.

Það einkenndi bæði staðgreiðsluna og virðisaukaskattinn að mikill tími fór í að móta nýja skattframkvæmd. Þannig voru gefin út mörg hundruð bréf þar sem tekið var á ýmsum álitamálum um hvort tiltekin starfsemi bæri virðisaukaskatt eða ekki. Hið sama átti við í staðgreiðslu, greina þurfti úr miklum fjölda álitamála hvort þetta eða hitt væri staðgreiðsluskylt eða undanþegið staðgreiðslu. Fjölmargar reglugerðir voru gefnar út með stöðum í lögum um virðisaukaskatt og staðgreiðslu. Reyndi þetta mikið á framkvæmdina. Sérstöku eftirlitsátaki var hrint af stað við upptöku á staðgreiðslu og nálega 5.000 aðilar heimsóttir á einu ári til að leiðbeina um tekjuskráningu og bókhaldsfærslur. Kynningarstarfsemi var mikil og bæði við upptöku á staðgreiðslu og virðisaukaskatti fóru starfsmenn ríkisskattstjóra á mikinn fjölda kynningarfundu. Samanlagt voru slíkir fundir vel á annað hundrað. Allt þetta gekk samkvæmt áætlun og hin nýju tekjuöflunarkerfi stóðust. Sérstaklega varð staðgreiðslan skilvirk og skilaði mun meiri tekjum en gert hafði verið ráð fyrir. Kom þetta t.a.m. sveitarfélögum vel sem mörg hver höfðu staðið í basli með innheimtu á útsvari, en eftir upptöku á staðgreiðslunni runnu útsvarsgreiðslur inn í sveitarsjóði án nokkurra vandkvæða og í mun meiri mæli en áður hafði verið. Þar skipti mestu að skattheimtan átti sér stað um leið og teknanna var aflað en ekki ári eftir eins og var í eldra fyrirkomulagi. Vanskil voru lítil og innheimtuhlutfall nálægt 97-99% eða mun betra en áður hafði verið. Mikill skilningur var einnig meðal endurskoðenda og annarra sem önnuðust þjónustu við atvinnureksturinn á því að láta þetta ganga upp. Ríkisskattstjóri hefur ætíð staðið í þakkarskuld við endurskoðendur vegna jákvæðni þeirra við að innleiða hin nýju skattkerfi. Ugglaust hefur þeim ekki verið þakkað sem skyldi á sínum tíma og er því bætt úr því hér með þessu greinarkorni. Án atbeinanda endurskoðenda hefði þetta ekki gengið eftir.

IV. Nýtt auðkenni og tæknibreytingar

Nýtt auðkenni ríkisskattstjóra var tekið upp á árinu 1987. Þar voru stafirnir RSK í ákveðinni stafagerð ásamt nafni embættisins gert að ákveðnu auðkenni. Þetta auðkenni var einnig sett inn á öll eyðublöð til merkingar ásamt númeri. Auðkenningin festist fljótt í sessi og nú er jöfnum höndum talað um RSK og lögformlegt heiti stofnunarinnar þegar vísað er til embættisins. Sama ár hófst útgáfa á Tíund, fréttablaði ríkisskattstjóra, en því var ætlað að koma á framfæri við almenning og hagsmunaðila upplýsingum um skattamál. Útgáfa blaðsins hefur því staðið yfir í 25 ár og er ekkert lát á henni. Raunar hefur blaðinu að mestu verið breytt í vefrit en ætíð eru þó prentuð nokkur hundruð eintök sem m.a. er dreift til allra endurskoðenda. Útgáfan hefur vaxið mikið hin allra síðustu ár og nú er blaðið helmingi stærra í blaðsíðum talið en var lengst af. Sömuleiðis hefur efnistöfum verið gjörbreytt og áhersla lögð á að flytja almenningi upplýsingar úr svokölluðu landsframtali, þ.e. þegar allar fjárhæðir í öllum reitum hafa verið lagðir saman. Er einkar fróðlegt að sjá samanburð á milli ára, ekki síst eftir þá efnahagskollsteypu sem íslenska þjóðin hefur gengið í gegnum síðustu ár.

Á þessum árum, 1987-1990, fjölgaði starfsmönnum ríkisskattstjóra um meira en 30 enda voru kerfisbreytingar þær sem þá var gengið í gegnum bæði flóknar og krefjandi. Á þessum árum dró úr mikilvægi starfa skattstjóra en verkefni ríkisskattstjóra jukust. Smám saman varð ríkisskattstjóri að mun virkara aflí í skattframkvæmdinni með því að hafa yfirstjórn á staðgreiðslunni og virðisaukaskattsframkvæmdinni. Hlutverk skattstjóranna varð meira að sinna ákveðinni staðbundinni þjónustu og yfirfara framtöl að staðgreiðslu lokinni. Þegar líða tók að aldamótum fækkaði starfsmönnum á stærstu skattstofunni og hafði það einnig í för með sér að hlutverk ríkisskattstjóra varð meira en áður var.

Það má segja að loknum innleiðingum á hinum nýju skattheimtakerfum á þessum árum hafi tekið við tímabil þokkalegs stöðugleika í skattframkvæmd, eða svo er a.m.k. í minningunni. Breytingar á skattalögum þóttu reyndar talsverðar á þeim tíma en voru ekkert miðað það sem síðar átti eftir að koma eftir að hrun efnahagslífsins varð. Á þessum árum komst þannig á visst jafnvægi og skattskil voru talin fara batnandi, einkum í virðisaukaskatti, og dulín atvinnustarfsemi virtist minnka.

Tæknivæðing ríkisskattstjóra hófst á áttunda áratugnum með því að sérstakar skráningarvélar voru settar á stærstu skattstofunum. Niúndi áratugurinn varð mikilvægur í þessu samhengi þar sem beinlínutengingar við tekjubókhald ríkisins voru teknar upp en útstöðvar og önnur jaðartæki voru aðeins hjá fáum starfsmönnum. Þegar lögin um staðgreiðslu opinberra gjalda höfðu verið samþykkt var gerð bragarbót á tækniumhverfi skattyfirvalda. Ný tölvakerfi voru hönnuð og önnur helstu skattheimtakerfi ríkisskattstjóra gerð aðgengileg í sívinnslu. Allir starfsmenn skattstjóra, ríkisskattstjóra og annarra skattyfirvalda urðu beinlínutengdir sem var mikil breyting á sínum tíma. Fljótlega eftir það tók við viðnet skattyfirvalda og voru þannig allar stofnanir skattyfirvalda tengdar saman á einu netkerfi frá árinu 1992. Ýmsar aðrar mikilvægar tæknibreytingar voru gerðar á þessum árum, m.a. var staðlaður rekstrarreikningur í framtalsformi tekinn upp eftir nokkurra ára undirbúningstíma. Komst staðlaði reikningurinn í framkvæmd á síðasta starfsári Garðars Valdimarssonar sem ríkisskattstjóra. Og daginn sem Garðar lét af embætti var vefsíða ríkisskattstjóra sett í loftið. Sá atburður markaði upphafið að mikilli rafvæðingu framtalsskila sem átti sér stað á næstu árum.

V. Rafræn skil framtala

Indriði H. Þorláksson tók við embætti ríkisskattstjóra 1. janúar 1999 þegar Garðar Valdimarsson lét af störfum að eigin ósk. Embættistími Indriða einkenndist af þeim breytingum sem áttu sér stað í samskiptamáta fólks. Vefskilín og rafræn skattframkvæmd hófust sama ár og hafa staðið sleitulaust síðan. Með rafrænum framtalsskilum voru mörkuð ný þjónustuviðmið þar sem framteljandinn annaðist rafræn skil á framtalsgögnum. Í upphafi var áritun upplýsinga inn á framtalsformið frekar fátægleg en smám saman jókst fyrirfram áritun upplýsinga sem gerði framtalsgerðina mun auðveldari en áður hafði verið. Fyrstu rafrænu skattskil einstaklinga voru á framtalsárinu 1999 og á því fyrsta ári skiluðu innan við 20 þúsund framteljendur rafrænu framtali.

Það breyttist þó fljótt á næstu þremur árum og mikill meirihluti framteljanda tileinkaði sér þetta form framtalsskila. Varð ríkisskattstjóraembættið í fararbroddi við innleiðingu á rafrænni stjórnsýslu. Ríkisskattstjóri lét á árinu 1999 útbúa sérstakan veflykil sem embættið hefur rekið síðan, og stendur öllum framteljendum til boða að nota lykilinn við rafræn skattskil, ásamt því að nota rafræn skilríki eftir að þau yrðu öllum aðgengileg.

Áritun upplýsinga inn á framtöl jókst smám saman en mikið vantaði upp á að framtal væri fulláritað þar sem upplýsingar um innstæður í fjármálastofnunum voru ekki sendar skattyfirvöldum og takmarkaðar upplýsingar um lán voru sendar. Allt að einu skiptu þessi rafrænu framtalsskil miklu, þar sem þar með tókst að einfalda umstang með pappír og skráningardeildirnar á skattstofunum liðu smám saman undir lok. Þá voru framleidd ný tölvukerfi til þess að fara yfir framtöl í vélum og þannig tókst að samræma yfirferð framtala með upptöku á svokölluðu „regluþrófunarkerfi“ sem annaðist innri samanburð á upplýsingum og kom með ábendingar til framteljanda og skattstjóra þegar framtal var athugunarvert.

Á árinu 2009 var hafist handa við að útbúa svokallað einfalt framtal, en það var framtal sem ríkisskattstjóri taldi á grundvelli upplýsinga sem fyrir lágu að líta mætti á sem fullbúið framtal og framteljandi þyrfti ekki að gera annað en að yfirfara og staðfesta ef rétt væri. Forsenda þess að unnt væri að hefjast handa við framtalsgerð af þessu tagi var að fullnægjandi upplýsingar um inneignir fengust á grundvelli laga frá árinu 2008 og ári síðar var einnig gert skylt að afhenda allar aðrar fjárhagsupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um skuldir framteljanda. Þá hafði verið hert mjög á launamiðaskilum og allar upplýsingar sem bárust frá launagreiðendum voru í mun meira mæli rafræn sem miklu skipti við áritun upplýsinga inn á framtöl, auk þess sem áreiðanleiki slíkra upplýsinga var margfalt meiri. Átti ríkisskattstjóri viðræður við endurskoðendur og bókara um að vandað yrði til slíkra skila og hafa þær viðræður án efa átt ríkan þátt í að ástand þessara mála batnaði til mikilla muna. Á árinu 2012 voru framtöl sem gerð voru með rafrænum hætti orðin 97,3% af skilum. Óhætt er að fullyrða að rafræn stjórnsýsla hér á landi hefur hvergi náð viðlíka yfirburðastöðu. Þá er nú unnið að því að öll samskipti á milli framteljanda og ríkisskattstjóra geti birst með rafrænum hætti á samskiptasiðu framteljanda og hafa þegar verið stigin nokkur skref í þessa átt.

VI. Sameining skattyfirvalda

Fljótlega eftir að hin nýja skipan skattyfirvalda tók gildi 1. október 1962 var farið að ræða um hvort ástæða væri til að einfalda stjórnsýsluna enn frekar með fækkun skattstjóra. Í staðgreiðslufrumvörpum þeim sem samin voru, og umræðum sem fram fóru, komu fram hugmyndir um að fella störf skattstjóra undir ríkisskattstjóra. Var þetta m.a. rætt á fundum þeirra nefnda sem skipaðar voru á sjöunda áratugnum og kemur fram í fyrsta staðgreiðslufrumvarpinu sem kom fram á áttunda áratugnum. Þetta fékk þó ekki mikinn hljómgrunn fyrr en nefnd sem kannaði umfang skattsvika á árunum 1984-1986 skilaði tillögum sínum.

Var þar lagt til að skattstofnarnar yrðu lagðar niður og störf þeirra færð undir nýja stofnun ríkisskattstjóra sem færi með skattframkvæmd á landinu öllu. Enginn pólitískur vilji var þó til að ganga þessa leið. Það var ekki fyrr en á árinu 2009 að þetta var lagt til af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði það sumar. Guðmundur Árnason, þá nýskipaður ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, stýrði þeim starfshópi og tillögur hans gerðu ráð fyrir að embætti sjálfstæðra skattstjóra yrðu lögð niður og færð undir ríkisskattstjóra. Gekk þetta síðan eftir og var breytingin samþykkt á Alþingi 18. desember 2009 með lögum nr. 136/2009. Samkvæmt þeim var ríkisskattstjóra falið að taka við störfum skattstjóra og annast þau auk annarra starfa sem ríkisskattstjóri hafði með höndum. Kom það í hlut greinarhöfundar að innleiða sameiningarferli þeirra tíu stofnana sem þarna komu við sögu. Er það án vafa mesta breytingaskeið embættisins frá upphafi sem þá gekk í garð. Greinarhöfundur ritaði á þessum vettvangi sérstaka grein fyrir ári síðan og vísast um þetta verkefni til þeirra skrifa.

VII. Einstaklingar sem gegnt hafa stöðu ríkisskattstjóra

Áður hefur verið rakið að Sigurbjörn Þorbjörnsson var ríkisskattstjóri frá 1962-1986. Við stöðu hans tók Garðar Valdimarsson og gegndi embættinu frá árinu 1986-1998. Indriði H. Þorláksson tók við embættinu 1999 og lét af störfum ríkisskattstjóra á árinu 2006, og var þá Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri settur ríkisskattstjóri í þrjá mánuði. Greinarhöfundur tók við embættinu 1. janúar 2007. Áður hafði Snorri Olsen, nú tollstjóri, verið settur ríkisskattstjóri um tveggja ára skeið 1995-1997 meðan Garðar Valdimarsson gegndi formennsku í nefnd um tvísköttunarmál. Fyrr á árum hafði Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri á árunum 1967-1990 nokkrum sinnum verið settur ríkisskattstjóri um lengri eða skemmri tíma. Sömuleiðis hafði Kristján Össur Jónasson skrifstofustjóri embættisins verið settur ríkisskattstjóri um skeið á árinu 1982.

Skúli Eggert Þórðarson



Tollstjóri + RSK = vextir

Hver ákvarðar inneignarvexti í virðisaukaskatti?

Kári Haraldsson er viðskiptafræðingur hjá PWC ehf.

Í virðisaukaskatti, þegar um greiðsluskýrslu er að ræða (útskattur er umfram innskatt), eru reiknaðir dráttarvextir á skuld ef greitt er síðar en mánuði eftir gjalddaga. Dráttarvextir þessir eru þá reiknaðir frá og með lögbundnum gjalddaga fram að greiðsludegi. Þessi framkvæmd er í samræmi við almenna reglu sem sett er um dráttarvaxtaútreikning í 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hið sama gildir ekki um inneignir virðisaukaskatts, þ.e. ef innskattur er umfram útskatt við skil á skýrslu eftir að álagning hefur farið fram á viðkomandi tímabili eða ef innskattur er hækkaður frá fyrri álagningu tímabils. Við þær aðstæður skal endurgreiðsla fara fram innan 21 dags frá skilum viðkomandi skýrslu en sé endurgreiðslan ekki innt af hendi innan mánaðar frá lokum þess frests skal ríkissjóður greiða dráttarvexti af þeirri fjárhæð sem endurgreiða skal en aðeins frá þeim degi sem skýrslan er lögð fram til ríkisskattstjóra.

Erfitt hefur reynt að fá svör við því á hvaða lögum sé byggt við núverandi aðferð. Í raun er það ríkisskattstjóri sem setur gildisdagsetningar sem útreikningur vaxta miðast við, þegar virðisaukaskattsskýrslur eru afgreiddar. Sú aðgerð hans er þó ekki kæránleg til þess embættis og þess vegna ekki heldur til yfirs-kattanevndar, enda nær úrskurðarvald yfirs-kattanevndar lögum samkvæmt einungis til ákvörðunar skatta og gjalda samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 30/1992, um yfirs-kattanevnd og dráttarvaxtaákvörðun telst ekki falla þar undir. Í úrskurði Yfirs-kattanevndar nr. 360/2010 kemur fram að Tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi innheimtu dráttarvaxta í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur en sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum. Kröfu um niðurfellingu eða lækkun dráttarvaxta ber því að beina til tollstjóra, og eftir atvikum fjármálaráðuneytisins, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. tollstjóri og sýslumenn um land allt, hafa umsjón með álagningu vaxta vegna virðisaukaskatts. Þegar leitað hefur verið eftir skýringum og skriflegum verklagsreglum hefur til þessa orðið fátt um svör. Þó hefur fengist send frá ríkisskattstjóra skrifleg lýsing sem virðist staðfesta fyrrnefnt verklag. Þó eru engar tilvísanir í lög eða reglugerðir á þeim gögnum eða undirskrift þess sem það hefur gert. Um óformlegar verklagsleiðbeiningar fyrir starfsmenn ríkisskattstjóra virðist því að ræða.

Óformlegar skýringar frá skattyfirvöldum og innheimtumanni ríkissjóðs á verklaginu hafa verið á þann veg að eðlilegt sé að dráttarvaxtareikna að fullu aftur til gjalddaga viðkomandi virðisaukaskattstímabils ef skil eru gerð of seint á virðisaukaskatti,

enda séu slík skil lögbundin skylda skráðs aðila. Aftur á móti sé eðlilegra að vaxtareikna inneignir aðeins frá þeim tíma sem krafan um inneign er lögð fram enda sé það ekki skylda að telja virðisaukaskatt vegna aðfanga til innskatts. Réttur til inneignarvaxta hljóti að myndast þegar krafan er lögð fram af hálfu hins skráða aðila en ekki við gjalddaga viðkomandi uppgjörstímabils þegar reikningurinn vegna afhendingarinnar er dagsettur.

Ef dæmi er tekið þá þýðir þetta að ef virðisaukaskattsskýrslu er skilað vegna uppgjörstímabilsins janúar-febrúar 2012 þá var gjalddagi þess tímabils þann 5. apríl sama ár. Ef í nóvember kemur í ljós að greiða hafi átt 1.000 kr. meira á tímabilinu þá verður sú fjárhæð stofn til bæði 10% álags og dráttarvaxta frá fyrrnefndum gjalddaga tímabilsins. Ef aftur á móti um inneign er að ræða þá eru ekki reiknaðir neindir inneignarvextir nema í því tilfelli að skattstjóri dragi að afgreiða skýrsluna umfram lögboðinn frest og þá aðeins frá þeim tíma sem skýrslan var lögð fram til skattstjóra.

Eflaust má hafa um það skiptar skoðanir hvort þetta fyrirkomulag, eins og því er hér lýst, sé eðlilegt eða ekki. Þó virðast a.m.k. ein rök benda í þá átt að um ákveðið misræmi geti verið að ræða. Hér er tekið dæmi sem varpað getur ljósi á þetta misræmi:

Þegar hvert reikningsár skráðs aðila er gert upp í virðisaukaskatti og misræmi verður á bókhaldi og innsendum virðisaukaskattsskýrslum er send til ríkisskattstjóra svokölluð leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts, eyðublað RSK 10.26. Leggja ber áherslu á í þessu sambandi að samkvæmt eyðublaðinu er hægt að leggja fram kröfur um inneignir á einstaka uppgjörstímabilum jafnt og að upplýsa um skuld á öðrum. Samkvæmt verklagsreglum ríkisskattstjóra verður inneign á t.d. fyrsta tímabilinu, janúar-febrúar, til þess að álag, samkvæmt 1. mgr. 27. gr. virðisaukaskattslaga, er lækkað samsvarandi vegna skuldar sem myndast á síðara tímabili ársins. Inneignin vegna innskatts er sem sagt tekin fullgild sem krafa á viðkomandi tímabili og hefur áhrif á greiðslu og álag vegna skuldar á síðari tímabilum. Aftur á móti þegar vextir eru reiknaðir hjá innheimtumanni vegna sömu afgreiðslu skýrslunnar virðist skuldin á síðara tímabilinu mynda stofn til dráttarvaxta frá gjalddaga þess tímabils en inneignarvextir vegna inneignar á fyrra tímabilinu eru aðeins reiknaðir frá þeim degi sem leiðréttingarskýrslan er lögð fram til ríkisskattstjóra.

Annað dæmi má taka af óljósum reglum varðandi vaxtaútreikninga í virðisaukaskatti. Ef skattstjóri kallar eftir gögnum vegna inneignarskýrslu, t.d. við endurákvörðun tímabils, framlengjast



frestir hans samkvæmt lögnum til að afgreiða skýrsluna þar til gögn hafa borist frá gjaldanda. Við slíkar aðstæður verður gildisdagsetning inneignarvaxta móttökudagur umbeðinna gagna, samkvæmt fyrrnefndum óformlegum verklagsleiðbeiningum ríkisskattstjóra. Slík niðurstaða virðist á skjön við áður nefnt verklag, þar sem í raun ætti að miða við hvenær krafan um endurgreiðslu er lögð fram til skattstjóra, ef gæta á samræmis.

Auk þess má nefna að þar sem gildisdagsetningin er handvalin af ríkisskattstjóra við slíka afgreiðslu virðist í raun um ákvörðun hans að ræða hverju sinni. Orðalagið í verklagsleiðbeiningunum er t.d. „ef skattstjóra er um að kenna“ og ef gjaldanda er um að kenna“. Slíkt orðalag á væntanlega að vísa til þess að ekki sé ríkisskattstjóra um að kenna ef hann hefur kallað eftir gögnum og gjaldandi dregur að senda viðkomandi gögn til skattstofu en slíkt orðalag er einnig frekar gildishlaðið og getur hugsanlega haft áhrif á ákvörðun hans um gildisdagsetningu vegna vaxta.

Dæmi er um að ríkisskattstjóri hafi úrskurðað vegna leiðréttingar skýrslu virðisaukaskatt fimm árum eftir að mál vegna hennar hófst. Inneignin sem um var þrætt var samþykkt að lokum en gildisdagsetning inneignarvaxta var sett úrskurðardagur málsins. Í raun er um ákvörðun ríkisskattstjóra að ræða sem þó virðist ekki kæránleg til þess embættis vegna vaxtahlutans.

Að mati greinarhöfundna er það óheppilegt að lagaákvæði varðandi vexti á inneignir í virðisaukaskatti séu jafn óljós og raun ber vitni. Um verulega hagsmuni er að ræða og mikilvægt virðist að úr þessu sé bætt. Einnig er mikilvægt að verklagsreglur í opinberri stjórnsýslu séu jafnan vel sýnilegar og studdar lögum og reglum.

Kári Halldórsson

Til hamingju með afmælið - árið 2013

Helga Dögg Yngvadóttir	6.10.1983	30 ára	Hjörleifur Pálsson	28.11.1963	50 ára
Páll Daði Ásgeirsson	8.8.1983	30 ára	Konráð Konráðsson	19.2.1963	50 ára
Gunnar Sigurður Gunnarsson	14.10.1973	40 ára	María Sólbergdóttir	25.1.1963	50 ára
Helga Erla Albertsdóttir	4.5.1973	40 ára	Sigrún Ragna Ólafsdóttir	18.8.1963	50 ára
Hinrik Þór Harðarson	27.9.1973	40 ára	Sæmundur Valdimarsson	7.2.1963	50 ára
Hólmgrímur Bjarnason	13.2.1973	40 ára	Jón Kristinn Jónsson	8.2.1953	60 ára
Jóhann G. Jóhannsson	6.3.1973	40 ára	Jón Tryggvi Kristjánsson	6.4.1953	60 ára
Kjartan Arnfinnsson	21.4.1973	40 ára	Ólafur Elísson	24.7.1953	60 ára
Kristinn Freyr Kristinsson	9.8.1973	40 ára	Reynir Vignir	4.7.1953	60 ára
Kristín Margrét Sveinsdóttir	22.2.1973	40 ára	Simon Á. Gunnarsson	30.12.1953	60 ára
Lilja Brynja Skúladóttir	28.3.1973	40 ára	Stefán D. Franklín	9.2.1953	60 ára
Lúðvík Þráinsson	31.10.1973	40 ára	Sturla Jónsson	15.9.1953	60 ára
Pálína Árnadóttir	29.10.1973	40 ára	Þórhallur Björnsson	6.12.1953	60 ára
Reynir Stefán Gylfason	20.9.1973	40 ára	Ólafur Viggó Sigurbergsson	4.8.1943	70 ára
Sigurhjórtur Sigfússon	5.10.1973	40 ára	Þorsteinn Kjartansson	11.2.1943	70 ára
Unnar Friðrik Pálsson	22.9.1973	40 ára	Jón H. Runólfsson	13.10.1933	80 ára
Víðir Álfgeir Sigurðsson	11.7.1973	40 ára	Magnús Elíasson	22.7.1933	80 ára
Gerður Guðjónsdóttir	24.7.1963	50 ára	Valdimar Ólafsson	18.10.1933	80 ára
Guðmundur Hjaltason	24.10.1963	50 ára	Gunnar Zoega	7.3.1923	90 ára
Helena Hilmarsdóttir	3.2.1963	50 ára	Sigurður Stefánsson	28.6.1923	90 ára



Einyrkjar í stétt endurskoðenda og alþjóðlegir staðlar

Stefán Svavarsson er viðskiptafræðingur

Eins og lesendum er vafalaust flestum kunnugt hafa staðið yfir deilur milli einyrkja í röðum endurskoðenda og Endurskoðendaráðs um framkvæmd gæðaeftirlits sem sagt er að fari fram í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun. Ágreiningurinn lýtur fyrst og fremst að því hvort ráðið hafi umboð til þess að láta framkvæma þetta eftirlit á grundvelli gildandi laga og reglna þar sem áhöld eru um gildistöku þeirra. Ennfremur mun ágreiningur vera um það hvernig að eftirlitinu skuli staðið en sýnist hins vegar ekki vera um það hvort eftirlit í einhverri mynd eigi rétt á sér; því eru aðilar máls sammála. Af þessu tilefni langar mig til að leggja orð í belg og ræða þessi mál í víðu samhengi.

Ekki fer á milli mála að starfsumhverfi endurskoðenda hefur breyst mjög á síðustu árum. Í lögum um hlutafélög sem giltu til 1978 var að hafa eina setningu um gerð reikningsskila (!) en nú eru sérlög um viðfangsefnið. Það segir hins vegar ekki nema brot af sögunni því auk þess þurfa sumir rekstraraðilar að fara eftir regluverki/stöðlum sem telur mörg þúsund blaðsíður. Hið sama er að segja um reglur um endurskoðun. Þær voru iðulega áður óskrifaðar hefðir, enda í lögum aðeins vísað í góða endurskoðunarvenju, en nú liggja fyrir í skrifuðum stöðlum ítarleg fyrirmæli um framkvæmdina.

Þessi regluverk eiga fyrst og fremst við gagnvart rekstraraðilum á opinberum verðbréfaþingum og því ekki að sinni ástæða til að eyða fleiri orðum að þeirri framkvæmd. Hins vegar bind ég við það einhverjar vonir að ég fái innan tíðar að fjalla um það á vettvangi félagsins hvernig hinar íslensku og alþjóðlegu endurskoðunarstofur hafa túlkað alþjóðlega staðla um gerð reikningsskila og hvernig þær hafa beitt alþjóðlegum stöðlum um endurskoðun í eftirlitsstörfum sínum fyrir fjármagnsmarkaðinn og samfélagið yfirleitt.

En þá aftur að viðfangsefninu. Um áratugaskeið hefur vinna endurskoðenda fyrst og fremst verið fólgin í því að aðstoða viðskiptavinum sína við að ljúka gerð reikningsskila og skattskila í samræmi við ákvæði laga. Þessi skipan mála er ekki aðeins einkennandi fyrir íslenska endurskoðendur heldur hefur hún að verulegu leyti einnig átt við erlendis, a.m.k. í þjónustu við fyrirtæki utan verðbréfamarkaða. Þversögnin í þessari lýsingu er sú að starfið er kennt við endurskoðun þó að hún sem slík hafi lengst af ekki verið fyrirferðarmikil í starfsemi stéttarinnar. Á þessu hefur þó orðið nokkur breyting hin síðari ár með tilkomu verðbréfamarkaða á Íslandi og vaxandi skilnings á því að endurskoðun getur skipt máli fyrir íslenskt viðskiptalíf og samfélag. Það má einnig orða það þannig að þessi árin standi stétt endurskoðenda á nokkrum tímamótum; eldri vinnubrögð sem áður þóttu góð og gild láta undan fyrir herskara laga, reglna og staðla sem bæði varða afkomu- og efnahagsmælingar og framkvæmd rannsóknarvinnu á efni reikningsskila, þ.e. endurskoðun.

En hvernig var hið gamla og góða verklag? Algengast var að endurskoðendur semdu reikningsskil fyrir skjólstæðinga sína. Það þýddi að þeir voru nánast í hlutverki aðalbókara þess fyrirtækis sem unnið var fyrir. Í því fólst að fylgjast með færslu bókhalds almennt en ekki síst að ganga frá öllum lokafærslum og frágangi reikningsskila sem um leið voru einnig skattskil viðkomandi fyrirtækis. Þessari bókhaldsvinnu fylgdi að endurskoðandinn gekk úr skugga um að helstu afstemmingar lægju fyrir, svo sem eins og á bankareikningum, lánum, viðskiptakröfum, viðskiptaskuldum og öðrum efnahagsliðum eftir því sem tilefni var til. Ennfremur tók vinnan til þess að fylgjast með að skýrsluskil um sölu- eða virðisaukaskatt og launauppgjör væru í lagi og stemmdu við bækur.

Samhliða þessari vinnu var fylgst með því að rökrænt samhengi væri á milli talna í reikningsskilunum og talna á milli ára. Með öðrum orðum þá fór greiningarvinnan fram samhliða því að reikningsskilin og þar með skattskilin urðu hægt og bítandi til, en án þess að fyrir lægi formleg greining á rekstri og efnahag og öðrum tölulegum upplýsingum.

Sú vinna sem hér hefur verið lýst tók ekki aðeins til smærri viðskiptavina endurskoðenda heldur jafnvel hinna allra stærstu. Og hér gildi einu hvort um var að ræða hlutafélag í almennum rekstri, fyrirtæki í eigu opinberra aðila, sveitasjóði eða rekstur félagsamtaka ýmis konar. Eðli máls samkvæmt var einhver munur á því hversu ítarlega þessi vinna var; hjá sumum viðskiptavinum var kannski ríkari ástæða til að vera nákvæmari en hjá öðrum og sá stigsmunur leiddi þá til mismunar í áritun endurskoðenda. Í því sambandi skipti ennfremur máli hversu vel meðvituð fyrirtæki voru um þýðingu þess að hafa traust bókhald og innra eftirlit. Þau

fyrirtæki sem lögðu sig fram í þeim efnum voru líklegri til að fá endurskoðunaráritun en þau sem minna lögðu upp úr bókhaldsmálum og skipulagi sem einkennið traust innra eftirlit.

Það var mat flestra endurskoðenda á þessum tíma að sú uppgjörsvinna, sem hér hefur í stuttu máli verið lýst, hafi falið í sér eiginlega rannsóknarvinnu sem kenna má við endurskoðun. Vinnuskjöl sem endurskoðendur söfnuðu voru aðallega sundurgreining á einstökum liðum í reikningsskilunum og ýmis konar afstemmingar og minnisblöð sem fólu í sér upplýsingar sem menn sáu ástæðu til að varðveita. Jafnvel þótt flest þessara vinnuskjala hafi ekki mátt telja endurskoðunargögn samkvæmt erlendum stöðlum um framkvæmd endurskoðunar þá skapaðist hér hefð fyrir að þessi vinna væri nóg samleg fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi; ekkert benti raunar til annars.

Það var sum sé mat endurskoðenda á þessu gamla verklagi að unnt væri að árita reikningsskilin fyrirvaralaust og votta að þau gæfu glögga mynd af rekstri og efnahag, jafnvel þótt frekari vinna færi ekki fram, þ.e. rannsóknarvinnu sem kennd er við eiginlega endurskoðun. Menn töldu ekki ástæðu til þess að safna frekari sönnunum en þeim sem aflað var við bókhalds- og uppgjörsvinnuna. Það var mat manna að efni máls skipti hér meiru en ýmis formsatriði sem um margt einkenna nú gagnasöfnun samkvæmt stöðlum um framkvæmd endurskoðunar. Til dæmis að taka, hví skyldi ekki vera nóg gagnvart vottun bankainnstæðna að hafa sjálfur stemmt af alla bankareikninga og gert allar viðeigandi leiðréttingarfærslur? Menn spyrja gjarnan í þessu samhengi hvort raunveruleg bót felist í aðgerðum sem nú er kveðið á um í stöðlum um endurskoðun og taka m.a. til athugunar á innra eftirliti um meðferð handbærs fjár, sjálfstæðrar staðfestingar á viðskiptastöðu frá viðkomandi fjármálafyrirtæki, og rannsóknar á færslum fyrir og eftir lotunardag.

Vandinn er sá að jafnvel þótt þetta kunni að hafa verið þrýðileg vinna að mörgu leyti þá er framkvæmdin ekki í samræmi við staðla sem nú hefur verið ákveðið með lögum að farið skuli eftir. Þegar ný lög um endurskoðendur tóku gildi í ársbyrjun 2009 var ákveðið að orðið „endurskoðun“ væri aðeins unnt að nota með vísan til alþjóðlegra staðla. Við samþykkt þeirra laga var í engu hugað að því að íslenskt viðskiptaumhverfi hafði skamlaust komist af án þessara staðla um áratugaskeið og samkvæmt því verklagi sem að framan er lýst. Gild ástæða var þó til þess að skerpa á reglum um gerð reikningsskila og framkvæmd endurskoðunar hjá fyrirtækjum þar sem almannahagsmuna verður að gæta, svo sem eins og hjá fyrirtækjum á verðbréfaþingum og fyrirtækjum sem mynda innviði íslensks fjármálaráðs. Það er svo sjálfstætt athugunarefni hvernig til hefur tekist í því efni.

Hitt hefur ekki fengið nægilega umfjöllun en það er að ýmis önnur fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök hafa í gegnum tíðina kallað eftir einhvers konar eftirliti. Það hafa veitt bæði stærri og smærri endurskoðunarstofur og þá aðallega með skírskotun í þá tegund vinnu sem að framan var lýst. Nú bregður hins vegar svo við að stærri stofur túlka hin nýsettu lagafyrirmæli á þá lund að þessa vinnu sé ekki unnt að vinna nema í samræmi við alþjóðlega staðla um framkvæmd endurskoðunar, jafnvel þótt með þeim stöðlum hafi ekki staðið til að verja hagsmuni smærri og miðlungi stórra rekstraraðila. Minni stofurnar hafa hins vegar haldið sínu striki og veitt umbeðna þjónustu með skírskotun í góða endurskoðunarvenju, eins og hún var í eina tíð skilgreind. Afleiðingin af þessu er sú að kostnaður við þessa vinnu hefur aukist til mikilla muna hjá stærri stofunum, án þess að kaupendur þjónustunnar sjái nokkurn mun í notagildi vinnunnar fyrir sig. Það hefur annaðhvort leitt til þess að stofunum hefur verið sagt upp og leitað er til smærri endurskoðunarstofa eða að boðið er upp á þjónustu sem ekki kallar á endurskoðun.

Þetta er ekki gott ástand og miður að ekki skuli fyrirfram hafa verið hugað að stöðu endurskoðunarþjónustu fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi áður en ný lög voru sett. Vafalaust þurfti að lögleiða erlendar tilskipanir en það girti ekki fyrir að hugað væri að þörfum íslensks viðskiptalífs¹. Afleiðingar þessa birtast m.a. í ágreiningi um það hvernig endurskoðun skuli framkvæmd. Endurskoðendur á smærri stofum hafa hafnað eftirliti Endurskoðendaráðs sem að sögn fer fram til að skera úr um hvort unnið sé í samræmi við alþjóðlega staðla. Ágreiningurinn birtist einnig í því formi að óskað hefur verið eftir því að rannsókn Endurskoðendaráðs verði tekin til skoðunar hjá Umboðsmanni alþingis.

Í þessu sambandi þykir rétt að áréttta að ágreiningur um málið er ekki aðeins um það hvort alþjóðlegir staðlar hafa tekið formlega gildi, þrátt fyrir að gildistaka laganna hafi verið ársbyrjun 2009, heldur einnig að hinu hvort endurskoðun með gamla laginu, með einhverjum breytingum þó, geti ekki rúmast innan hinna alþjóðlegra staðla. Fyrirnefnda atriðið varðar það álitafni hvort alþjóðlegir staðlar sem ekki hafa verið þýddir með formlegum hætti á íslensku geti tekið gildi fyrr en því verki er lokið með sómasamlegum hætti². Miklu varðar að vel takist til í því efni og nauðsynlegt að þýðendur hafi ekki aðeins góða faglega þekkingu heldur góða tilfinningu fyrir ensku máli sem er frummálið í hvoru tveggja staðlasmíðinni, þ.e. um gerð reikningsskila og framkvæmd endur-

1. Því hefur verið haldið fram í mín eyru að það hafi ekki verið tilviljun að engir fulltrúar smærri stofa, t.d. frá AUME, áttu sæti í vinnuhópnum sem útbjó frumvarpið sem varð að lögum um endurskoðendur.

2. Svona er til orða tekið þar sem þýðing að mati undirritaðs á alþjóðlegum stöðlum um gerð reikningsskila sem og þýðing á siðareglum fyrir endurskoðendur er ekki gallalaust verk.



skoðunar. Talsverð áhöld sýnast vera um það hvort staðlarnir hafa tekið gildi og hefur í því sambandi sérstaklega verið vísað til nefndar sem skilaði álit um endurskoðendur. Þó að sú skýrsla sé ekki gallalaus hefur hún samt hvergi nærri fengið þá umfjöllun sem hún á skilið hjá félagsskap endurskoðenda eða öðrum aðilum sem ættu að láta málið sig varða. Hér eru ekki efni til að ræða þetta fyrrnefnda ágreiningssatriði frekar en bundnar við það vonir að Umboðsmaður alþingis skerir úr um málið. Þess í stað skal orðum beint að hinu ágreiningsefninu sem lýtur að hvort hið gamla verklag geti rúmast innan fyrimæla laga að óbreyttu og þá enn fremur að framkvæmd á gæðaeftirliti sem fram fer á vegum Endurskoðendaráðs.

Endurskoðun hefur ekki tilgang í sjálfu sér. Hana er aldrei unnt að skilja frá viðfangsefninu sem endurskoðunin beinist að, þ.e. reikningsskilum. Með hliðsjón af því er ljóst að mat á rannsóknarvinnu verður ávallt að skoða með hliðsjón af þeim reikningsskilum sem eru til skoðunar hverju sinni. Framkvæmd gæðaeftirlits hlýtur því fyrst og fremst að taka mið af því sem reikningsskilin sýna. Eftirlitsaðilar hljóta því að spyrja með hliðsjón af stöðlum hvaða rannsóknaraðferðir eru við hæfi með vísan til efniviðar reikningsskilanna og hvernig þeim skyldi beitt. Hitt sýnist ekki skynsamleg nálgun að hefja leikinn með staðlasettið og spyrja þann sem sætir rannsókn hvernig hann uppfyllti tiltekna staðla og athygli aldrei beint að viðfangsefninu sjálfu, þ.e. reikningsskilunum.

Snúi eftirlitsaðilar þessu á haus sýnist möguleiki á því að reikningsskilin séu röng þrátt fyrir að vinnuskjöl standist samanburð við staðla um endurskoðun. Og hið gagnstæða sýnist líka geta átt við að reikningsskilin séu rétt og í samræmi við lög/staðla um gerð þeirra en endurskoðunarvinnan ekki. Því er þetta nefnt að upplýsingar hafa borist um að vinnan hafi á stundum farið fram með þessum hætti. Eftirfarandi dæmi eru að einhverju leyti til skýringar.

Samkvæmt hinum alþjóðlegu stöðlum eru gerðar ríkar formkröfur og stundum án mikillar yfirvegna, þ.e. ekki var skoðað hvort þær eigi alls staðar við. Til að mynda er gert ráð fyrir að endurskoðendur komi fyrir í vinnuskjöllum sínum undirrituðu staðfestingarbréfi stjórnenda. Þetta bréf á uppruna sinn í Bandaríkjunum og hefur þar verið hluti af skjölum sem endurskoðendur verða að afla. Í upphafi var bréfið einungis staðfestingarbréf gagnvart skuldum, því ítrekað komu upp mál fyrir um 60 árum síðan eða svo, þar sem í ljós kom að efnahagsreikningar voru ekki tæmandi listi um skuldir. Ýmsu hefur verið bætt við yfirlýsinguna síðan. Hitt er til umhugsunar að fyrir liggur að dómstólar vestanhafs leggja ekkert upp úr þessu bréfi til staðfestingar á vinnu endurskoðenda; í því sambandi skiptir yfirlýsingin engu máli. Þess í stað hefur þetta bréf verið notað til að gera stjórnendum skýra grein fyrir ábyrgð sinni gagnvart gerð reikningsskila.

Um þá ábyrgð stjórnenda hefur iðulega verið deilt, einkum vegna þess að bandarísk lagafyrimæli voru ekki nógu skýr um málið. Sá vafi var þó tekinn af með Sarbanes-Oxley lögunum fyrir nokkrum árum þar sem kveðið er á um skyldu stjórnenda til sérstakrar yfirlýsingar sem birtist sem hluti af reikningsskilunum. Í þessu sambandi má ekki gleymast að þar í landi hefur reglusmiðin á hvoru tveggja sviðinu, þ.e. um gerð reikningsskila og framkvæmd endurskoðunar, ekki verið á hendi löggjafarþingsins heldur fagmanna í einkageiranum.

Meginreglur í Evrópu eru með öðrum hætti á hvoru tveggja sviðinu; það er hið opinbera sem setur reglurnar eða a.m.k. að undirlagi þess. Það er t.d. alveg deginum ljósara samkvæmt íslenskum lögum að ábyrgðin á gerð reikningsskila hvílir hjá stjórn og framkvæmdastjórn. Undirritun staðfestingarbréfsins hefur því við þessar aðstæður minni þýðingu en ella, eins og t.d. hér á landi. Í gæðaeftirlitinu hafa þeir sem ekki hafa aflað þessa staðfestingabréfs stjórnenda fengið alvarlegar ákúrir. Það sýnist varla vera maklegt en hitt er svo annað mál að fyrirhöfnin að afla þess er lítil og ætti því ekki að þurfa að standa í vegi fyrir ásættanlegri umsögn. Kjarni málsins er sá að formið blifur í rannsóknarvinnu eftirlitsins en efni máls er aukaatriði að því er virðist.

Þá munu einyrkjar sem sæta rannsókn fyrir vinnu sína hafa fengið alvarlegar ábendingar vegna þess að formleg skipulagning á endurskoðunarvinnunni fór ekki fram. Ekki skal um það efast að þess konar vinnubrögð eru til fyrirmyndar. Hins vegar verður að skoða nauðsyn þess að koma henni fyrir í skriflegu formi með hliðsjón af atvikum. Vanur maður þarf ekki að útbúa sérstaka áætlun um verk sín gagnvart reikningsskilum félagasamtaka sem hann þekkir til hlítar. Hann veit hvaða atriði þarfnast skoðunar og hann sér ekki ástæðu til að skrifa langan pistil um sjálfsagða hluti. Það að láta ógert að semja áætlun sýnist hins vegar vera öndvert fyrir alþjóðleg fyrimæli, en skyldu þau nú hafa verið samin með hliðsjón af því sem nauðsynlegt er gagnvart litlum félagasamtökum, kirkjusjóðum og smárekstri sem kýs að sæta endurskoðun. Varla.

Loks þykir rétt að benda á að fyrirfram prentuð eyðublöð þar sem fyllt er út í reiti með athugasemdum þess efnis að rætt hafi verið forstjórnann eða fjármálastjórnann og þeir staðfesti hinar og þessar upplýsingar í reikningsskilunum séu réttar er ekki góð „endurskoðun“, hvorki eftir gamla laginu né því nýja. Um það liggja þó fyrir upplýsingar að útfylling í slík eyðublöð hafi fleytt mönnum úr skussaflokki í gæðaflokk, þótt vinnan að öðru leyti hafi verið hin sama. Þetta vinnulag getur í vissum tilvikum verið nægilega traust, en alls ekki almennt og er þannig í engu samræmi við staðla um endurskoðunargögn. Þá er látið að því liggja að vinnuskjöl þurfi að vera í tölvutæki formi; það er mikill misskilningur á efni staðals um vinnuskjöl.

Hér skal látið staðar numið í þessari umfjöllun. Þegar allt er skoðað þá liggur fyrir að nauðsynlegt er að skera úr um lagalega stöðu alþjóðlegra staðla um endurskoðun. Hitt er líka nauðsynlegt að stétt endurskoðenda ræði hvernig rétt sé að skipa menn í það mikilvæga starf að hafa eftirlit með stéttinni og hvernig þeir eiga að starfa. Þeir sem til starfans veljast verða að vera óumdeildir og hafa bæði reynslu og þekkingu. Svo er það sjálfstætt athugunarefni hvort ekki þurfi að finna því farveg, eins og aðrar þjóðir hafa gert³, að finna leiðir til þess að lítil fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök geti fengið skilgreint eftirlit með rekstri og fjárreiðum, þó að það sé ekki fullgild endurskoðun sem ætluð er fyrirtækjum á verðbréfabingum.

Þegar allt ofangreint er skoðað þá þykir þeim sem hér ritar full ástæða til þess að gera hlé á umræddri eftirlitsvinnu, a.m.k. á meðan hvorki er sátt um lagalega stöðu alþjóðlegra staðla né framkvæmd eftirlitsvinnunnar. Frá sjónarhóli einyrkjanna, sem nú sæta auknu eftirliti, sýnist enn fremur eðilegt að spurt sé hvort hrúði á fjármálamarkaði hafi ekki gefið Endurskoðendaráðinu til efni til að beina eftirlitskröftum sínum að fyrirtækjum og einstaklingum sem unnu fyrir fjármálfyrirtækin sem illa fóru út úr þeim hamförum. Svar við þeirri spurningu væri vel þegið.

Einyrkjar í stétt endurskoðenda sem um áratugaskeið hafa sinnt íslensku viðskiptalífi vel fyrir minni rekstraraðila og félagasamtök ýmis konar eiga bággt með að skilja hvers vegna, að nýsettum lögum, áhersla sýnist lögð á eftirlit með þeim. Það eftirlit hefur meira að segja leitt til þess að Endurskoðendaráð mælti með því að félagsmaður, sem farsælllega hefur unnið fyrir viðskiptavini sína í nærfellt hálföld, yrði sviptur löggildingu þar sem eftir alþjóðlegum stöðlum um framkvæmd endurskoðunar var ekki farið fyrir smárekstraraðila. Það er ekki mikil mannleg reisn yfir þessari niðurstöðu. Ráðuneyti atvinnamála kom að vísu í veg fyrir það en ekki með mikið betri „lausn“ – skilaðu skírteininu, maður! Er nema von að menn spyrji: Er Albanía endurborin? Því sýnist nefnilega þannig farið að hinar stóru og alþjóðlegu stofur með stuðningi Félags endurskoðenda (FLE) sæta engri eða lítilli skoðun eftirlitsaðilans, rétt eins og engin tilefni hafi gefist. Þannig blasir málið við einyrkjanum í stéttinni og er þá ekki að vonum að menn mótmæli aðförinni.

En það er ekki aðeins undiröldur um störf og stétt endurskoðenda hér á landi heldur fer stóri heimurinn ekki varhluta af þeim. Það má m.a. marka af orðum Howard Davies, fyrrum forstjóra Fjármálaeftirlitsins (FSA) í Bretlandi og núverandi rektors London School of Economics (LSE) í London, eins og þau birtast í bók hans „The Financial Crisis: Who is to blame?“ og eru tekin úr kafla um endurskoðendur (e. Tunnel Vision: The Auditors) (undirstrikun greinarhöfundar):

„Overall, the somewhat depressing conclusion, from the perspective of the audit profession itself, is that audit firms did not perform a useful role in highlighting the emergence of lifethreatening risks in financial firms, but that most analysts and commentators think they are unlikely ever to do so, and that the weight that can be placed on audit opinions is not great.

The link between an unqualified audit opinion and corporate financial health is highly tenuous, at best. The conclusion reached by Sikka⁴ is that ,the current financial crisis is an opportunity to consider alternative institutional arrangements for auditing. Alternative models need not directly involve accounting firms and audits of banks could be conducted by statutory regulators. This would also improve banking regulators' knowledge of banks.' That is not an encouraging prognosis for the accounting profession.

Þessi umsögn um gagnsemi stéttarinnar erlendis er allrar athygli verð sem og tillögur um nýskipan eftirlits með fjármálfyrirtækjum þar sem endurskoðendum er hlíft við frekari vinnu. Það er kannski langt seilst en má kannski líka túlka innlend skrif á sama hátt. Nýlega skilaði áliti þriggja manna nefnd um skipan mála á fjármálamarkaði á Íslandi. Í skýrslu sem ber heitið „*Framework for Financial Stability in Iceland*“⁵ er m.a. fjallað um hvað megi verða til úrbóta til að styrkja eftirlit á fjármálamarkaði. Þar er einkum fjallað um opinberar aðgerðir en nær ekkert um stétt endurskoðenda. Það skyldi þó ekki vera að í þeirri þögn felist viðhorf til gagnsemis af störfum stéttarinnar. Eru menn í félagi endurskoðenda virkilega enn þeirrar skoðunar að engin tilefni hafi gefist til naflaskoðunar á vinnubrögðum stéttarinnar⁶?

Stefán Svavarsson

3. Um þetta efni var t.d. mikið fjallað í Bandaríkjunum á áttunda áratug síðustu aldar og merkja má af grein sem birtist í tímariti endurskoðenda (Journal of Accountancy) þar í landi 1978 og bar heitið „Unaudited, but ok“ (óendurskoðað, en samt í lagi). Hér skal enn fremur vísað til staðla um samantektarvinnu (e. compilation) og vinnu sem er kennd við að yfirfara (e. review) sem til skoðunar mætti koma. Meðal ýmissa þjóða í Evrópu hefur málið komið á ný til umræðu; þar eru nefnilega líka starfrækt lítil og miðlungi stór fyrirtæki (e. small and medium sized enterprises).

4. Prem Sikka, prófessor við Essex háskólann í Bretlandi. Hann skrifaði greinina „Financial Crisis and the Silence of Auditors“ í tímaritið Accounting, Organizations and Society (2009, vol. 34) og í hana vitnar Davies.

5. Höfundar að skýrslunni eru Gavin Bingham, Jón Sigurðsson og Kaarlo Jannari.

6. Í skýrslunni *Framtíðarskipan fjármálakerfisins* (mars 2012) eru slæg vinnubrögð endurskoðenda gerð að einum af orsakavöldum að þeim ógöngum sem fjármálakerfið rataði í, en sú umsögn er reist á erlendri skýrslu sem kennd er við Larosiere.



Skiptistörf

Ingvi Björn Bergmann er löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte ehf.

Síðastliðin tvö ár hef ég starfað við endurskoðun hjá Deloitte í Danmörku. Árið 2004 hóf ég störf við endurskoðun hjá Deloitte á Íslandi og lauk löggildingu í endurskoðun í ársbyrjun 2009. Strax í upphafi stefndi hugurinn að því að sækja enn frekari starfsreynslu innan Deloitte í gegnum alþjóðleg starfaskipti innan fyrirtækisins. Tilgangurinn með slíkum starfaskiptum er fyrst og fremst að afla sér aukinnar sérþekkingar og reynslu af alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og ekki síður að styrkja tengsl innan Deloitte á alþjóðavísu.

Það kom mér á óvart hvað í raun er einfalt fyrir endurskoðendur að hefja störf hvar sem er í heiminum, sér í lagi þegar endurskoðendur starfa innan vébanda alþjóðlegra endurskoðunar-fyrirtækja. Vinnuáferðir og aðferðafræði sem beitt er við endurskoðun er samræmd milli landa og þar af leiðandi auðvelt að stunda fagið í hvaða landi sem er. Regluverkið sem við búum við á Íslandi byggir á alþjóðlegum stöðlum og fer vinna okkar fram á þeim grunni. Sá möguleiki að geta starfað í sínu fagi á alþjóðlegri grundu er ómetanlegt tækifæri til að vaxa í starfi og öðlast dýrmæta starfsreynslu sem nýtist í framtíðinni.

Í Danmörku starfaði ég í Kaupmannahöfn í deild á endurskoðunarsviði sem sinnir eingöngu þjónustu við alþjóðleg og skráð félög í dönsku kauphöllinni. Starfsmenn deildarinnar sérhæfa sig í þjónustu við stóra viðskiptavinum og vegna stærðar er þar að finna sérfræðinga í endurskoðun ákveðinna atvinnugreina. Hjá Deloitte í Danmörku starfa um 2.400 manns og er velta fyrirtækisins um 50 milljarðar íslenskra króna. Deloitte í Danmörku er stærsta endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækið á markaðnum. Þrátt fyrir að Danir séu aðeins um 5,5 milljónir eiga þeir hlutfallslega mjög mörg öflug alþjóðleg fyrirtæki sem í grunninn byggja á því að flytja út hugvit mannauðsins á aðra markaði um víða veröld.

Ástæða þess að Danmörk varð fyrir valinu hjá mér og fjölskyldu minni var annars vegar vegna líkra menningarheima og hins vegar vegna stærðar landsins. Grunnildi samfélaganna á Íslandi og í Danmörku eru mjög svipuð sem auðveldar aðlögun. Þá er landið tiltölulega fámennt og nálægð við aðra samstarfsmenn meiri en ef unnið er í stórborgum þar sem þúsundir manna vinna á skrifstofunni. Þrátt fyrir að Danmörk teljist ekki stórt land er atvinnulífið fjölbreytt og alþjóðlegt og bíður því upp á mörg spennandi tækifæri í starfi.

Það orðspor fer víða af Dönum að þeir séu latir til vinnu og vilji ekki leggja meira á sig en nauðsynlegt er. Mín reynsla af því að vinna með Dönum er þveröfug. Sjálfsagt er þetta mismunandi milli atvinnugreina en á vertíðinni er unnið stíft. Helsti munurinn

við vinnulagið er að Danir sitja einbeittir frá morgni til kvölds. Við Íslendingar erum sveigjanlegri og finnst sjálfsagt að fara í ræktina í hádeginu, sinna einkaerindum á vinnutíma og taka góðar kaffipásur með vinnufélögnum. Þannig vinna Danir minna fram eftir á kvöldin og um helgar og ná því að samræma vinnu og einkalíf á góðan máta þegar mesta vinnuálagið er. Þegar unnið er fyrir alþjóðleg félög sem skráð eru á hlutabréfamarkaði er vinnuálagið mest í byrjun árs þegar skráð félög skila inn ársreikningum. Starfsemin var því í lágmarki yfir sumarmánuðina en mjög fá fyrirtæki láta framkvæma könnun á árshlutareikningsskilum sínum. Meginverkefni voru því tengd endurskoðun ársreikninga og öðrum tilfallandi verkefnum. Margir starfsmenn deildarinnar kjósa því að taka lengra sumarfrí í stað þess að fá yfirvinnuna greidda. Sumir eru því í um 2ja mánaða fríi yfir sumartímann, ferðast og njóta lífsins.

Þrátt fyrir að auðvelt sé að hefja störf innan endurskoðunar-geirans í öðru landi er að sjálfsögðu krefjandi að flytja til annars lands. Fyrir það fyrsta þurfti að yfirstíga tungumálaörðugleika. Gamla stúdentsprófið í dönskunni kom að takmörkuðum notum þar sem áhuginn að geta talað tungumálið var ekki til staðar á menntaskólaárunum og meira verið að haka í boxið að klára áfangann til að ljúka prófi. Þegar hópur Dana koma saman, t.d. í hádegismat, var töluð danska þrátt fyrir að einn útlendingur slæddist með í hópinn. Því var ljóst að til aðlagast samfélaginu var mikilvægt að ná tökum á tungumálinu. Minni þörf var á dönskukunnáttunni í samskiptum við viðskiptavinina þar sem um alþjóðleg fyrirtæki var að ræða og enska þeirra fyrirtækjatungumál. Börn eru aftur á móti fljót að aðlagast nýju umhverfi og náði þriggja ára sonur minn, á fáum vikum, að eignast vini og ná tökum á tungumálinu. Þegar við fluttum aftur til Íslands síðastliðið sumar var hann meiri Dani en Íslendingur. Þá reyndi enn frekar á aðlögunarhæfni fjölskyldunnar því stuttu eftir flutninginn eignuðumst við annan son. Að búa erlendis er hollt og gott fyrir alla og víkkar sjóndeildarhringinn. Tengslanetið í nýju landi er takmarkað og samverustundir fjölskyldunnar því meiri. Fyrir vikið verður fjölskyldan samheldnari þar sem allur frítími er nýttur í samverustundir án utanaðkomandi áreitis.

Eftir veru mína erlendis við störf í endurskoðun myndi ég hvetja alla sem hafa áhuga og tök á slíku að slá til og láta drauma sína rætast. Að starfa innan alþjóðafyrirtækis eins og Deloitte er í raun gullið tækifæri til að eiga möguleika á að starfa á öðrum mörkuðum og nýta og miðla þekkingu innan greinarinnar.

Ingvi Björn Bergmann



PITON / SÍA

MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

Stefna okkar er skýr:

Við erum banki atvinnulífsins.

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.

Verið velkomin í banka atvinnulífsins.

FYRIRHUGAÐIR VIÐBURÐIR 2013

Félag
löggitra
endurskoðenda

DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	ÁÆTLAÐAR EININGAR
9. jan.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Prófnefnd	1
17. jan.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Verðmat óskráðra félaga	3
18. jan.	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skattamál	4
6. feb.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
21. feb.	Málþing	Grand hótél	Málþing	Útboðsmál	3
6. mars	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
21. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Skattamál	2
3. apríl	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
11. apríl	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Reikningskil	3
12. apríl	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
8. maí	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
16. maí	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Endurskoðun - gæðamál	2
5. júní	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
29. ágúst	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	
3. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf	5
4. sept.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
19. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
20. sept.	Reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningskil	4
2. okt.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
17. okt.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
31. okt.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
1. nóv.	Haustráðstefna	Grand hótél	Ráðstefna - vinnustofur	Fjölbreytt	4
1. nóv.	Aðalfundur	Grand hótél	Félagsfundur	Innri mál FLE	2
6. nóv.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Óákveðið	
19. nóv.	Notendaping	Grand hótél	Málþing	Descartes	2
4. des.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Almennt	
5. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3

FLE stefnir að því að bjóða upp á u.þ.b. 50 endurmenntunareiningar árið 2013.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á www.fle.is